


Bændablaðið

21. tölublað 2024 • Fimmtudagur 21. nóvember • Blað nr. 668 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Í Fjárborg í Reykjavík eru tæplega 180 vetrarfóðraðar kindur í ellefu fjárhúsum. Jóhanna Eldborg Hilmarsdóttir, Guðmundur Gunnarsson og Kristófer Freyr Guðmundsson eru meðal fjáreigenda, en í lok árs 2020 keyptu þau saman fjárhús og eru með 23 kindur. Þau höfðu lengi látið sig dreyma um að fara í búskap en sáu sér ekki fært að flytjast búferlaflutningum af höfuðborgarsvæðinu. – *Sjá nánar á síðum 33–34.* Mynd / Ástvaldur Lárusson



## Brauðtertur

Menningararfleifðin sem á alltaf við, hvort sem er í skírnarveislum eða jarðarförum. Sumir velja einnig að gæða sér á henni hversdagslega. Íslandsmeistaramót í brauðtertugerð fór fram á dögunum.

**– 26 –**



## Vegvísir

Loftslagsvegvísir bænda er kynntur til sögunnar. Losun frá landbúnaði er skilgreind og í vegvísinum má finna þær aðgerðir sem lagt er upp með.

**– 20 –**

# Undanþágan dæmd ólögmæt

**Óvissa er uppi um framhald samruna og hugmynda Kaupfélags Skagfirðinga (KS) um hagræðingu í fyrirkomulagi slátrunar og kjötvinnslu.**

Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu að nýlega samþykktar undanþáguheimildir frá samkeppnislögum, sem heimila kjötafurðastöðvum að sameinast og hafa tiltekið samráð sín á milli, stríði gegn stjórnskipunarlögum og hafi því ekki lagagildi.

Dómurinn varðaði synjun Samkeppniseftirlitsins á kröfu heildverslunarinnar Innnes um íhlutun vegna háttsemi framleiðendafélaga. Kröfunni var synjað á þeim grundvelli að ekki væri lengur á valdsviði eftirlitsins að grípa til íhlutunar vegna heimilda sem settar hefðu verið með breytingarlögunum. Innnes byggði málatilbúnað sinn á því að breytingarlögin brytu gegn 44. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að ekkert lagafrumvarp megi samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi.

„Eðli málsins samkvæmt eru breytingar gerðar á frumvörpum, enda er það tilgangurinn með því að hafa þrjár umræður um frumvarp áður en það verður að lögum. Hins vegar er ekki kýrskýrt samkvæmt lögum hversu viðamiklar breytingarnar megi vera áður en um annað frumvarp sé að ræða," segir Katrín Pétursdóttir, lögfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands.

Málið fékk flýtimeðferð fyrir héraðsdómi. Dómurinn lýsi afstöðu til breytingarlaganna sem stjórnskipulegs álitaefnis. „Til að taka allan vafa af málinu hefði verið réttast samkvæmt dómnum að fara með breytingartillöguna sem nýtt mál og hefja þrjár umræður um það á ný," segir Katrín.

### *Stöðvi allar aðgerðir*

Samkeppniseftirlitið hefur sent kjötafurðastöðvum og samtökum þeirra bréf þar sem þeim er tilkynnt að samkeppnislög gildi nú fullum fetum um samstarf og samruna kjötafurðastöðva, en lögin banna samruna án undangenginnar umfjöllunar eftirlitsins. Í bréfinu er því beint til kjötafurðastöðva að þær stöðvi þegar í stað hvers konar aðgerðir sem farið geta gegn samkeppnislögum og stofnast hefur til á grundvelli undanþáguheimildanna. Þá eru þær beðnar að varðveita allar upplýsingar og gögn sem varpa ljósi á alla háttsemi sem tengjast samruna eða samstarfi á grundvelli þeirra. Þá er þeim, sem og öllum hagsmunaaðilum öðrum, gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sem kunna að nýtast nú í framhaldi og er þeim gefinn frestur til mánudags til þess.

### *KS fer að tilmælum*

Ekki liggur fyrir hvort Samkeppniseftirlitið muni áfrýja málinu til Hæstaréttar en að mati Samtaka fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) er nauðsynlegt að það verði gert. Samtökin hafa sent Samkeppniseftirlitinu bréf þess efnis, sem nálgast má á vef SAFL. Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, segir niðurstöðu héraðsdóms koma mjög á óvart. „Sérstaklega í ljósi þess að matvælaráðherra tók það skýrt fram þegar hún mælti fyrir frumvarpinu að þingið skyldi gera þær breytingar sem talin væri þörf á að gera til að styðja við markmið laganna. Niðurstaðan skapar mikla réttaróvissu og ég tel óhjákvæmilegt að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar til að eyða henni svo fljótt sem auðið er."

Undir það tekur Sigurjón R. Rafnsson, aðstoðarkaupfélagsstjóri KS og stjórnarformaður SAFL. „Það liggur fyrir að ekki verður haldið áfram meðan óvissuástand ríkir en við, eins og flestir aðrir sem hafa tjáð sig, erum að vona að Samkeppniseftirlitið áfrýi dómnum. Að sjálfsögðu verður farið að tilmælum eftirlitsins og við undirbúum svar til þeirra þar sem okkur er gefinn kostur á að koma okkar sjónarmiðum á framfæri."

Frá því undanþáguheimildirnar voru samþykktar í apríl hefur KS keypt Kjarnafæði Norðlenska og einnig liggur nú fyrir samþykkt kauptilboðs KS í sláturhús og kjötvinnslu B. Jensen. Síðastliðinn miðvikudag kynntu forsvarsmenn KS hugmyndir fyrirtækisins að breyttu fyrirkomulagi slátrunar og kjötvinnslu á Norðurlandi. */ghp*

***– Sjá nánar á síðu 2.***

## Ákvörðun felld úr gildi

Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu að nýlega samþykktar undaþáguheimildir frá samkeppnislögum, sem heimila kjötafurðastöðvum að sameinast og hafa tiltekið samráð sín á milli, stríði gegn stjórnskipunarlögum og hafi því ekki lagagildi.

Matvöruheildsalan Innnes krafði Samkeppniseftirlitið (SKE) um inngrip vegna háttsemi framleiðendafélaga í júlí á þessu ári. Kröfunni var synjað á þeim grundvelli að ekki væri lengur á valdsviði SKE að grípa til íhlutunar gagnvart háttsemi framleiðendafélaga vegna heimilda sem settar hefðu verið með breytingarlögunum. Innnes byggði málatilbúnað sinn á því að breytingarlögin brytu gegn 44. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að ekkert lagafrumvarp megi samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi.

„Málsnúmerið hlaut vissulega þrjár umræður en breytingar á frumvarpinu í þinglegri meðferð hafi verið svo umfangsmiklar að nýtt frumvarp hafi í raun litið dagsins ljós án fullnægjandi umræðna. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar gerðar á frumvörpum, enda er það tilgangurinn með því að hafa þrjár umræður um frumvarp áður en það verður að lögum. Hins vegar er ekki kýrskýrt samkvæmt lögum hversu viðamiklar breytingarnar megi vera áður en um annað frumvarp sé að ræða," segir Katrín Pétursdóttir, lögfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands. Málið fékk flýtimeðferð fyrir héraðsdómi. „Í dómnum segir að úrlausnarefni þessa máls reyni fyrst og fremst á stjórnskipulegt gildi laganna sem fólu í sér breytingar á búvörulögum. Óumdeilt er að lagasetningin komi í veg fyrir að SKE myndi bregðast við erindi Innnes um að láta málefni framleiðendafélaga til sín taka í samræmi við heimildir SKE skv. samkeppnislögum." Dómurinn lýsi afstöðu til breytingarlaganna sem stjórnskipulegs álitaefnis og tekur mið af dómaframkvæmd um breytingar á lagafrumvörpum. „Einnig endurspeglar hann mikilvægi þess að Alþingi fylgi skýrum reglum við setningu laga til að tryggja réttaröryggi. Til að taka allan vafa af málinu hefði verið réttast samkvæmt dómnum að fara með breytingartillöguna sem nýtt mál og hefja þrjár umræður um það á ný," segir Katrín.

Í dómnum segir að áskildum fjölda umræðna samkvæmt stjórnarskrá var ekki náð. „Sú breyting sem gerð var á búvörulögum og samþykkt á Alþingi var ekki sett á stjórnskipulegan hátt þar sem hún stríðir gegn stjórnarskrá og hefur af þeim sökum ekki lagagildi. Breyting þessi stendur þannig ekki í vegi fyrir því að SKE taki erindi Innnes til úrlausnar í samræmi við lögbundið hlutverk sitt samkvæmt samkeppnislögum." /ghp

Kjötafurðastöðvar:

# Fyrirhugaðar breytingar voru á sláturfyrirkomulagi og kjötvinnslu



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Þórarinn Óli Rafnsson, sauðfjárbóndi á Staðarbakka, er varamaður í stjórn Kaupfélags Vestur-Húnvetninga. Mynd / Aðsend

**Áður en Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóm boðaði Kaupfélag Skagfirðinga (KS) töluverðar breytingar á fyrirkomulagi slátrunar og kjötvinnslu á Norðurlandi. Hugmyndir KS gengu út á að hætta sauðfjárslátrun á Hvammstanga og á Blönduósi. Þá liggur fyrir samþykkt kauptilboð milli KS og eigenda sláturhússins og kjötvinnslunnar B. Jensen í Hörgársveit.**

Fjölmenni var á opnum kynningarfundi sem stjórn Kaupfélags Vestur-Húnvetninga svf. (KVH) boðaði til vegna hugmynda um breytingar á sláturfyrirkomulagi og kjötvinnslu á Norðurlandi í félagsheimilinu Ásbyrgi miðvikudaginn 13. nóvember sl. Sigurjón R. Rafnsson, aðstoðarkaupfélagsstjóri KS og Reimar Marteinsson, fulltrúi rekstrarstjórnar KS, kynntu þar fyrirhugaðar breytingar.

„Efni fundarins á Laugarbakka, annað en það að tala um hagsmunamál bænda almennt, var að kynna hugmyndir sem ganga út á að hætta sauðfjárslátrun á Hvammstanga og á Blönduósi. Samhliða því verði aukin verkaskipting milli staða á Norðurlandi og fjölgað verði um heilsárstörf á Hvammstanga um að minnsta kosti 15 stöðugildi og að þar verði kjötvinnsla með að lágmarki 25 heilsárs stöðugildum. Engin ákvörðun hefur verið tekin um annað en þetta, enda ekki hægt fyrr en niðurstaða í samtali eigenda Sláturhúss KVH ehf. um ofangreindar tillögur liggur fyrir," segir Sigurjón í svari við fyrirspurn en Sláturhús KVH ehf. er í helmingseigu KS og KVH.

„Frá haustinu 2020 hefur afurðaverð fyrir dilkakjöt frá sauðfjársláturhúsum meira en tvöfaldast og hafa sauðfjárbændur sannarlega haft þörf fyrir það. Hækkunin umfram verðlag á þessu tímabili er yfir 60 prósent. Óhagræði sláturhúsa hefur á sama tíma aukist en fjöldi slátraðra dilka á árinu 2017 var yfir 40 prósent meiri en nú í haust. Fjöldinn var um 404 þúsund dilkar nú en var um 573 þúsund haustið 2017. Það er trú okkar að ef ekki verði gengið í hagræðingaraðgerðir strax sé líklegt að verð til bænda hækki ekki á næsta ári og þurfi jafnvel að lækka til að forðast mikinn taprekstur. Við lítum á það sem skyldu okkar að tala fyrir nauðsynlegri hagræðingu með hagsmuni bænda og neytenda að leiðarljósi," segir Sigurjón.

### *Bóndi vill meiri upplýsingar*

Félagsmenn samvinnufélagsins KVH voru 395 í árslok 2023. Þórarinn Óli Rafnsson, sauðfjárbóndi á Staðarbakka í Miðfirði, situr í varastjórn félagsins en hann er einnig formaður Félags sauðfjárbænda í Vestur-Húnavatnssýslu.

„Menn voru alveg búnir að búa sig undir einhverjar hagræðingar en þessar hugmyndir eru svolítið drastískar, en svo má alvega segja á móti að ef öll þessi slátrun kemst í tvö hús þá er það klárlega hagræðing," segir Þórarinn, en samkvæmt hugmyndum sem kynntar voru á fundinum mun sauðfjárslátrun á Norðurlandi færast til Húsavíkur og á Sauðárkrók.


Sigurjón Rúnar Rafnsson.

Sláturhús KVH slátraði rúmlega 78 þúsund dilkum í haust en sláturhús SAH afurða rúmlega 63 þúsund. Alls var 404.672 dilkum slátrað hér á landi í haust, mest hjá Sláturfélagi Suðurlands (SS), eða um 85 þúsund, og um 80 þúsund hjá KS á Sauðárkróki.

Þórarinn segir að lokun sláturhúsanna yrði högg fyrir sauðfjárbændur í Vestur-Húnavatnssýslu.

„Umfram allt verður þetta skerðing á þjónustu og minni fyrirsjáanleiki. Mér fannst í raun vanta meiri kynningu á þessum kynningarfundi. Við fengum engin svör við því hvernig slátrunin er fyrirhuguð, hvernig niðurröðun á dögum er hugsuð. Eins og þeir stærstu hérna sem hafa verið að senda 150–200 lömb í hverri viku. Þurfa þeir að koma með allt á tveimur dögum núna? Það er fyrirséð að það verður flókið að púsla öllu svæðinu saman."

Hann segist gera sér grein fyrir því að hagræðingar er þörf en hefði viljað fá nánari útlistanir á væntanlegu fyrirkomulagi. „Þegar maður fær ekki að vita nema brotabrot miðað við það sem eðlilegt er fer maður í þann fasa að vera tortrygginn. Við fáum aðeins útlínur en ekkert meir og þá fara menn að geta í eyðurnar. En eins og dæmið var sett upp þá eru ekki neinir aðrir kostir í stöðunni nema að samþykkja þetta – eða hafna þessu og fara þá á hausinn," segir Þórarinn.

Boða þarf til fundar innan KVH vegna væntanlegra breytinga. „Mér finnst voðalega erfitt að mæta á fund fyrir hönd sveitunga minna og greiða atkvæði um tillöguna svona eins og hún liggur á borðinu."

Sláturhús KVH ehf. er sem fyrr segir í helmingseigu KS og KVH. Fjöldi ársverka eru milli 30–40 en um tíu manns hafa verið þar í fullu starfi og yfir 100 manns í sláturtíð. Árið 2023 skilaði félagið tæpum 70 milljóna kr. afkomu og var 15 milljónum ráðstafað í arð til hluthafa.

### *Samþykkt kauptilboð í B. Jensen*

Á kynningarfundinum ræddu forsvarsmenn KS hugmyndir þess efnis að stórgripaslátrun á Norðurlandi færi fram í sláturhúsi B. Jensen við Lónsbakka í Hörgárssveit.

Sigurjón segir að fyrir liggi samþykkt kauptilboð milli KS og eigenda B. Jensen um allt hlutafé í B. Jensen. „Áreiðanleikakönnun er í gangi. Stefnt er að því að kaupsamningar verði kláraðir á allra næstu vikum. Á meðan er ekki hægt að segja meira um það mál."

B. Jensen í Hörgársveit var fjölskyldufyrirtæki, stofnað 1968. Hjónin Erik Jensen og Ingibjörg Stella Bjarnadóttir hafa rekið fyrirtækið frá árinu 1998. Í viðtali við Bændablaðið í nóvember í fyrra er sagt frá fyrirhugaðri stækkun húsakosts B. Jensen um 1.000 fermetra sem auka átti vinnslugetu frá 60–80 tonnum á mánuði í 150–200 tonn.


Fjölmenni var á opnum fundi KVH á Laugarbakka þar sem fulltrúar KS kynntu hugmyndir um breytingar á sláturfyrirkomulagi og kjötvinnslu á Norðurlandi. Mynd / Aðsend




GERUM
MEIRA
TOYOTA HILUX
HILUX
Gerðu allt sem þú vilt með Toyota Hilux.
Verð frá: 8.990.000 kr.
KINTO langtímaleiga. Verð frá: 221.000 kr. á mánuði.
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
7
3+4 ÁBYRGÐ
3
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



Þetta er kýrin Bleik sem hefur mjólkað mest allra kúa á Íslandi. Mynd Pétur Friðriksson

# Bleik slær Íslandsmet

**Kýrin Bleik 995 á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd hefur mjólkað mest allra íslenskra kúa.**

Bleik er í eigu Péturs Friðrikssonar og er hún á fimmtánda vetri. Hún hefur mjólkað samtals 114.731 kíló á ævinni. Það var ljóst við uppgjör afurðaskýrslna októbermánaða. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins greinir frá.

Bleik er fædd 14. ágúst 2009, undan Grana 1528871-0982 Hersissyni 97033 og Stássu 873 Stássadóttur 04024. „Bleik bar sínum fyrsta kálfi 31. október 2011 og hefur borið ellefu sinnum síðan þá, eða alls tólf sinnum, nú síðast 12. ágúst sl. Mestar afurðir á ári hingað til eru 10.372 kg árið 2016 en mestu mjólkurskeiðsafurðir 13.078 kg á því fimmta og næstmestar á ellefta mjólkurskeiði, eða nákvæmlega 12 þús. kg," segir í frétt RML.

Eldra Íslandsmet í æviafurðum átti Mókolla 230 á Kirkjulæk sem mjólkaði 114.635 kg á sínu skeiði. Aðeins níu íslenskar kýr hafa mjólkað meira 100.000 kíló á ævinni. */ghp*



Alls fengu 28 nautgripabændur nýliðunarstuðning. Mynd /smh

# Aldrei fleiri umsóknir um nýliðunarstuðning

**Matvælaráðuneytið hefur úthlutað nýliðunarstuðningi í landbúnaði fyrir árið 2024.**

Metfjöldi umsókna barst, eða alls 95, þar af 47 frumumsóknir og 48 framhaldsumsóknir.

Nýliðunarstuðningurinn var fyrst veittur árið 2017, en markmiðið með honum er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti. Til úthlutunar nú voru kr. 171,5 milljónir króna og rann sú upphæð til bænda sem koma að rekstri 75 búa; þar af fengu 28 umsækjendur stuðning í nautgriparækt sem aðalbúgrein, 27 í sauðfjárrækt, fimm garðyrkjubýli, fimm hrossabú og tíu bú með blandaðan búrekstur ýmissa búgreina.

Hámarksstyrkur getur numið allt að 20 prósent af fjárfestingakostnaði til hvers nýliða en þó að hámarki níu milljónir króna. Leyfilegt er að veita stuðning til sömu fjárfestingar í allt að þrjú ár eða þar til hámarkinu er náð. */smh*




## Kuldatíð:

# Skráð heildartjón rúmur milljarður

## – Þörf á 300 milljónum til að mæta kaltjóni

**Skráð heildartjón vegna kuldakasts og annars óvenjulegs veðurfars á árinu er rúmur milljarður króna á 375 búum.**

Fulltrúar Bændasamtaka Íslands og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins voru í starfshópi matvælaráðuneytisins sem mat tjón bænda af þessum völdum.

Skráð kaltjón eru á 123 búum. Bjargráðasjóður annast afgreiðslu þeirra umsókna og er mat sjóðsins að þörf sé á 300 milljónum alls til að mæta tjóninu með sambærilegum hætti og síðast þegar stórfellt kaltjón varð veturinn 2019–2020.

Honum hafa þegar verið tryggðar 200 milljónir í aukið fjármagn úr ríkissjóði til að veita styrki vegna kaltjóna. Í skoðun er hjá stjórnvöldum hvort tryggja megi sjóðnum þær 100 milljónir sem upp á vantar til að mæta kaltjónum sérstaklega með því að nýta fjárheimildir sjóðsins auk viðbótarfjármagns.

***Tillögum um stuðningsaðgerðir skilað í desember***

Viðbragðshópur skipaður fulltrúm matvælaráðuneytis, Bændasamtaka Íslands, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Almannavarna tók til starfa í júní. Í kjölfarið var ráðist í vinnu við að skrá umfang tjóns bænda umfram það sem stuðningskerfin gera ráð fyrir.

Starfshópur stjórnvalda var svo skipaður fyrr í þessum mánuði til að fara yfir tjón bænda vegna óvanalegs veðurfars fyrr á árinu og gera tillögur um útfærslu og umfang stuðningsgreiðslna. Hefur hann það hlutverk að fara nánar yfir skráningarnar og gera tillögu að stuðningsaðgerðum sem ætlað er að skilað verði til matvælaráðherra núna í desember.



Stórtjón varð á túnum víða við Eyjafjörð.

***Um 47 prósent af heildartjóni er í sauðfjárrækt***

Í tilkynningu stjórnvalda frá 13. nóvember kom fram að kuldatíð síðasta vor og kalt sumar með fáum sólarstundum ollu búsifjum víða um land. Tjón hafi orðið á búfénaði vegna kuldakasts, sáning spilltist vegna mikillar bleytu og foks með tilheyrandi uppskerubresti, auk þess sem kaltjón varð á túnum. Þá leiddu óvenjufáar sólarstundir til hærri raforkukostnaðar hjá garðyrkjubændum.

Í upplýsingum frá matvælaráðuneytinu kemur fram að af þeim rúma milljarði af áætluðu heildartjóni vegna kuldakastsins séu 47 prósent í sauðfjárrækt, aðallega vegna minni afurða og dauðra gripa.

Afurðatjón sé litlu minna í garðyrkju, einkum vegna ónýtrar kartöfluuppskeru og annars útiræktaðs grænmetis, eða 46 prósent af heildinni. Þá standa eftir sjö prósent sem rekja megi til kostnaðar við endursáningar í jarðrækt og dauðra nautgripa og hrossa.

***Fyrirframgreiðsla upp í væntanlegan kaltjónsstyrk***

Samkvæmt upplýsingunum úr matvælaráðuneytinu gátu bændur sem urðu fyrir hvað mestu kaltjóni sótt um og hafa fengið fyrirframgreiðslu upp í væntanlegan styrk. Það hafi verið gert til þess að koma til móts við fóðurskort og kostnað við endurræktun túna sem féll til strax í vor.

Sjóðurinn annist afgreiðslu umsókna og úttektir vegna þeirra. Uppgjör styrkja fari fram í upphafi næsta árs, þegar uppskera ársins 2024 liggur endanlega fyrir sem og fóðurþörf vetrarins. Fyrirframgreiðslur komi þá til frádráttar við uppgjör. */smh*

# Kjötmjöl og kúamykja betri áburðargjafi á eldri tún

**Bræðurnir Ísak og Logi Jökulssynir á Ósabakka á Skeiðum gerðu áburðartilraunir þar sem blanda af kjötmjöli og kúamykju var notuð á tún, samanborið við tilbúinn áburð.**

Raunin varð sú að blandan gefi betri uppskeru af eldri túnum en tilbúni áburðurinn. Tilraunin fór fram árin 2022 og 2023. Logi segir þannig ljóst að kjötmjölsblandan virki verr á nýrækt en tilbúni áburðurinn og sömuleiðis tilbúni áburðurinn verr á eldri tún en kjötmjölsáburðurinn.

***Tilbúni áburðurinn töluvert verri á eldri tún***

„Í raun virkar tilbúinn áburður verr á eldri túnum heldur en kjötmjölið, hver sem ástæðan er þá var miklu hentugra að dreifa kjötmjöli á gamla túnið okkar frekar en nýræktina þar sem kjötmjölið gaf meiri heildaruppskeru yfir sumarið," segir Logi.

„Á nýræktinni gaf tilbúni áburðurinn töluvert meiri uppskeru og var ódýrasta uppskeran á hektara en munurinn var minni í seinni slætti sem bendir til þess að áburðaráhrifin voru enn til staðar og munu líklega vera það enn lengur. Það er ekki alveg sanngjarnt að bera saman uppskeru eftir notkun á tilbúnum áburði og lífrænum áburði á einu ári því það tekur svo langan tíma fyrir næringarefnin í lífræna áburðinum að brotna niður í tiltæk form fyrir plöntur."



Blanda af kjötmjöli og kúamykju í dreifingu. Enginn marktækur munur var á gæðum uppskerunnar samanborið við tilbúinn áburð. Mynd / Aðsend

***Kjötmjölið gaf hæstu gildin***

Logi segir ekki marktækan mun á gæðum uppskerunnar eftir áburðargjöfunum. „Enginn augljós munur sást í efnagreiningu heysýna allra útfærslna. Það var augljóst mynstur að sjá þegar efnainnihald jarðvegs úr öllum útfærslum var sett í töflu en þar var sú útfærsla sem fékk mesta kjötmjölið með hæsta gildið af næringarefnunum P, K, Ca, Mg, Na og Zn.

Kúamykjan og kjötmjölið blandaðist vel saman þótt ferlið væri óþjált. Engin vandamál komu upp í dreifingu á blöndunum með slöngubúnaðinum en mykjan var líka frekar þunn, eða um 3,5 prósent þurrefni.

Við viljum ekki endurtaka þessa tilraun því nota þurfti allt of mörg tæki og allt of margt fólk eins og þetta var gert hjá okkur. Þrjá traktora þurfti og einn lyftara og þrjá til fjóra starfsmenn. En með bættum búnaði væri hægt að auðvelda ferlið heilmikið. Heimildir benda til að hægt sé að bæta jarðveg með reglulegri notkun og áburðarblöndunni." */smh*

*– Sjá nánar á bls. 42.*

MINNI
ÖFGAR
MEIRI
FRAMSÓKN

# Áframhaldandi Framsókn fyrir land og þjóð

framtíðin ræðst á miðjunni — xB — framtíðin ræðst á miðjunni

**SAGA FRAMSÓKNAR ER SAMTVINNUÐ FRAMFÖRUM UM LAND ALLT**

**Lækkum vexti og matarskatt og styðjum við verðmætasköpun.** Tryggjum áfram jafnt og tímanlegt aðgengi að heilbrigðisþjónustu og fjölbreyttri menntun. Styrkjum innviði og eflum atvinnulíf.

**Næsta ríkisstjórn mun gera nýja búvörusamninga sem taka gildi 1. janúar 2027.** Þeir verða að byggja undir betri lífskjör til sveita. Til þess verður rödd Framsóknar að vera sterk inná þingi.



Framsókn

xb.is

# Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** **thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## Kjöt og kosningar

**Eftir nokkra daga mun þjóðin velja þá sem sitja á Alþingi næstu fjögur ár. Kosningabaráttan hefur verið lífleg, nokkuð hefur verið um áhugaverð útspil og umræðan jafnvel svolítið bíræfin.**

Stór úrlausnarefni bíða nýrra alþingismanna á málasviði landbúnaðar. Þeir þurfa eflaust að taka afstöðu til næstu skrefa varðandi undanþágur kjötafurðastöðva til samruna og samvinnu. Þá sér í lagi að skoða starfshætti þingsins ofan í kjölinn til að koma í veg fyrir að lögin sem þau setja verði ekki að ólögum. Áhugavert verður að fylgjast með hvernig leyst verður úr þeirri óvissu sem nú er uppi hjá kjötafurðastöðvum en prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík sagði í viðtali við Vísi að ekki væri útilokað að ríkið hafi bakað sér mögulega skaðabótaskyldu gagnvart fyrirtækjunum.

Þá liggur fyrir að móta þurfi styrkjakerfi landbúnaðarins strax á næsta ári og ákveða þar með hvernig starfsumhverfi landbúnaðar verður til framtíðar. Það er ekkert smáverkefni og mikilvægt að þeir sem halda á stjórnartaumum hafi viðtækan skilning á þessari grunnatvinnugrein landsins.

> Búgreinar landbúnaðar eru ellefu talsins [...] og tilheyrir sauðfé einni þeirra ...

Kosningapróf geta verið skemmtileg dægradvöl. Fyrir óákveðna kjósendur geta slíkar kannanir haft áhrif á viðhorf kjósenda bæði til framboða og málefna. Vefsíðan Kjóstu rétt býður upp á eitt slíkt próf sem Vísir endurbirtir á sinni síðu. Þar eru settar fram staðhæfingar sem þátttakandi metur hvort hann sé sammála eða ósammála, mjög eða ekki og hversu mikilvægt tiltekið mál kann að vera. Út frá svörum sínum fær þátttakandi svo speglun á hvaða framboð eiga best við skoðanir hans. Á vef Kjóstu rétt er, auk prófsins, hægt að lesa sig til um áherslur stjórnmálaflokka í tilteknum málefnum, s.s. byggðarmálum, skattamálum og umhverfismálum.

Lítil áhersla er lögð á landbúnaðarmál í stefnuskrám stjórnmálaflokka ef marka má það sem þar kemur fram. Landbúnaður er nefndur undir atvinnumálum og loftslagsmálum hjá Framsókn, Viðreisn, Pírötum og Vinstri grænum. Sauðfjárrækt er ekki nefnd sérstaklega neins staðar og ég hef ekki orðið vör við neinar umræður um þá búgrein sérstaklega.

Því kemur á óvart þegar mæla á hversu vel afstaða þess, sem tekur kosningaprófið, rímar við stefnu stjórnmálaflokka í landbúnaðarmálum. Það er m.a. gert með því að kalla fram viðbrögð við eftirfarandi staðhæfingu: *„Hið opinbera ætti að leysa vanda sauðfjárbænda vegna búvörusamninga með fjárframlögum.“*

Nú verð ég að viðurkenna að ég skil ekki setninguna. Hvaða vanda eiga sauðfjárbændur við að etja vegna búvörusamninga? Ég hef ekki séð neinn flokk setja málefni sín gagnvart landbúnaði fram á þennan hátt en samkvæmt upplýsingum frá stofnanda prófsins eru spurningarnar *„unnar í samstarfi við fólk úr háskólanum og þeim er svarað beint af flokkunum sjálfum“.*

Í öllu falli er einföldunin gríðarleg. Búgreinar landbúnaðar eru ellefu talsins samkvæmt Bændasamtökum Íslands, og tilheyrir sauðfé einni þeirra. Viðfangsefnin sem heyra undir málaflokkinn eru því ansi víðtæk.

Í þessu tölublaði má nálgast allmargar aðsendar greinar frambjóðenda ólíkra stjórnmálaflokka þar sem þeir tiltaka áherslur sínar í málefnum landbúnaðar og landsbyggðar. Þar er ánægjulegt að lesa sig nánar til um hugmyndir og stefnur framboða til þessa lykilmálaflokks.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.*



Birta er arfhrein með T137 breytileikann, undan Björk frá Reykjum og Teiti frá Sveinsstöðum. Mynd / Aðsend

### Sauðfjárrækt:

## Breytileikinn T137 verði viðurkenndur sem verndandi

**Formlegt erindi liggur nú í matvælaráðuneytinu þar sem óskað er eftir því að arfgerðarbreytileikinn T137 verði viðurkenndur sem verndandi gegn riðuveiki í sauðfé.**

Erindið var sent í nafni bændahópsins „Breiðvirkt riðuþol strax“, stutt áliti alþjóðlegs vísindateymis sem hefur unnið að víðtækum riðurannsóknum á Íslandi frá 2021. Markmið vísindamannanna er að fá þessa viðurkenningu einnig hjá Evrópusambandinu.

***Aldrei fundist riðusmituð kind með T137***

Í erindinu kemur fram að breytileikinn sé hvað mest rannsakaður af þeim breytileikum sem skilgreindir eru sem mögulega verndandi í Landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárriðu. Staðfest sé í umfangsmiklum rannsóknum á raunverulegum riðuhjörðum, í smittilraunum og í tilraunaglasi, að breytileikinn veiti afar sterka mótstöðu gegn riðusmiti. Aldrei hafi fundist riðujákvæð kind með T137 breytileika, hvorki á Íslandi né í öðrum löndum þar sem T137 er talsvert algengara en hér á landi.

Í dag sé talsvert meira vitað um T137 en vitað var um R171 (ARR) breytileikann þegar Evrópusambandið ákvað að innleiða ræktunarstefnu sína gegn riðuveiki á grunni þess breytileika.

Niðurstöður alþjóðlega rannsóknarteymisins, þar sem innanborðs séu leiðandi riðusérfræðingar, bendi ótvírætt til þess að mótstaða T137 gegn riðuveiki á Íslandi sé eins sterk og á Ítalíu, þar sem breytileikinn sé algengur. „Þar með opnast gríðarlega mikilvægir möguleikar til að byggja þolræktun gegn riðu á talsvert breiðari grunni en eingöngu á þeim örfáu gripum, sem fundust upphaflega með R171 (þótt Þernunes sé ekki lengur eina uppspretta R171). Íslenski sauðfjárstofninn býr yfir óvenjumiklum erfðafræðilegum fjölbreytileika, sem hefur vakið athygli á heimsvísu. Ræktunarstefna sem byggir á fáum gripum, stefnir þessum fjölbreytileika í voða; til dæmis getur verið mjög erfitt að losna aftur við erfðagalla sem kunna að tengjast þessum gripum.“

***Innleiðing án þess að tapa fjölbreytileikanum***

Fram kemur í erindinu að T137 hafi þegar fundist í níu hjörðum á Norður- og Austurlandi og rannsóknir hafa leitt í ljós að engin erfðatengsl eru á milli T137-gripa þessara hjarða.

Allir grunnlitir hafi fundist hjá gripum með breytileikann, einnig kollótt, hyrnt og ferhyrnt fé. Þessir gripir séu því talsvert líkari íslenska fjárstofninum sem heild en R171-gripirnir og dreifist um allan stofninn. Því sé hægt að innleiða T137 mjög hratt, án þess að tapa fjölbreytileikanum.

Til að auka útbreiðslu T137 samhliða R171 – og þar með auka riðuþol stofnsins sem hraðast – sé lykilatriði að íslensk stjórnvöld og matvælaráðuneytið skilgreini T137 sem verndandi breytileika sem fyrst. Bregðast þurfi hratt við þar sem fengitíminn sé fram undan.

Erindið var sent fyrir um mánuði síðan og bíður ráðuneytið nú umsagna fagaðila; Landbúnaðarháskóla Íslands, Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Matvælastofnunar.

/smh

### Átakshópurinn „Breiðvirkt riðuþol strax“

Ásta F. Flosadóttir, Höfða, Grýtubakkahreppi
Björn Ólafsson, Krithóli, Skagafirði
Guðfinna Harpa Árnadóttir, Straumi, Hróarstungu
Gunnar Þórarinsson, Þóroddsstöðum, Hrútafirði
Halldór Pálsson, Súluvöllum, Vatnsnesi
Jón Árni Magnússon, Steinnesi, Þingi
Karólína Elísabetardóttir, Hvammshlíð, Norðurárdal
Matthildur Hjálmarsdóttir, Oddsstöðum, Hrútafirði
Ólafur Magnússon, Sveinsstöðum, Þingi
Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Laugum, Reykjadal
Snorri Snorrason, Stóru-Hámundarstöðum/Krossum, Árskógsströnd







Rauður braggi er húsnæði sveitabúðarinnar Unu, áður í eigu bandaríska setuliðsins og því frá miðri 20. öld. Myndir / sp



Magnús Haraldsson og Rebekka Katrínardóttir eru eigendur Unu. Mynd / Aðsend

## Hvolsvöllur:

# Sveitabúðin Una

**Hjónin Rebekka Katrínardóttir og Magnús Haraldsson hafa rekið sveitabúðina Unu nú á sjöunda ár. Þar má finna handunnar íslenskar vörur, minjagripi og matvæli.**

Sveitabúðin Una er fjölskyldurekið fyrirtæki. Ívar Örn, bróðir Rebekku, stendur vaktina með þeim hjónum, en þau fá aðstoð aðra hvora helgi.

Rebekka segir þau bjóða upp á kjöt Beint frá býli, frosið á veturna en ferskt á sumrin, kjöt frá Danmörku er einnig að finna, auk þess sem um 150 manns úr sveitinni gera vörur sem þau hjónin selja svo í versluninni. Þar má finna einstaklega mikið og fallegt úrval sem gaman er að kynna sér; leikföng, prjónavarning, loðfeldi, bækur, ritföng og margt fleira. Að auki selja þau vörur fyrir verslanirnar As we Grow, Feld og Farmers Market, sem eru vel þekkt á landsvísu. Í nóvembermánuði er iðulega útsala á bókum og svo tekur jólabókaflóðið við í desember.

„Við erum annars með sérstaklega gott úrval af lopapeysum hérna," segir Rebekka kímin. „Ég held að ég geti meira að segja fullyrt að hér fáist stærsta úrval á landinu enda ótal margar konur að prjóna fyrir okkur og því hönnunin á alla vegu. Allir finna eitthvað fyrir sig. Við reynum svo, með allar vörurnar, að velja afar vel hvað kemur hingað inn og leggjum áherslu á að bjóða upp á fallegar gæðavörur sem nýtast sem flestum."

Hún tekur fram að þau leggi sig fram við að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna, hægt sé að hafa samband og panta það sem hugurinn girnist, þau sjái þá um það ferli. Einnig njóta viðskiptavinir Matlands góðs af því að geta sótt vörur sínar í verslunina, en Rebekka hafði samband við Tjörva Bjarnason, eiganda Matlands, og stakk upp á að hann hefði útibú í versluninni hjá sér. Samvinnan gengur vel og hægt að panta ýmislegt sem kemur þá í kassa í verslunina.

„Við reynum í alla staði að halda verðlaginu í lágmarki enda erum við öll neytendur og skiljum mikilvægi þess að það rjúki ekki upp úr öllu valdi," segir Rebekka, en hjá þeim er opið alla virka daga á milli klukkan níu til sex, til hálfsex á laugardögum og hálffimm á sunnudögum. */sp*



Fallegir handprjónaðir vettlingar eftir Vigdísi.




Kjöt frá Laugardalshólum.



Skemmtilegar lundateikningar.



Notalegar hosur og annar prjónavarningur.



Loðhúfur í miklu úrvali.



Fallegir rúnasteinar.



Mikið úrval fyrir yngstu kynslóðina.



Ýmiss konar feldir eru freistandi.




Krækiberja-, chili- og bláberjasultur.



Ennisbönd og vettlingar frú Pálínu.

## Vísnahornið

Senn líður að kosningum. Einhvern tímann hefði landsbyggðarfólki ekki líkað þessi tímasetning. Vart heyrast orðið vísur frá þingmönnum. Það má kalla afturför:

*Betra væri þetta þing*
*og þrasað heldur minna,*
*væri engan Vestfirðing,*
*í vorum hópi að finna.*

Þetta sagði **Skúli Guðmundsson** eitt sinn, en hann sat lengi á þingi. Skúli gekk berhöfðaður sem ekki líkaði öllum á þeirri tíð, en kom til þings 1940 með yfirvaraskegg. **Bjarni Ásgersson**, þingmaður Mýramanna, orti þá:

*Skúli yrði alþjóð hjá*
*í æði háu mati,*
*ef hann skipti í skyndi á*
*skeggi og höfuðfati.*

Skúli svaraði að bragði:

*Bjarni af ýmsum öðrum ber,*
*þó ekki líki konum*
*þessi galli, að það er*
*ekkert skegg á honum.*

Þegar tvær Svanhildar unnu á skrifstofu Alþingis orti Bjarni:

*Alltaf vekur veiðihug*
*að vaða í fuglageri.*
*Skortir mig þó skap og dug*
*að skjóta í Álftaveri.*

Um sósíalista fyrri tíma orti **Sigmundur Guðnas.** í Hælavík:

*Sósar hafa svartan topp*
*á sínum stjórnar skalla.*
*Þeir klæða sig í hvítan slopp*
*og kjassa í blindni alla.*

Í þingveislu svaraði **Jón Pálmason**, vísu **Gísla Sveinssonar**, þingmanns Skaftfellinga. Gísli orti í landshlutametingi:

*Sunnlendinga sigur vís*
*sig mun ávallt herða;*
*þeir sem búa yst við ís*
*undirlægjur verða.*

Jón á Akri svaraði fullum hálsi:

*Brekkur sækja aldrei á*
*þótt yfirlæti kunni,*
*-Sunnlendingar sveima á*
*sálarflatneskjunni.*

**Stefán Jónsson** fréttamaður sat á þingi líka og orti í orðastað Jóns:

*Ævi mín var eintómt grín,*
*einkum væri ég rakur.*
*Blessuð sértu sveitin mín,*
*sérstaklega Akur.*

Ei gleymist **Hjálmar Freysteins**. sem orti um fjölhæfni þingmanns:

*Hefur margt til brunns að bera,*
*brögðóttur og fylginn sér*
*og minnisgóður má hann vera*
*að muna í hvaða flokki hann er.*

Halldór Blöndal, forseti Alþingis, vítti Össur Skarphéðinsson fyrir framíköll. Hjálmar orti þá:

*Sýndi enga sáttfýsi,*
*sífellt var að gala,*
*meðan Halldór háttvísi*
*hugðist sjálfur tala.*

Hjálmar orti af vissu tilefni um skjól og skjólleysi:

*Á eyjunni Tortóla ytra*
*er endalaust logn og sól.*
*Þar er þurrkur og hlýja,*
*þar er öruggast skjól.*

*Og auðvitað geymir enginn*
*í úrhellisregni og hríð,*
*auð sinn í ónýtu húsi,*
*austur í Jökulsárhlíð.*

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
*mhalldorsson0610@gmail.com*


Bárður.

# Tveir nýir feldhrútar á sæðingastöð

**Eins og nýlega hefur verið greint frá hér í blaðinu er feldfjárrækt nú komin inn í Fjárvís og í nýútkominni Hrútaskrá má finna tvo nýja „feldhrúta“ sem komnir eru á sæðingastöð.**

Árni Brynjar Bragason, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir að hrútarnir séu ólíkir.

„Annar þeirra, Silfurprúður, kemur úr gamalgrónu ræktuninni á Melhól og dæmdist mjög vel sem lamb, feldlega séð,“ útskýrir Árni.

„Hinn heitir Bárður, en hann er aftur afrakstur sæðinga síðustu ára utan V-Skaft. Fæddur á Bjarnahöfn á Snæfellsnesi þar sem feldfjárrækt hefur aðeins verið reynd en faðir hans er fæddur hjá Ólafi Helga Ólafssyni, frístundabónda í Ólafsvík, sem aðeins er að prófa þessa ræktun líka.“


Silfurprúður.

„Þessi stöðvarhrútur var síðan seldur sem haustlamb að Glitstöðum í Norðurárdal þar sem hann hefur verið að gefa ótrúlega góð feldgæði þó hann sé aðeins 63 prósent af feldfjárættum. Hann er tekinn inn á stöð núna til að fá nýtt blóð að hluta og þá ekki síst hugsaður til nota fyrir stærstu hjarðir feldfjár á Suðurlandi,“ segir Árni enn fremur um Bárð.

Hrútaskráin er nú aðgengileg á vefnum, hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, þar sem hægt er að fá ítarlegri upplýsingar um þessa tvo tvo nýju feldhrúta.

/smh

Ölfus:

# Skipuleggja lóðir fyrir súrefnisframleiðslu

**Sveitarfélagið Ölfus hefur auglýst nýtt deiliskipulag fyrir lóðina Laxabraut 31 við Þorlákshöfn.**

Samkvæmt því er lóðinni skipt upp í sjö hluta, eina stóra lóð og sex minni og í auglýsingu er sagt að lóðirnar henti vel fyrir súrefnisframleiðslu þar sem landeldisfyrirtæki rísi hvort sínum megin við lóðirnar.

„Ferli súrefnisframleiðslu felur í sér að notast þarf við háa turna þegar súrefni er aðskilið frá öðrum gastegundum. Í ljósi þess er heimilt í skipulaginu að reisa mannvirki sem geta verið allt að 55 m á hæð,“ segir í auglýsingunni.

Haft var eftir Páli Marvini Jónssyni, framkvæmdastjóra þekkingarsetursins Ölfus Cluster í Bændablaðinu í september, að tvö fyrirtæki hafi leitað til þeirra og rætt möguleikann á að byggja upp súrefnisframleiðslu á svæðinu. Samkvæmt heimildum eru það fyrirtækin Linde Gas og Veldix.

Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss þann 30. október sl. og verður til kynningar á bæjarskrifstofunni. Hægt verður að senda ábendingar eða athugasemdir til sveitarfélagsins til 19. desember.

/ghp





Flytja þurfti alla kjúklinga úr Grindavík þegar bærinn var rýmdur fyrir rúmu ári síðan. Mynd / ál

# Kjúklingar aftur í Grindavík

**Reykjagarður hf. hefur endurvakið kjúklingarækt í Grindavík eftir ellefu mánaða hlé. Starfsemin stöðvaðist í kjölfar jarðhræringa.**

Svanur Ingi Sigurðsson leigir Reykjagarði kjúklingahúsin og sér um eldið fyrir þeirra hönd. Hann segir að fyrsti hópurinn hafi verið sendur í sláturhús síðastliðinn föstudag eftir að hafa verið í eldi frá því um miðjan október. Þá stendur til að tveir eldishópar fari í slátrun í næstu viku.

***Hefur þurft að nota varaafl***

Eldið hefur að mestu gengið vel eftir að starfsemin var endurvakin. Rafmagnið fór hins vegar af í rúman sólahring og var allur vélbúnaður knúinn áfram af varaafli á meðan. Þá brást hitaveitan í nokkra klukkutíma og þurfti að kynda húsin með varaofnum.

Þegar Grindavík var rýmd þann 10. nóvember á síðasta ári voru fuglar í húsunum. „12. nóvember þurftum við að fara hér inn í bæinn með samþykki dýralækna og lögreglustjóra á Suðurnesjum til þess að koma fuglunum í burtu,“ segir Svanur. Allir fuglarnir fóru að Ásmundarstöðum í Ásahreppi og stóðu kjúklingahúsin í Grindavík tóm þangað til í október. Á hverjum tíma geta verið fimmtán til sextán þúsund fuglar í eldi hjá Svani.

***Húsin skekktust í látunum***

„Það er allt í lagi ef það gýs ef það kemur ekkert nálægt þessu dæmi,“ segir Svanur, en kjúklingabúið er innan varnargarða. Ef hraunstreymið fer í átt að bænum gæti þurft að rýma kjúklingahúsin aftur. Hann segir að rýming sé hörkuvinna en ekkert ólíkt því og þegar kjúklingunum er safnað saman í búr til að aka með þá í sláturhús.

Húsnæðið varð fyrir nokkru tjóni í jarðhræringunum og hefur hann nýtt undanfarna mánuði til að koma öllu í stand. „Það sprungu gólf og skekktust aðeins húsin í þessum látum þannig að hurðir voru stífar og sumar opnuðust ekki,“ segir hann. Svanur hefur jafnframt sett stærri eldsneytistank á ljósavélina til þess að geta knúið húsin á varaafli í minnst viku ef eitthvað kemur upp á.

/ál

Lambakjötsframleiðsla:

# Meiri ásetningur og sala líflamba ástæða samdráttar

**„Ekki þarf að koma á óvart að lömbum sem koma til slátrunar hafi fækkað þetta mikið á undanförnum árum, enda hefur afkoma sauðfjárbænda ekki verið til samræmis við kjör annarra stétta í landinu.“**

Þetta segir Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands. „Aftur á móti hefur mikið áunnist síðustu tvö haust í leiðréttingu á afurðaverðinu,“ bætir hann við.


Lambakjötsframleiðslan dróst saman um 340 tonn.

***Framleiðsluvilji stjórnast af afkomu***

Sagt var frá því í forsíðufrétt í síðasta Bændablaði að um 340 tonna samdráttur hafi verið í lambakjötsframleiðslu í ár miðað við á síðasta ári.

„Hluti af þessum samdrætti í ár er afleiðing af slæmu tíðarfari í vor og sumar sem leiðir af sér meiri ásetning,“ segir Eyjólfur og vísar til þess að talsvert hafi borið á því að bændur hafi misst lömb vegna óveðursins.

„Eins var eitthvað um meiri sölu líflamba í haust þar sem bú sem nýlega þurftu að fella allan bústofn vegna riðuveiki voru að taka gripi aftur eftir fjárleysi,“ útskýrir Eyjólfur.

„Við sjáum þegar fjárfjöldatölur liggja fyrir í lok árs hvort við horfum á samdrátt aftur á næsta ári eða svipaða framleiðslu, gæði gróffóðurs og magn heyfengs er víða breytilegt eftir sumarið.

Það mun hafa áhrif á frjósemi og fjölda fæddra lamba næsta vor nema bændur hugi strax að viðbótarkjarnfóðri á næstu vikum samhliða fengitíma.

Ég hef á tilfinningunni að við séum að spyrna okkur frá botninum og framleiðslan ætti að geta aukist frá og með árinu 2026 en bendi þó á að framleiðsluvilji bænda mun ætíð stjórnast af afkomu greinarinnar.“

***Neytendur vilja sitt kindakjöt***

Þegar Eyjólfur er spurður um hvort hækkandi vöruverð á markaði sé í einhverjum tengslum við minni framleiðslu, segir hann að horfa verði til þess að verð sauðfjárafurða á markaði hafi ekki fylgt almennu verðlagi undanfarin ár þar til hækkanir náðust á síðasta ári.

„Eðli framboðs og eftirspurnar markaða er þó alltaf að leita jafnvægis, en ég hef ekki skynjað að neytendur séu að snúa baki við kindakjöti – þeir vilja það áfram á matardiskinn sinn enda hafa rannsóknir einnig sýnt að verðteygni kindakjöts er talsverð.“

/smh

VÉLFANG – VERKIN TALA

CLAAS

# 11 góðar ástæður til að velja CLAAS ARION 400 dráttarvél



**Allt í einni hendi:**
ELECTROPILOT stjórnstöngin er ekki bara fyrir ámoksturstækjavinnuna, þú stýrir einnig vökvasneiðum og einnig eru fimm forritanlegir hnappar til taks.

**Loftfjaðrandi sæti:**
Grammer Dual Motion-sætið er með loftfjöðrun, sætishitara, fram/aftur fjöðrun og höfuðpúða sem færist til hliðar þegar ökumaður þarf að sjá aftur fyrir sig.





**Frábært útsýni:**
Með PANORAMIC ökumannshúsinu er full yfirsýn yfir vinnuumhverfi og ámoksturstæki.



**Kraftmikill mótor:**
Fjögurra strokka FPT-mótorinn allt að 155 hestöfl – meira en nokkur önnur vél í þessum stærðarflokki.






**Lýsing:**
Með allt að átta LED vinnuljósum breytist vinna í skammdegi í bjartan dag.



**Auðvelt viðhald:**
Öllum kælum er hægt að halla fram svo að auðvelt sé að komast að til að sinna þrifum og viðhaldi.



**Kúplingsfrí gírskipting:**
Hvort sem þú velur QUADRISHIFT (16+16) eða HEXASHIFT (24+24) getur þú skipt um gír án þess að kúpla eða þá haft vélina sjálfskipta með QUADRACTIV/HEXACTIV.



**Snjall akstur:**
Með SMART STOP virkar bremsan einnig sem kúpling, mjög gagnlegt við allar aðstæður.



**CLAAS = Þægindi:**
Eins og alltaf býður CLAAS upp á frammúrskarandi þægindi. Húsfjöðrun er staðalbúnaður og fjaðrandi framhásing valbúnaður.



**Öflugt vökvakerfi:**
Með allt að 4 vökvaúttökum og með stærstu vökvadælunni allt að 150 l/min flæði tiltækt!

**Kælihólf:**
Undir farþegasætinu er kælihólf með rými fyrir 1,5 lítra flösku og snarl.



Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri



Starfsstöð Nesbúeggja á Vatnsleysuströnd.

Nesbúegg:

# Lán að ekki fór verr

**Um sex þúsund varphænur drápust í eldsvoðanum sem varð í eggjabúi hjá Nesbúeggjum á Vatnsleysuströnd aðfaranótt 17. nóvember.**

Að sögn Stefáns Más Símonarsonar framkvæmdastjóra hefur tjónið ekki verið metið til fulls, en þó sé vitað að ef reisa ætti sambærilegt hús og þarna brann myndi það kosta um 150 milljónir. Þar liggi langstærsti hluti hins fjárhagslega tjóns, en síðan sé tjónið á varphænunum sem sé meira tilfinningalegt.



Stefán Már Símonarson.

Stefán telur að um 15 prósent af þeim varphænum sem voru á starfsstöðinni á Vatnsleysuströnd hafi drepist en fyrirtækið er þar með sex samliggjandi hús sem tengjast starfseminni. „Það var í raun mikið lán að ekki fór verr, en í þessu húsi sem brann var skilgreint brunahólf sem hélt og því horfum við ekki upp á mun verra tjón,“ segir Stefán.

Hann segir ekki alveg ljóst hvernig staðið verði að því að endurreisa þann hluta framleiðslunnar sem brann. „Það er hin vegar klárt að við munum koma sambærilegum fjölda fugla fyrir í nýju eða gömlu húsnæði með einhverjum hætti áður en langt um líður því við viljum halda áfram að keyra okkar bú á fullum afköstum,“ segir Stefán og bætir við að gera megi ráð fyrir að sex þúsund varphænur skili um 100 tonnum eggja á hverju ári.

Nesbúegg eru með starfsemi á þremur öðrum stöðum á landinu og eru næststærsti eggjaframleiðandi landsins á eftir Vallá. /smh

# Heildargreiðslumark 152 milljón lítrar

**Framkvæmdanefnd búvörusamninga leggur til við matvælaráðherra að heildargreiðslumark mjólkur árið 2025 verði 152 milljón lítrar.**

Framkvæmdanefndin fundaði miðvikudaginn 13. nóvember síðastliðinn þar sem hún samþykkti samhljóða tillögu um hækkun greiðslumarks um hálfa milljón lítra miðað við greiðslumark ársins 2024. Tillagan kemur frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði og byggir fyrst og fremst á áætlaðri neyslu mjólkurvara á innanlandsmarkaði á árinu 2025 og stöðu og vænta þróun birgða mjólkurvara á sama tíma, að því er fram kemur í fundargerð framkvæmdanefndar búvörusamninga.



Að lokinni afgreiðslu nefndarinnar fer breytingin formlega fram með reglugerðarbreytingu sem tekur gildi um áramótin. /ghp






Orkugerðin í Flóanum. Myndir / smh

Orkugerðin:

# Tók við dýraleifum af öllu höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi

## – Tilraunasendingar til Yara í Noregi

**Kjötmjölsverksmiðjan Orkugerðin í Flóanum náði að taka við öllum sláturúrgangi og dýraleifum sem fellur til úr sláturhúsum og í kjötvinnslum á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu nú í haust.**

Að sögn Ólafs Wernerssonar, framkvæmdastjóra Orkugerðarinnar, er það í fyrsta skiptið sem það tekst en eftir stækkun nú í vor hefur afkastageta verksmiðjunnar verið aukin umtalsvert. Í október gat því verksmiðjan tekið á móti um 1.385 tonnum í stað um 800 tonna sem hún áður náði að afkasta.

*Tvöföld framleiðsla*

„Þetta umframmagn þurfti áður að keyra til urðunar í Álfsnesi,“ segir Ólafur. Hann segir að áhugi á notkun kjötmjölsins til áburðar á ræktarlönd sé svipaður og verið hefur – mætti hins vegar vera meiri – en magnið sem sé í boði hafi nærri tvöfaldast. Það sé núna verkefni hjá þeim að reyna að glæða áhuga bænda á því að nota kjötmjölið. „Við bendum á að tilraunir bænda hafa sýnt fram á að hægt sé að spara innkaup á tilbúnum áburði með því að nota kjötmjölið til dæmis í blöndum með kúamykju í ákveðnum tilvikum,“ segir hann.

„Við sendum svo fyrir skemmstu gám til Yara í Noregi sem vill prófa að nota þetta í áburðarframleiðsluna sína fyrir bændur í lífrænum búskap. Mér skilst að þetta sé hugsað aðallega til markaðssetningar fyrir kornbændur.

*Kjötmjölið helst verið notað til landgræðsluverkefna*

„Hugmyndin er að ef það viðskiptasamband gengur upp þá sendum við jafnóðum út eftir þörfum en liggjum ekki með lager af kjötmjöli,“ heldur Ólafur áfram. „Ef það kemur pöntun innanlands framleiðum við sérstaklega fyrir hana með því hráefni sem við getum safnað á hverjum tíma. Þannig að ef einhver pantar 100 tonn, þá fær viðkomandi bara næstu 100 tonn úr framleiðslunni, sem tekur kannski tvær vikur að framleiða.



Ólafur Wernersson, framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar.

Við megum ekki geyma hráefnið lengi og framleiðum því yfirleitt innan sólarhrings eftir að það berst til okkar,“ segir Ólafur, en kjötmjöl er helst notað til landgræðsluverkefna í dag.

*Breytingar á reglum um dreifingu*

Hömlur hafa verið á dreifingu á kjötmjöli á Íslandi, þannig að því hefur þurft að dreifa á ræktarlönd fyrir 1. desember á hverju ári sé ætlunin að nytja þau næsta vor til beitar eða fóðurframleiðslu. Ólafur segir þessar reglur hafa haft áhrif á nýtingarmöguleika kjötmjölsins sem áburðargjafa.

„Hins vegar hafa nýlega verið gerðar breytingar á þessari reglugerð þannig að í raun verður kjötmjölið skilgreint sem áburður og dreifing á því leyfð að vori með skilyrðum. Til dæmis ef blandað hefur verið í það kalki til dæmis eða öðrum efnum sem gerir það óhæft til fóðurnotkunar. Við erum nú með það í undirbúningi að koma okkur upp búnaði til íblöndunar,“ segir Ólafur. /smh

# Afleysing ekki fáanleg

## – Kúabóndi segir erfitt að komast í veikindaleyfi

**Axel Páll Einarsson, kúabóndi á Syðri-Gróf í Flóahreppi, þurfti að fara í aðgerð vegna brjóskloss og segir hægara sagt en gert að fá afleysingu. Skilmálar tryggingaverndar setja bændum þröngar skorður.**

Axel Páll rekur kúabúið með Elísabetu Thorsteinsson, eiginkonu sinni. Hann fékk brjósklos í sumar og þurfti að fara í aðgerð í október. Hann fékk skýr fyrirmæli um að hann mætti eingöngu sinna auðveldum verkum í fjórar vikur á meðan hann væri að jafna sig eftir aðgerðina.

*Vinnutíminn fælir frá*

Hjónin gerðu mikla leit að starfsmanni sem gæti hlaupið í skarðið, en varð ekkert ágengt fyrr en á fjórðu viku veikindaleyfis Axels Páls. Afleysingamaðurinn sem þau fengu stundar nám við Fjölbrautaskólann á Suðurlandi og hefur tíma aflögu vegna verkfalls kennara. Hann auglýsti þjónustu sína á Facebook og sóttust fjölmargir bændur eftir að ráða hann.



Axel Páll Einarsson og Elísabet Thorsteinsson, kúabændur á Syðri-Gróf.

Þangað til voru vinir og vandamenn fengnir til þess að létta undir, en mest allt verkefnaálagið hefur lent á Elísabetu. „Hún fer á fætur klukkan hálf sex á morgnana og skríður upp í rúm klukkan átta á kvöldin,“ segir Axel Páll.

Hann segist skilja af hverju það sé erfitt að ráða afleysingafólk í skamman tíma, en vinnutíminn við mjaltir kvölds og morgna er ekki aðlaðandi vegna þess los sem verður á deginum milli mála. Hann kallar eftir því að komið verði upp fyrirkomulagi þannig að fólk gæti haft fullt starf af afleysingum í landbúnaði. Það gæti þá sinnt öðrum störfum milli mjalta og skipst á að taka kvöld og morgunmjaltir.

*Staðgengilstrygging nýtist ekki*

Félagsmenn Bændasamtaka Íslands (BÍ) eiga rétt á staðgengilstryggingu sem á að standa undir launakostnaði við afleysingar. Þegar Axel Páll hafði samband við BÍ var viðmótið jákvætt og honum tjáð að hann ætti rétt á að sækja um bætur í gegnum samning BÍ við Sjóvá.

Skilmálum trygginganna fylgi hins vegar miklar skorður sem hafa orðið til þess að Axel Páll hefur ekki getað nýtt sér þær. Þar er til að mynda kveðið á um að sá tryggði þurfi að vera óvinnufær í að minnsta kosti þrjá mánuði af völdum veikinda eða slysa. Hámark endurgreiðslunnar frá tryggingafélaginu er 350.000 krónur á mánuði og bendir Axel Páll á að verktaki á meðallaunum væri ekki marga daga að tæma þann sjóð. /ál

can-am®

# OUTLANDER 650 MAX XU+ SEXHJÓL
# KLÁR TIL AFGREIÐSLU FYRIR ÁRAMÓT

UPPFÆRÐ OG REISTARI
TWIN-TUBE FJÖÐRUN

T3B
GÖTUSKRÁNING



NÝ TERRACROSS
26" DEKK

NÝJI 4-LOK 100%
FRAMLÁSINN

VERÐ: 3.215.000 KR. + VSK

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

# Hlaðvarp um landbúnað í aðdraganda kosninga

**Áherslur framboða í málefnum tengdum landbúnaði er umræðuefni hlaðvarpsins „Á hlaðinu“ sem Samtök fyrirtækja í landbúnaði gefur út.**




„Við höfum fundið fyrir miklu ákalli frá þeim sem starfa í landbúnaði og tengdum störfum eftir aukinni umfjöllun um landbúnaðarmál fyrir kosningarnar,“ segir Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði og þáttastjórnandi.

Þættirnir eru fimm talsins en í hverjum þætti koma fram fulltrúar tveggja stjórnmálaflokka sem bjóða fram til alþingiskosninga 30. nóvember næstkomandi.

„Í þáttunum eru fulltrúar flokka spurðir um stefnu síns flokks, áherslur í tengslum við búvörusamninga, tollamál og fleira,“ segir Margrét. Fyrsti þátturinn fór í loftið á þriðjudag og verða þeir gefnir út jafnt og þétt í þessari viku og þeirri næstu.

„Það hefur verið ánægjulegt að setjast niður og ræða málin á meiri dýpt en hefur kannski verið það sem af er kosningabaráttunni. Með þáttunum viljum við varpa skýrara ljósi á afstöðu flokkanna til þeirra mála sem brenna á landbúnaðinum,“ segir Margrét.

Þættirnir „Á hlaðinu“ eru aðgengilegir á heimasíðunni safl.is og á öllum helstu hlaðvarpsveitum.

*/ghp*

# Svipuð mjólkurframleiðsla

**Á fyrstu tíu mánuðum ársins hefur verið framleitt 85,6 prósent af heildargreiðslumarki landsins í mjólk. Hlutfallið er það sama og á sama tíma og í fyrra.**



Heildargreiðslumark ársins 2024 er 151,5 milljón lítrar og hafa verið lagðar inn rétt tæplega 130 milljón lítrar. Þegar mjólkurframleiðsla áranna 2023 og 2024 eru borin saman er framleiðslan afar svipuð. Heldur meira var þó framleitt á fyrri hluta ársins 2024 en á fyrra ári en framleiðslan hefur verið undir fyrri framleiðslukúrfu síðustu þrjá mánuði samkvæmt upplýsingum frá Auðhumlu. Lægsta vikulega mjólkurinnlegg á árinu var í viku 42 þegar lögð var inn 2,65 millj. lítra en hefur aukist aftur í hverri viku síðan. Alla jafna er lægsta mjólkurinnlegg hvers árs í vikum 41–44.

Alls hafa 59 mjólkurframleiðendur á starfssvæði Auðhumlu klárað greiðslumark sitt og eru farnir að leggja inn umframmjólk. Þessir framleiðendur hafa lagt inn um 1,5 millj. lítra umfram greiðslumark sitt. Á sama tíma í fyrra höfðu 55 mjólkurframleiðendur lagt inn 1,6 millj. lítra umfram greiðslumark.

*/ghp*






Þegar vel gengur klippir Baldur Stefánsson allt að 35 kindur á klukkutíma. Mynd / Aðsend

## Sauðfjárrækt:

# Haustrúningur í fullum gangi

## – Gengur best ef ærnar eru passlega saddar

**Baldur Stefánsson, rúningsmaður frá Klifshaga í Öxarfirði, klippir tólf til þrettán þúsund kindur á hverju ári.**

Starf rúningsmanna afmarkast mest við tvær tarnir. Haustrúningur hefst þegar líða tekur á október og klárast í byrjun desember. Vetrar- og vorrúningur byrjar í febrúar og stendur fram í apríl. „Ég hef verið að byrja í kringum 20. október,“ segir Baldur. Tíðarfarið ræður miklu hvenær törnin byrjar, en á mildum haustum er féð tekið seinna á hús sem seinkar rúningi.

Misjafnt er hvort bændur rýja ærnar einu sinni eða tvisvar á ári. Þeir sem hafa aðgang að fjörubeit eða aðstöðu til að láta kindurnar ganga við opið allan veturinn láta sér oft nægja að klippa ærnar einu sinni um miðjan vetur. Eftirsóknarvert getur verið að klippa tvisvar til að fá ull af sem mestum gæðum. Haustrúningurinn skilar þá af sér bestu ullinni að því gefnu að snoðið hafi verið klippt að vori.

### *Þarf að vera úthvíldur*

Að jafnaði klippir Baldur 200 til 250 kindur á fullum vinnudegi frá átta á morgnana til sex á kvöldin. Hann segir þetta mátulegt magn til þess að ofgera ekki skrokknum. „Ef vel gengur er ég að miða við að klippa frá 30 upp í 35 kindur á klukkutíma í haustrúningi. Svo er ég fljótari á vorin þegar ég er að taka snoðið,“ segir Baldur, en þá er ullin á kviðnum og í klofinu skilin eftir.

Í byrjun dags segir Baldur að sé mikilvægt fyrir rúningsmann að vera úthvíldur og vel upp lagður. Þá skiptir máli að vera í hreinum fötum ásamt því að vera með klippur og búnað í góðu lagi. Þegar hann mætir á verkstað stillir hann klippunum upp á þrifalegum stað í fjárhúsunum þar sem er góð lýsing og hægt að hengja upp gormarólu. Rúningsklippurnar eru knúnar af rafmagnsmótor sem er hengdur í loftið. Úr honum kemur barki eða stangir sem færa aflið í handfang sem er með kamb og hníf.

Í tilfelli Baldurs er alltaf einhver fulltrúi frá bænum sem sér um að leggja kindurnar og ganga frá ullinni en sumir rúningsmenn eru með svokölluð fellibúr og geta lagt kindurnar sjálfir úr þeim. „Bæði leggjari og rúningsmaður þurfa að nálgast kindurnar af virðingu og rólegheitum. Ef rúningsmaðurinn hefur lag á að láta kindinni líða vel á meðan hún er klippt þá gengur þetta ágætlega.“ Mikilvægt er að ærnar séu ekki úttroðnar af heyi eða of svangar, en Baldur segir að þá geti þær verið geðillar. „Passlega södd kind finnst mér alltaf róleg og góð,“ segir Baldur.

### *Bændur skilja erfiðið*

„Þú þarft að rýja mörg þúsund kindur til þess að verða góður,“ segir Baldur. „Ef þú byrjar rólega og hugsar um að hafa kindurnar í réttum stellingum mun hraðinn smátt og smátt koma.“ Hann prufaði rúning fyrst mjög ungur heima í Klifshaga sem hann lærði af fyrirmynd föður síns. Þegar hann fór í búfræðinám á Hvanneyri á árunum 2012 til 2014 skrópaði hann á rúningsnámskeiði þar sem hann var upptekinn við að rýja fyrir bændur. Baldur hefur haft atvinnu af rúningi hvern vetur síðan þá.

Baldur telur að flestir rúningsmenn taki 450 til 550 krónur án virðisaukaskatts fyrir alrúning á hverri kind. „Þetta er vertíðarvinna sem tekur á bæði andlega og líkamlega þannig að þú verður að hafa sæmilega gott upp úr þessu. Ég hef aldrei orðið var við það að bændur séu ósáttir við verðið því þeir skilja að þetta er líkamlega erfið vinna þegar þú ert í langri törn.“ Baldur notar þar til gerða rúningsrólu sem tekur þungann af bakinu og segir hann hana skipta höfuðmáli til þess að hann geti stundað þetta starf.

Baldur stundar rúning mest hjá bændum í sínu nágrenni í Öxarfirði og Þistilfirði. Þá fer hann alltaf á nokkra bæi í Eyjafirði og tekur eina viku í rúning í Dölunum og Borgarfirði. */ál*

# Rannsókn ungra bænda

**Samtök ungra bænda (SUB) eru að kortleggja hindranir og hvata nýliðunar og kynslóðaskipta í landbúnaði.**

„Það er mikilvægt fyrir okkur að fá að vita svart á hvítu hvað það er sem hvetur eða letur kynslóðaskipti svo við getum unnið að því að auka nýliðun í stéttinni,“ segir Steinþór Logi Arnarsson, formaður SUB. Samtökin standa því fyrir könnun þar sem þátttakendur eru spurðir um helstu hindranir og hvata í íslenskum landbúnaði

Allir sem tengjast landbúnaði eru hvattir til að taka þátt. Þátttakendur þurfa ekki að vera starfandi bændur, en samtökin hafa jafnframt áhuga á að heyra í þeim sem langar að verða bændur eða stunduðu nám í búvísindum og búfræði. Niðurstöðurnar verða kynntar á aðalfundi Samtaka ungra bænda í janúar.



Steinþór Logi Arnarsson.

Könnunin er hluti af rannsóknarverkefni SUB sem hlaut styrk úr byggðarannsóknasjóði Byggðastofnunar og er stýrt af Grétu Bergrúnu Jóhannesdóttur, sérfræðingi hjá Rannsóknasetri byggða- og sveitarstjórnarmála við Háskólann á Bifröst. Nánari upplýsingar og tengil á könnunina má finna á Facebook-síðu Samtaka ungra bænda. */ál*



Samfylkingin
Nýtt upphaf
Neglum niður vextina
með því að hætta að reka ríkið á yfirdrætti
Fastur heimilislæknir sem þekkir þig
og örugg heilbrigðisþjónusta óháð búsetu
Hlúum að fólkinu sem byggði landið
með þjóðarátaki í umönnun eldra fólks
Tvöföldum fjárfestingu í samgöngum
með tekjum frá auðlindum og aukinni verðmætasköpun
Kíktu á viðerummeðplan.is
eða skannaðu kóðann



Tæplega 30 milljörðum króna verður varið til framkvæmda og viðhalds á vegakerfinu á næsta ári. Mynd / Job Savelsberg

# Vegaframkvæmdum forgangsraðað

**Alls verður rúmum 27 milljörðum króna ráðstafað til framkvæmda og viðhalds á vegakerfinu á árinu 2025. Það var ljóst við samþykkt fjárlaga frá Alþingi þann 18. nóvember sl.**

Meðal stærstu framkvæmda sem unnið verður að eru Reykjanesbraut (Krýsuvíkurvegur – Hvassahraun), brú og vegtengingar við Hornafjarðarfljót og tvö verkefni á Vestfjarðavegi (Gufudalssveit og Dynjandisheiði) og Norðausturvegur (Brekknaheiði), að því er fram kemur í tilkynningu frá innviðaráðuneytinu.

*Fjögur göng*

Einnig er gert ráð fyrir framlögum vegna undirbúnings jarðganga á fjórum stöðum; Fljótagöng, Hvalfjarðargöng, milli Ólafsfjarðar og Dalvík og milli Súðavíkur og Ísafjarðar. Þar að auki hefjast framkvæmdir vegna Ölfusárbrúar á næsta ári en gert er ráð fyrir að veggjöld af umferð muni standa undir kostnaði við framkvæmdir og tefji því ekki framkvæmdir við aðra samgönguinnviði.

*Fækkun einbreiðra brúa*

Tæpir 4,3 milljarðar króna fara í framlög í fjölbreytt sameiginleg verkefni samkvæmt tilkynningu innviðaráðuneytisins. „Þar á meðal verða 2,5 ma. kr. settir í að leggja slitlag á tengivegi um land allt og 500 m.kr. í að fækka einbreiðum brúm, eða samtals 3 ma.kr. Stefnt er að því að einbreiðum brúm fækki um fimm árið 2025, á Hringveginum og utan hans." /ghp

# Mun minni uppskera en á síðasta ári

## – Helmingi minna af íslenskum gulrótum í boði

**Samkvæmt skráningum garðyrkjubænda á uppskeru beint af akri varð mikill samdráttur í uppskerumagni miðað við síðasta ár.**

Samanlögð heildaruppskera er nú tæpum 2.500 tonnum minni, þegar uppskerumagn allra tegunda er lagt saman. Í ár var magnið 6.966 tonn en í fyrra 9.409 tonn.

Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir að nákvæmar hektaratölur liggi ekki fyrir og því sé ekki hægt að reikna þetta niður á flatareiningu. Fyrirliggjandi er þó að umsóknum um styrki til útiræktunar grænmetis fækkaði um fimm á þessu ári miðað við síðasta ár.

„Sláandi munur er á gulrótauppskeru milli ára," segir Helgi, en um helmingi minni uppskera var nú miðað við í fyrra. „En það kemur á óvart að spergilkál sé svipað. Það er aukning í rauðkáli, líklega vegna meiri ræktunar – annars er þetta 20–30 prósent minna í tegundunum en í fyrra sem var reyndar ekkert sérstaklega gott ræktunarár heldur."

Helgi segir að það sé mjög slæmt fyrir bændur að fá svo slaka uppskeru vegna þess að mest allur kostnaður við ræktun er greiddur fyrir fram og vegna aðhalds á markaði sé mjög erfitt að bæta tekjutapið með verðhækkunum.



Um helmingi minni uppskera var af íslenskum gulrótaökrum nú í ár miðað við á síðasta ári. Mynd / Hari

| Grænmeti | 2023 | 2024 |
|---|---|---|
| Blómkál | 120 | 85 |
| Gulrófur | 638 | 550 |
| Gulrætur | 1.030 | 485 |
| Hvítkál | 140 | 113 |
| Kartöflur | 7.290 | 5.550 |
| Kínakál | 57 | 47 |
| Rauðkál | 30 | 37 |
| Spergilkál | 104 | 99 |
| Alls uppsk., tonn | 9.409 | 6.966 |

**Uppskerutölur úr útiræktun grænmetis fyrir árin 2023 og 2024.**

„Sumarið var eins og menn muna kalt og frekar stutt, erfitt ræktunarár," heldur Helgi áfram. Hann bætir við að uppskerumagn á spergilkáli komi skemmtilega á óvart, þar sem allt bendi til að ræktun í hekturum hafi verið svipuð eða jafnvel minni en í fyrra á þeirri tegund.

Miðað við tíðarfarið og lakari uppskeru í öðrum tegundum komi það á óvart að uppskeran sé lítið minni en á síðasta ári. /smh

# Fuglaflensa í borginni

**Máfur sem fannst í byrjun nóvember við Reykjavíkurtjörn greindist með skæða fuglainflúensu.**

Fuglinn fannst veikur þann 1. nóvember. Hann var ófær um að forða sér og var því aflífaður af starfsfólki Reykjavíkurborgar og færður til Dýraþjónustu Reykjavíkur til sýnatöku. Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum staðfesti þann 14. nóvember 2024 að skæð fuglainflúensa H5N5 hafi greinst í sýni úr fuglinum. Þetta er fyrsta greining sjúkdómsins í villtum fugli á höfuðborgarsvæðinu á þessu ári. Matvælastofnun greinir frá.

„Almenningur er beðinn um að tilkynna tafarlaust um fund á veikum eða dauðum, villtum fuglum til Matvælastofnunar. Varast ber að snerta hræ og handfjatla veika, villta fugla. Allir sem halda alifugla eða aðra fugla eru hvattir til að viðhafa ýtrustu smitvarnir við umhirðu fuglanna," segir á vef Mast. /ghp



Máfur. Mynd / Victoria - Unspash




## Sámsstaðir:

# Snyrtilegasta býlið í Borgarbyggð

**Bændurnir á Sámsstöðum í Hvítár síðu í Borgarbyggð fengu nýlega umhverfisviðurkenningu frá sveitarfélaginu fyrir að búa á snyrtilegasta bændabýli sveitarinnar.**

Bærinn hlaut líka þessa viðurkenningu 2018. Á bænum eru 420 vetrarfóðraðar kindur og 18 hross. Jörðin er 2.170 ha að stærð og að miklu leyti fjalllendi.

Ábúendur á Sámsstöðum eru hjónin Ólafur Guðmundsson, fæddur og uppalinn á Sámsstöðum, en hann er fimmti ættliður í beinan karllegg sem býr á bænum og nær það aftur til ársins 1828, og svo er það Þuríður Guðmundsdóttir, fædd í Hlöðutúni í Stafholtstungum, sem kom að Sámsstöðum 1987.

*Stolt af viðurkenningunni*

Þau Ólafur og Þuríður eiga sex börn og barnabörnin eru fimm.

„Við erum mjög stolt af viðurkenningunni og þegar samfélagið réttir manni svona verðlaun, en við vitum að til að halda ásýndinni heim að bænum góðri þá þarf að vinna að því jafnt og þétt. Það skal tekið fram að börnin taka mikinn þátt í öllu hér á bæ," segir Þuríður og bætir við:

„Ásýnd sveitanna skiptir miklu máli og lengi má bæta umgengni og viðhald húsa og girðinga. Það mættu sumir bæta sig þar og ekki bara bændur heldur einnig þeir sem kaupa jarðir og eru ekki með búskap. Það skiptir miklu að hafa snyrtilegt í kringum sig og mála og lagfæra eftir þörfum og getu. Þarna gætu sveitarfélögin komið sterk inn með að hafa gott aðgengi að ruslagámum í nærumhverfinu."




**Verðlaunahafar umhverfisviðurkenninga fyrir árið 2024 hjá Borgarbyggð. Sitjandi eru bændurnir á Sámsstöðum (t.v.) og hjónin á Arnbjargarlæk og standandi eru frá vinstri: Jóhann Ingi Magnússon, deildarstjóri sölu og þjónustu hjá ON og Guðjón Hugberg Björnsson tæknistjóri. Á myndina vantar hjónin á Túngötu 16 á Hvanneyri og Guðríði Ebbu Pálsdóttur, sem fékk samfélagsverðlaunin.** Mynd / Aðsend

*Fern önnur verðlaun*

Önnur verðlaun, sem voru veitt við þetta sama tilefni fóru til Orku náttúrunnar við Brúartorg í Borgarnesi, sem var valin snyrtilegasta lóð atvinnufyrirtækis. Fallegasta lóðin við íbúðarhús er Túngata 16 á Hvanneyri hjá þeim Guðmundi Hallgrímssyni og Oddnýju Kristínu Jónsdóttur og sérstaka viðurkenningu fyrir snyrtilegt umhverfi fengu hjónin Davíð Aðalsteinsson og Guðrún Jónsdóttir á Arnbjargarlæk í Þverárhlíð en þar hefur búskap verið hætt en búseta er áfram á jörðinni.

Að lokum hlaut Guðríður Ebba Pálsdóttir í Borgarnesi sérstaka samfélagsviðurkenningu umhverfis- og landbúnaðarnefndar vegna umhverfismála en hún hefur um langt árabil lagt hug og hönd í fegrun umhverfisins, einkum á golfvellinum á Hamri, í sjálfboðavinnu. /mhh

Rafmagnsbilar

ZERO EMISSION

**Flytjum inn allar tegundir bíla langt undir gangverði!**
**Hringdu í dag - 555 0094**

## MB GLE350DE POWER



VERÐ 14.990.000.-

- 2024
- DIESEL HYBRID
- FULLBÚINN BÍLL MEÐ ÖLLU

## FORD F150 LIGHTNING



HINN FULLKOMNI VINNUBÍLL
SR - 98KWH
ER - 131 KWH

- XLT SR - 8.990.000.-
- XLT ER - 10.590.000.-
- LARIAT SR - 10.990.000.-
- LARIAT ER - 12.490.000.-
- PLATINUM - 14.490.000.-

ÖLL VERÐ M/VSK

## GRAND CHEROKEE OVERLAND



VERÐ 9.390.000.-

- PANORAMA ÞAK
- LOFTPÚÐAFJÖÐRUN
- TENGILTVINN
- LEÐURSÆTI MEÐ MINNI
- KRÓKUR
- DRÁTTARGETA 2700KG

## NÝR VOLVO XC90 T8 ULTIMATE



VERÐ 14.890.000.-

- NÝR BÍLL
- TENGILTVINN
- 60KM Á RAFHLÖÐU
- BOWERS & WILKINS
- KRÓKUR
- PANORAMA ÞAK

RAFMAGNSBILAR.IS | STEKKJARBAKKI 6 | RAFMAGNSBILAR@RAFMAGNSBILAR.IS | SÍMI 555 0094

# Ráðinn slökkviliðsstjóri í Fjarðabyggð

**Suðurnesjamaðurinn Ingvar Georg Georgsson hefur verið ráðinn í starf slökkviliðsstjóra í Fjarðabyggð.**

Fjórir sóttu um stöðuna. Ingvar tekur formlega við starfinu 1. febrúar 2025. „Starfið leggst mjög vel í mig og ég er spenntur að hefja störf,“ segir Ingvar, sem hefur mikla reynslu af starfi slökkviliðsmanns og sjúkraflutningamanns þegar hann vann við þau störf á Suðurnesjum, m.a. hjá Slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli og hjá Brunavörnum Suðurnesja. */mhh*



Ingvar Georg Georgsson.



Krakkarnir í leikskólanum aðstoðuðu við fyrstu skóflustunguna.
Mynd / Aðsend

## Bíldudalur:

# Nýr skóli byggður

**Fyrsta skóflustungan var tekin á dögunum að nýjum Bíldudalsskóla sem verður samrekinn leik- og grunnskóli ásamt frístund.**

Skólastarf var flutt frá grunnskólanum að Dalbraut árið 2022 vegna myglu í húsnæði og hefur síðan farið fram í Gamla skóla, Muggsstofu og Skrímslasetrinu.

Ákveðið var í kjölfarið að reisa skyldi nýjan Bíldudalsskóla á lóð við íþróttamiðstöðina Byltu, sem nýta mætti á marga vegu og þjóna samfélaginu á Bíldudal. Vonir standa til að húsnæðið verði tilbúið fyrir skólastarf haustið 2025. Í skólanum eru 27 nemendur sem búa allir á Bíldudal og starfsmenn eru 10.

„Það er mikil tilhlökkun með nýja skólann okkar. Það verður einnig spennandi að hafa leikskólann og grunnskólann í sama húsnæði því það á eftir að byggja upp lærdómssamfélagið, sem við höfum verið að vinna að síðustu ár og setja betri tengingu á milli skólastiga,“ segir Lilja Rut Rúnarsdóttir skólastjóri. */mhh*



Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.
Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.
Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400



Hús – Brekkugerðishús í Fljótsdal.
Myndir / Aðsendar



Isabelle og Steff Felix hafa byggt upp farsæla ferðaþjónustu í Fljótsdalnum.



Eitt af smáhýsunum þremur sem voru flutt í einingum frá Sviss.



Samsetning á smáhýsunum stóð yfir sumarið 2022.

# Svissnesk ferðaþjónusta við Hengifoss

**Svissneska parið Isabelle og Steff Felix komu í Fljótsdalinn snemma árs 2022 og tóku við Brekku- gerðishúsum Hákons Aðalsteinssonar heitins, skálds og skógarbónda með meiru, með það fyrir augum að byggja þar upp eigin ferðaþjónustu, Hengifosslodge.**

Þau kynntust Íslandi sjálf sem ferðafólk fyrir um tíu árum og féllu kylliflöt fyrir landinu við fyrstu kynni. Einkum náttúrunni, ótrúlegu landslagi, kyrrðinni og friðinum. Það varð til þess að þau komu ítrekað til Íslands sem ferðamenn og ákváðu loks að hefja þar nýtt líf.

### *Aðlögun fylgt eftir í svissnesku sjónvarpi*

Fyrir voru tvær íbúðir á Húsum sem þau settu strax í leigu. Til viðbótar þeim létu þau byggja þrjú smáhýsi til viðbótar til að styrkja rekstrargrundvöll ferðaþjónustunnar, sem þau hönnuðu sjálf en fengu svissneskt smíðafyrirtæki til að vinna. Þau gengu sjálf frá húsagrunnunum í byrjun september 2022, því þá var von á smiðunum frá Sviss sem ætluðu að reisa smáhýsin. Áður höfðu þau verið smíðuð þar í einingum og voru síðan flutt til Íslands og sett saman á þremur vikum.

Svissneskt kvikmyndaframleiðslufyrirtæki fylgdi aðlögun þeirra á Íslandi eftir og hefur sjónvarpsefnið verið sýnt heima fyrir á þessu ári í vinsælli heimildamyndaröð um brottflutta Svisslendinga.

### *Fjórðungur frá Sviss*

Sjónvarpsefnið vakti áhuga þarlendra ferðamanna á Íslandi sem áfangastaðar, sem hefur leitt til þess að fjórðungur þeirra ferðamanna sem hefur komið til þeirra á þessu ári hefur verið frá Sviss.

Svissneskar ferðaskrifstofur komust á snoðir um möguleika á markaðssetningu á ferðum til þeirra og þau Isabelle og Steff hafa átt í góðu samstarfi við þær á undanförnum mánuðum. Þau segja að fyrir næsta ár sé búið að skipuleggja ferðapakka á tímabilinu frá febrúar til mars, með beinu flugi frá Zürich til Akureyrar og svo nokkurra daga ferðalag þaðan til Hengifosslodge með viðkomu á Mývatni. Vel sé bókað í þessar ferðir.



Innanstokks í einu af smáhýsunum.

### *Nánast fullbókað*

Þau eru ánægð með hvernig þróun ferðaþjónustunnar hefur verið frá því að þau hófu reksturinn, nánast fullbókað hafi verið hjá þeim frá apríl fram í október.

Þau þakka markaðssetningu þeirra því hversu vel hafi gengið að fá ferðafólkið sem sækja þau heim til að gista lengur en eina nótt. Þau leitist sérstaklega eftir að veita þeim upplýsingar um þá möguleika í ferðamennsku sem Austurland bjóði upp á. */smh*

*Þau vilja láta þess getið að þau séu ekki með sérstaka samninga við ferðaþjónustufyrirtæki sem útiloki samstarf við aðra. Þau vinni einnig með innlendri ferðaþjónustu, auk þess sem aðilar frá Noregi, Þýskalandi, Belgíu og Hollandi starfi með þeim. Þau eru þakklát fyrir velvilja og samvinnu fólksins úr nærsamfélagi Fljótsdalsins, sem hafi gert þeim kleift að láta drauminn rætast.*


MHG
VERSLUN
Husqvarna - finndu kraftinn
Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós,belti, rafstart.
Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.
Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.
Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.
Husqvarna K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm
Husqvarna AM310 MK II Slátturóbot
1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot
1500m2 - 40%halli
Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot
50.000m2 - 20% halli
Husqvarna AM550 EPOS Slátturóbot
10.000m2 - 45% halli
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl/3kW
Bensín (tvígengis)
Husqvarna 450e
Keðjusög - 2,4kW
Bensín (tvígengis)
Helixx 12140
Salt- og sanddreifari.
Tekur 535 lítra og allt að 915 lítra með upphækkun.
SnowEx
Amerískur vetrarbúnaður sem endist
Helixx 11790
Salt- og sanddreifari.
Tekur allt að 1400 lítra.
Helixx 11780
Salt- og sanddreifari.
Tekur allt að 1100 lítra.
BOMAG
FAYAT GROUP
jarðvegsþjöppur - þýsk gæði
Bomag BT 60 e
Jarðvegsþjappa - 71 kg
Bomag BT 65
Jarðvegsþjappa - 68 kg
Bomag BR 95
Jarðvegsþjappa - 92 kg
Bomag BVP 10/30
Jarðvegsþjappa - 46 kg
Bomag BP 10/35
Jarðvegsþjappa - 65 kg
Bomag BVP 18/45
Jarðvegsþjappa - 91 kg
Bomag BPR 25/50
Jarðvegsþjappa - 140 kg
Bomag BPR 35/60 H
Jarðvegsþjappa - 228 kg
Bomag BPR 45/45
Jarðvegsþjappa - 340 kg
Bomag BPR 60/65 D/E
Jarðvegsþjappa - 460 kg
Bomag BPR 100/80
Jarðvegsþjappa - 695 kg
TYROLIT
kjarnaborvélar - gólf- og veggsagir - kjarnaborar - steinsagarblöð
Tyrolit DME33UW
kjarnaborvél - 450mm
Tyrolit DME20PU
kjarnaborvél - 180mm
Tyrolit steinsagarblöð
Tyrolit kjarnaborar
Tyrolit WSE1621
veggsög 20kW - Sögunardýpt 70cm
Tyrolit FSG513P
gólfsög - Sögunardýpt 19,5cm
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | S. 544 4656 | mhg.is

## Nýsköpun:

# Hrossafeitin mýkri fyrir húðina

**Fremur mun fátítt að hrossafeiti sé notuð í sápuframleiðslu hérlendis. Úr tíu kílóum af fitu af skepnunni fást um tvö kíló af hreinni, lyktarlausri feiti.**

Valgerður Stefánsdóttir á Akureyri nýtir hrossafeiti í sápuframleiðslu en það mun ekki algengt. Hún segir hrossafeiti vera mýkri en flest önnur spendýrafeiti og bæði mýkjandi og nærandi fyrir húðina.

„Talið er að spendýrafeiti samlagist húð okkar betur en feiti úr jurtaríkinu, vegna DNA-eiginleika hennar, og ég er einfaldlega að prufa mig áfram,“ útskýrir Valgerður.

Hún hefur verið í tilraunastarfsemi heima hjá sér um átta ára skeið og segir þetta áhugamál sem hún sinni eftir því sem áhuginn komi yfir hana og tíminn leyfi. Hennar meginiðja er hins vegar að vera sjúkraliði og heilsunuddmeistari.



Sápa úr hrossafeiti, vatni og lút. Myndir / Aðsendar

### *Þrjú innihaldsefni*

Hún notar hrossafeitina, vatn og lút í þessa tilteknu sápugerð. „Ég hef sem áhugamanneskja um sápur hvergi rekist á lífrænar, náttúrulegar sápur sem innihalda einungis þrjú innihaldsefni. Ég nota ýmsar olíur og fitu í sápurnar mínar, bæði úr jurta- og dýraríkinu. Mín reynsla og álit er að langbestu sápurnar séu þær sem eru tiltölulega einfaldar og hafa fá innihaldsefni. Ég er sömuleiðis hætt að nota nokkur ilmefni í þær,“ segir Valgerður. Sápurnar sínar noti hún á kroppinn og í hárið og líki það vel.

„Ég er nýfarin að prófa bæði hrossa- og nautafeiti í sápurnar og fleira sem ég er að gera. Það er talsvert mál að hreinsa feitina. Úr u.þ.b. tíu kílóum af fitu, beint af skepnunni, fékk ég um tvö kíló af hreinni, lyktarlausri feiti. Þetta er svona gamaldags ferli sem ég hef ánægju af,“ segir hún.

### *Fær feitina hjá slátrara*

Feitina fær hún frá slátrara og er ekki kostnaðarsamt sem neinu nemur. „Hreinsunarferlið felst í því að ég byrja á að hreinsa feitina eins og unnt er. Svo þarf að hita hana með vatni, svo hún brenni ekki, í stórum potti við mjög lágan hita, uns hún er öll orðin mjúk og það getur alveg tekið sólarhring. Það þarf að fylgjast mjög vel með henni allan tímann. Það þarf að sigta allt gegnum klút, setja í ílát og láta kólna alveg. Þegar feitin er orðin alveg köld, þarf að hreinsa groms sem er neðst á klumpinum og hita aftur. Það getur tekið 4–5 svona skipti í þessu hreinsunarferli til að fá feitina alveg hreina og lyktarlausa,“ útskýrir hún.


Valgerður Stefánsdóttir.

„Ég nota, í það sem ég geri, helst og nánast einungis lífræn, náttúruleg efni og mest það sem til er hér heima,“ segir Valgerður. Hún hefur t.d. framleitt nærandi húðsalva og notað ýmislegt úr jurtaríkinu, svo sem lífrænar olíur, þ.á m. ólífuolíu, kókosfeiti, sheabutter o.fl. Nú síðast gerði hún salva úr hrossa- og nautafeiti, bývaxi og fleiru úr dýraríkinu sem hún segir hafa komið mjög vel út. Einnig hefur hún notað ilmkjarnaolíur í svitalyktareyði og sérblandar nuddolíurnar sínar. En segist þó smám saman vera að færa sig frá öllum ilmefnum.

### *Dúlluhekl frá mömmu*

Sápurnar sem hún selur setur hún gjarnan á hekluð smástykki, sem eru augnayndi, og bindur bast eða snæri utan um. Dúllurnar eru heklaðar af aldraðri móður Valgerðar, Ásthildi Sigurðardóttur á Stokkahlöðum, fyrrverandi skólastjóra barnaskólans á Hrafnagili, úr garnafgöngum. „Ég þekki engan einstakling sem er jafnduglegur og ötull að prjóna og hekla eins og hún,“ hnýtir Valgerður við.

Hún situr uppi með gamla, stóra sellófan-rúllu og notar selló utan um einstaka sápu. „Það er fallegt, kemur vel út og einhvern tíma þarf hvort eð er að farga því. Ég spyr sjálfa mig hvort það er umhverfisvænna að henda heilli rúllu í einu eða nota út úr henni,“ segir Valgerður sposk. */sá*





Vísbendingar eru um að byggðabragur sveitarfélaga geti verið gjörólíkur þrátt fyrir sambærilega samfélagsgerð, stöðu atvinnumála o.fl. Myndin er tekin við Húnaflóa. Mynd / sá

# Félagssálfræðilegur munur milli sveitarfélaga

## – Byggðabragur rannsakaður

**Vonast er til að að aukin þekking á sálfræðilegum hliðum byggðamála geti stuðlað að sterkari og sjálfbærari samfélögum og aukinni byggðafestu.**

Víðtæk félagssálfræðileg rannsókn var gerð í Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnabyggð, bæði með spurningakönnunum og rýnihópum. Marktækur munur greindist á fjölmörgum mælikvörðum en mesta muninn mátti greina í þáttum eins og félagslegri samheldni, trú á getu samfélagsins til að takast á við áskoranir og hversu vel íbúar gátu uppfyllt þarfir sínar í sveitarfélaginu.

Þá var afgerandi munur á hvort hrepparígur væri vandamál, hvort erfiðleikar væru í samstarfi dreifbýlis og þéttbýlis og hvort slúður og neikvæðni væru metin sem vandamál í sveitarfélaginu.

Segja rannsakendurnir að þessar niðurstöður séu fyrstu sönnunargögn þess að félagssálfræðilegur munur geti verið á milli íslenskra sveitarfélaga. Vonast er til þess að aukin þekking á sálfræðilegum hliðum byggðamála geti stuðlað að sterkari og sjálfbærari samfélögum og aukinni byggðafestu.

### *Gjörólíkur byggðabragur*

Byggðabragur: Félagssálfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum, var unnin með styrk frá Háskólanum á Bifröst og Rannsóknasetri í byggða- og sveitastjórnarmálum. Skýrslan kom út í sumarlok. Rannsakendur og skýrsluhöfundar eru Bjarki Þór Grönfeldt og Vífill Karlsson. Þeir segja rannsóknina tilraun til þess að beita aðferðafræði félagssálfræðinnar á byggðamál á Íslandi.

„Aðdragandi rannsóknarinnar er sá að íbúakannanir landshlutanna hafa bent til þess að svokallaður byggðabragur sveitarfélaga geti verið gjörólíkur þrátt fyrir sambærilega samfélagsgerð, stöðu atvinnumála o.s.frv.,“ segir í rannsókninni.

Með byggðabrag sé átt við upp að hvaða marki íbúar eru ánægðir með sveitarfélagið, þeim þyki þjónusta góð, þeir séu bjartsýnir á framtíðina og vilji halda áfram búsetu sinni á svæðinu.

### *Húnaþing vestra skaraði fram úr*

Segja höfundar að Húnaþing vestra hafi ítrekað komið betur út en Dalabyggð og Húnabyggð í íbúakönnunum. „Í stuttu máli má segja að niðurstöður rýnihópanna hafi verið eftirfarandi:

Samfélagið í Húnaþingi vestra er mun opnara og auðveldara fyrir nýtt fólk að komast inn í það en í Dalabyggð og Húnabyggð. Á það bæði við um aðflutta Íslendinga sem og innflytjendur. Röktu viðmælendur það meðal annars að samfélagið í Húnaþingi vestra væri (og þá aðallega þéttbýlið á Hvammstanga) ekki eins rótgróið og fastmótað og í Dalabyggð og Húnabyggð.

Íbúar í Húnaþingi vestra eru stoltir af sterkum fyrirtækjum í eigu heimamanna og njóta góðs af því að hafa áhrif á þjónustu þeirra. Eignarhald „yfir björgunum“ virðist skipta miklu máli og ljær íbúunum rödd og færir þeim trú á samfélagið.

Húnaþing vestra virðist virka sem ein heild á meðan meiri togstreita sé á milli dreifbýlis og þéttbýlis í Dalabyggð og Húnabyggð. Er þetta tengt við farsæla sameiningu sem meira eða minna afmáði hrepparíg í Húnaþingi vestra á meðan sameiningarmál hafa gengið brösuglega í hinum tveimur sveitarfélögunum,“ segir í skýrslunni.

### *Góð sjálfsmynd*

Jafnframt segja skýrsluhöfundar hafa komið í ljós að „íbúar allra sveitarfélaganna hafa nokkuð sterka sjálfsmynd og þykir vænt um sveitarfélagið sitt. Það sem virðist greina á milli þeirra er trú á styrk samfélagsins, ánægja með þá nærþjónustu sem í boði er og samheldni ólíkra byggðarlaga innan sveitarfélagsins.“ */sá*

Bændablaðið www.bbl.is

Sjálfstæðisflokkurinn xd.is

# VELDU LEIÐ SEM VIRKAR

VEXTIR

D

Við höfum náð tökum á verðbólgunni.
Vextir eru að lækka. Stefnum ekki árangrinum
í hættu. Höldum áfram á réttri leið.

# Loftslagsvegvísir bænda

## – Loftslagsvænstu afurðir í heimi




Unnsteinn Snorri Snorrason.
Hilmar Vilberg Gylfason.

**Umhverfismál og þar með loftslagsmál eru bændum hugleikin. Á Búnaðarþingi árið 2020 urðu þau tímamót að samþykkt var Umhverfisstefna landbúnaðarins 2020–2030.**

Á Búnaðarþingi árið 2024 var ályktað að uppfæra ætti stefnuna og vinna aðgerðaáætlun. Loftslagsvegvísir bænda byggir því á þeirri stefnumörkun sem Bændasamtökin hafa unnið að síðustu árin. Auk þess sem byggt er á Umhverfisstefnu landbúnaðarins er einnig í vegvísinum tekið mið af stefnumörkun stjórnvalda sem tengjast innlendri matvælaframleiðslu og þar helst horft til leiðarljósanna þriggja sem eru fæðuöryggi, matvælaöryggi og sjálfbær rekstur býla. Ýmsar stefnur og áætlanir stjórnvalda hafa beina tengingu við þessi leiðarljós og má þar m.a. nefna landbúnaðar- og matvælastefnur, byggðaáætlun og þjóðaröryggisstefnu.

Við vinnslu Loftslagsvegvísis bænda hefur stjórn Bændasamtakanna lagt áherslu á þétt samtal við félagskerfi bænda innan samtakanna ásamt því að leita í þekkingarbrunn dótturfélags samtakanna, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Í vinnu sinni við vegvísinn hafa samtökin einnig átt gott samstarf við ráðuneyti, stofnanir og aðra hagaðila og hafa samtökin alls staðar mætt miklum velvilja í þessari vinnu.

Það er álit stjórnar Bændasamtaka Íslands að sátt geti ríkt um þær aðgerðir og aðferðafræði sem boðuð er með Loftslagsvegvísi bænda, en til þess að aðgerðirnar raungerist þarf aðkomu margra aðila auk bænda og má þar m.a. nefna þá aðila sem sinna rannsóknum, ráðuneyti, stofnanir og almennt öflugt frumkvöðlastarf.

*Höfundar eru sérfræðingar hjá BÍ.*




## Losun frá landbúnaði

Myndin hér fyrir ofan sýnir flokkun á losun frá landbúnaði, eins og hún er framsett í Loftlagsvegvísi bænda. Byggt er á sömu forsendum og Umhverfisstofnun notar við vinnslu á landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda (ICCP).

Losun frá landbúnaði er flokkuð eftir uppsprettu losunarinnar. Sú flokkun sem notuð er í Loftslagsvegvísi bænda er ekki nákvæmlega sú sama og er að finna í landsskýrslunni. Flokkun miðar meira að því hvar í framleiðsluferli landbúnaðarins losunin verður. Aðgerðir miða við sömu flokkun.

Þá er losun vegna búvéla sett undir landbúnaðarkaflann en í landsskýrslunni er sú losun undir orkukaflanum. Losun frá íslenskum landbúnaði er annars vegar bein losun vegna reksturs og hins vegar losun vegna landnotkunar. Bein losun sem landbúnaðurinn ber ábyrgð á var árið 2022 618 þ.t. CO2íg. Losun vegna landnotkunar, sem landbúnaðurinn getur haft áhrif á, er um 7.743 þ.t. CO2íg.

### Fólksfjöldi



**433 þús.** 2025
**603 þús.** 2055

### Heildarlosun
tonn CO2-ÍG




**618 þús.** 2025
**733 þús.** 2055

### Losun á framleidda einingu
kg CO2-ÍG / kg matvæla

**3,5** 2025
**2,5** 2055



Loftslagsvegvísir bænda tekur mið af áætlunum um þróun fólksfjölda á Íslandi. Gert er ráð fyrir því að árið 2055 verði á hverjum degi um 603 þús. manns á Íslandi, bæði íbúar og ferðamenn. Gert er ráð fyrir því að hlutfall íslenskra matvæla af heildarneyslu aukist úr 58% árið 2022 upp í 63% árið 2055. Samkvæmt útreikningum í losunarlíkaninu sem Loftslagsvegvísirinn byggir á mun heildarlosun frá landbúnaði aukast úr 618 þús. tonn CO2-ÍG árið 2022 upp í 733 þús tonn CO2-Íg árið 2055. Hins vegar mun losun á hverja framleidda einingu dragast saman úr 3,5 kg CO2-ÍG / kg matvæla niður í 2,5 kg CO2-ÍG/kg matvæla. Árangur bænda í loftslagsmálum verður að mæla út frá einingalosun. Að öðrum kosti þarf að draga úr framleiðslu íslenskra matvæla og auka hlut innfluttra matvæla.



**Grunnforsendur árangurs í loftslagsmálum liggur í öflugum rannsóknum, áreiðanlegum gögnum og ráðgjöf.**

**96%** losunar í landbúnaði kemur frá lífrænum ferlum og horfa þarf því til bættrar aðferðafræði svo árangur náist.

Þar sem aðgerðir í loftslagsmálum landbúnaðarins snúast yfirleitt um vinnu með lífræna ferla þá þarf að huga vel að undirbúningi. Samtökin gera ráð fyrir að mögulegar aðgerðir þurfi að standast nokkurs konar álagspróf til þess að komast af hugmyndastigi yfir á þróunarstig og að lokum á aðgerðastig. Í því ferli verði að vera m.a. sýnt fram á loftslagslegan ávinning af viðkomandi aðgerðum og áhrif á búrekstur. Þá þurfa einnig að vera skýrir árangursmælikvarðar og ljóst hvernig fjármögnun er háttað þannig að aðgerðir hafi ekki neikvæð áhrif á afkomu bænda.

## Rannsóknir og nýsköpun

> Með rannsóknum og nýsköpun má móta nýjar leiðir sem hafa ekki í för með sér neikvæð áhrif á **fæðuöryggi, matvælaöryggi og sjálfbærni.**

## Gögn og gagnasöfnun

> Aðgerðir í landbúnaði verða að byggja á áreiðanlegum gögnum og greiningum, sem eru undirstaða **umhverfisbókhalds og árangurs.**

## Öflug ráðgjöf

> Öflug ráðgjöf er grundvöllur **breiðrar þátttöku** og þess að hægt sé að **hraða innleiðingu** árangursríkra loftslagsaðgerða.

# Loftslagsvegvísir bænda byggir á skilvirkum aðgerðum, náinni samvinnu og sterkum upplýsingagrunn




Á myndinni hér fyrir ofan má sjá yfirlit yfir þær aðgerðir sem lagt er upp með í Loftslagsvegvísi bænda. Á næstu dögum verður vegvísirinn í heild settur inn á Mínar síður Bændasamtakanna þar sem félagsmenn geta kynnt sér hann og komið með athugasemdir.






Hólmfríður Þórsdóttir, Holtsmúla, Rangárþingi ytra, Kristbjörg Hilmarsdóttir, Þykkvabæjarklaustri, V-Skaftafellssýslu og Sigurlaug Steingrímsdóttir, Hárlaugsstöðum, Ásahreppi pakka gærum sem sendar voru til Svíþjóðar til vinnslu.



Þær Sigurlaug, Kristbjörg og Hólmfríður ræða málin.



Jónína Þórðardóttir, Lækjarbotnum, Rangárþingi ytra.

Myndir / Aðsendar

# Metmagn af feldfjárskinnum til vinnslu í Svíþjóð

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



**Félag feldfjárbænda á Suðurlandi hefur verið starfandi í um áratug og segir formaðurinn, Elísabet S. Jóhannsd. Sörensen í Köldukinn í Holtum, að talsverður uppgangur sé í þessum anga íslenskrar sauðfjárræktar.**

Nú í haust fór metmagn frá okkur í félaginu til Svíþjóðar í sútun, eða um 400 gærur af feldlömbum, venjulegum lömbum og geitastökur,“ segir Elísabet.

### *Bændaferð til Svíþjóðar*

Bændur á tíu bæjum eiga skinn sem fóru út til vinnslu. „Áður fyrr fóru skinnin okkar til sútunar á Sauðárkróki en þá var þetta mjög lítið magn, kannski 30–40 skinn. Síðan leggst verksmiðjusútun þar af og um leið hér á landi.

Árið 2017 fórum við feldfjárbændur í bændaferð til Svíþjóðar og hittum þar ræktendur Gotlandsfjár, sem er fyrirmynd íslenska feldfjárins. Í þessari ferð skoðuðum við meðal annars sútunarverksmiðju. Við hrifumst af því hvernig staðið var að öllum málum þar varðandi vinnsluna,“ útskýrir Elísabet.

„Síðan höfum við sent til þeirra okkar skinn og við erum tíu bændur sem höfum verið að senda út skinn í sútun. Þetta hefur aukist bara jafnt og þétt á hverju ári. Hvert skinn er merkt sínum bónda með númeri og ef við hefðum tök á því að einstaklingsmerkja gærurnar í sláturhúsinu þá gætum við fengið skinnin einstaklingsmerkt til baka sem væri mjög gaman, að geta rakið ferlið alla leið. Skinnin seljum við svo flest á okkar búum eða í handverksbúðum í héraði.



Elísabet Sörensen.

Við fáum skinnin bæði klippt og óklippt til baka frá Svíþjóð. Klipptu skinnin hafa verið eftirsótt, til dæmis hjá bólstrurum,“ segir Elísabet, spurð um hverjir séu helstu viðskiptavinir feldbænda. „Líka eru margir áhugasamir um að fá skinn bara til að prýða heimili sín.“



Ástríður Lilja Guðjónsdóttir, Vöðlum, Rangárþingi ytra og Sigurður Arnar Sverrisson, Þykkvabæjarklaustri, V-Skaftafellssýslu.

### *Aukinn áhugi á feldfjárrækt*

Elísabet segir að almennt megi segja að hver og einn bóndi sé alltaf í auknum mæli að vinna sínar afurðir meira, til að búa til enn meiri verðmæti úr þeim. „Þá eru það bæði nytjahlutir og skrautmunir alls konar. Við notum þetta hráefni líka til að gera vettlinga, barnaskó og í raun bara eins og gömlu mokkaskinnin voru notuð.

Já, það er óhætt að segja að þessi grein sé mjög vaxandi,“ svarar Elísabet þegar hún er spurð að því hvort hún finni fyrir auknum áhuga bænda. „Núna viljum við fara að huga meira að framleiðslunni og handverkinu. Þá er ég að meina þannig að virðisaukinn verði meira eftir hjá okkur bændum og milliliðum sé fækkað. Þetta er nefnilega ekki aukabúgreinin okkar eins og hjá flestum öðrum sauðfjárbændum. Skinnin og ullin eru aðalafurðin, en kjötið aukaafurð.“

### *Ullin líka gríðarlega mikilvæg*

„Ullin er líka gríðarlega mikilvæg fyrir okkur sem kemur af öllum líflömbum okkar. Ull af feldfé hefur verið eftirsótt í handspuna því hún er svo mjúk og glansandi. Handverksfólk víða um heim hefur sótt í það að kaupa reyfi beint af bónda í handspuna til dæmis. Nú síðast var hollensk kona sem kom hingað á Ullarviku Suðurlands sem fékk senda ull og garn af feldfé til að kynna á 400 manna ráðstefnu handspunafólks í Hollandi.

Við höfum látið spinna fyrir okkur í Uppspuna og Gilhaga, smáspunaverksmiðjum á Íslandi, en einnig í Danmörku. Svo hefur Ístex unnið plötulopa fyrir okkur, en það er ákveðið vandamál fyrir okkur að Ístex þarf svo rosalega mikið magn til að hægt sé að láta vinna okkar hráefni þar.

Þannig að við höfum safnað saman og kannski látið ull frá okkur þriðja hvert ár til vinnslu þar,“ segir Elísabet.

### *Í náinni snertingu við ræktunina*

„Það er gríðarlega skemmtilegt að fást við þessa tegund ræktunar því eiginleikarnir eru svo nálægt okkur sem við sækjumst eftir að við getum hreinlega snert á þeim. Við veljum gripina út frá feldeiginleikunum,“ heldur Elísabet áfram.

Hvert lamb er metið að hausti samkvæmt ákveðnum stöðlum. „Nú getum við loksins skráð felddóma inn í Fjárvís sem er nauðsynlegt til að halda utan um ræktunarstarfið,“ segir Elísabet og segist sjálf hafa fjölgað töluvert núna í ásetningi fyrir veturinn, sé með 40 vetrarfóðraðar ær.

### *Heimsókn á Vesturland*

Að sögn Elísabetar eru nokkrir félagar úr sunnlenska feldfjárræktarfélaginu að ráðgera heimsókn á Vesturland og kynna fyrir feldfjáreigendum þar hvað þau eru að gera. Hún segir að farin hafi verið slík ferð fyrir Covid-faraldurinn og nú sé ætlunin að endurtaka leikinn og funda með bændum þar. Áhugi sé þar einnig að aukast.

### *Fjölga þarf gripum inn í ræktunarstarfið*

„Það er nauðsynlegt að glæða áhuga sem flestra á þessari ræktun til að hægt sé að fjölga hraðar vænlegum gripum inn í ræktunarstarfið. Ég hugsa að við séum kannski að nálgast um 300 vetrarfóðraðar feldær hér á Suðurlandi, þar sem langstærsti hlutinn er,“ segir Elísabet.

Hún bendir á að það sé árangur sem megi þakka Guðna Má Sveinssyni á Melhóli – og í raun að þessi ræktun sé einfaldlega enn til. „Þessi grein á heilmikið inni, því við sjáum á undanförnum árum hvernig áhugi hefur stóraukist til dæmis á prjónaskap og almennt meiri meðvitund að vinna með náttúrulegt hráefni.“ /smh




vfs.is
VERKFÆRA-
JÓLADAGATÖL
SKANNAÐU
OG SKOÐAÐU
VERKFÆRA
SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


aspen
NORDIC
Xyloproct
Lídókaín, hýdrókortisónasetat
Gyllinæð?
Xyloproct dregur úr verkjum og
óþægindum sem fylgja gyllinæð.
FÆST ÁN
LYFSEÐILS
Október 2024
**Heiti lyfs:** Xyloproct endaþarmssmyrsli og Xyloproct endaþarmsstílar. **Innihaldslýsing:** 1 g af endaþarmssmyrsli inniheldur: Lídókaín 50 mg, hýdrókortisónasetat 2,5 mg. 1 endaþarmsstíll inniheldur: Lídókaín 60 mg, hýdrókortisónasetat 5 mg. **Ábendingar:** Xyloproct endaþarmssmyrsli og Xyloproct endaþarmsstílar eru ætluð til meðferðar hjá fullorðnum. Til eigin meðferðar: við gyllinæð og yfirborðslægri ertingu í endaþarmi **Notkun:** Endaþarmssmyrsli: Þunnt lag af endaþarmssmyrsli er borið á endaþarmsop og húðina umhverfis það einu sinni á dag eða oftar. Nota má allt að 6 grömm af endaþarmssmyrsli á sólarhring. Meðferðarlengd getur verið allt frá 10 dögum upp í 3 vikur. Ef ákveðið er að lengja meðferðina er ráðlagt að gera hlé á henni. Endaþarmsstílar: Einum endaþarmsstíl er stungið í endaþarmsopið kvölds og morgna og eftir þörfum eftir hverja hægðalosun. Nota má allt að 5 endaþarmsstíla á sólarhring. Ef hægðalosun er sársaukafull á að stinga endaþarmsstílnum inn nokkrum mínútum fyrir hægðalosun. Mikilvægt er að endaþarmsstíllinn haldist á sínum stað þar til hann hefur bráðnað. Meðferðarlengd getur verið allt frá 10 dögum upp í 3 vikur. Ef ákveðið er að lengja meðferðina er ráðlagt að gera hlé á henni. **Ekki á að veita meðferð lengur en í 3 vikur.** Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. **Markaðsleyfishafi:** Aspen Pharma Trading Limited. Upplýsingar teknar saman í október 2024. IS-LID-10-24-00009. 10/24.
©Aspen Nordic, branch of Aspen Pharma Ireland Limited. Trademarks are owned by or licensed to the Aspen group of companies ® 2024. Aspen group of companies or its licensor. All rights reserved.

# Sterk Framsókn *fyrir* sterkan landbúnað



**Sigurður Ingi Jóhannsson,**
formaður Framsóknar og fjármála- og efnahagsráðherra.

**Landbúnaður er grunnstoð íslensks samfélags og lykill að fæðuöryggi, atvinnustigi og þróun byggðar um allt land. Hins vegar stendur íslenskur landbúnaður frammi fyrir mörgum áskorunum, þar sem sífellt færri kjósa að gerast bændur og afkoma greinarinnar er ekki nægjanleg til að tryggja nýliðun.**

**Framsókn hefur skýrar áherslur varðandi gerð nýrra búvörusamninga, þar sem mikilvægt er að tryggja framleiðslu á hágæða landbúnaðarafurðum.**

**Nýir búvörusamningar, sem taka gildi 1. janúar 2027, þurfa að endurspegla þá þróun og nýsköpun sem nauðsynleg er til að mæta framtíðaráskorunum.**

## Áherslur Framsóknar við gerð nýrra búvörusamninga

Það er nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að bæta rekstrarskilyrði landbúnaðar. Búvörusamningar þurfa að uppfærast oftar og auka þarf tengsl milli landbúnaðar og byggðamála til að bæta afkomu bænda. Bændur þurfa að geta staðist harða samkeppni og nýtt sér tækifærin sem felast í vaxandi eftirspurn eftir íslenskum matvælum. Nýir samningar þurfa að tryggja bændum aðgang að fjármagni til fjárfestinga, auk endurskoðunar á lánsfjármögnun til jarðarkaupa. Nýliðun er afar mikilvæg og viðbótarstuðningur fyrir unga bændur getur verið lykilþáttur í því að hvetja nýja aðila til að hasla sér völl í landbúnaði.

## Tollkvótar

Oft er litið á innflutning sem leið til að auka samkeppni. Staðreyndin er hins vegar sú að til að eðlileg samkeppni geti orðið þurfa rekstrarskilyrði í íslenskum landbúnaði að vera betri. Horfa má til Noregs þar sem tollalög styðja við innlenda framleiðslu og tryggja sölugrunn norskrar landbúnaðarafurða. Þar hafa stjórnvöld aðlagað tollakerfið að aðstæðum, sem gerir þeim kleift að fresta uppboði á tollkvótum þegar markaðsaðstæður eru ekki hagfelldar. Þessi nálgun styrkir innlendan landbúnað. Sveigjanleiki í úthlutun tollkvóta með tilliti til stöðu innlendrar framleiðslu gæti verið gagnlegt skref til að tryggja betri afkomu bænda. Því tengdu þá var undanþága veitt kjötafurðarstöðvum frá samkeppnislögum fyrr á þessu ári sem er til hagsbóta fyrir landbúnaðinn og mun styrkja bændur. Slík undanþága er vel þekkt á Norðurlöndunum auk þess sem mjólkuriðnaðurinn hér á landi hefur verið á álíka undanþágu í 20 ár. Samkeppnishæfnin hefur aukist og rekstrarkostnaður dregist saman sem leiðir til lægra vöruverðs fyrir neytendur.

## Sýklalyf

Búvörusamningarnir þurfa að stuðla að sjálfbærum aðferðum í landbúnaði. Þetta felur í sér hvata til umhverfisvænna ræktunaraðferða, stuðlar að lífrænni framleiðslu og takmarkar notkun sýklalyfja. Með því að draga úr sýklalyfjanotkun er hægt að tryggja hágæða afurðir og vernda heilsu neytenda. Samningarnir þurfa að veita stuðning við rannsóknir, vísindastarf og nýsköpun, sem er nauðsynlegt til að auka samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar á alþjóðamarkaði.

## Samvinna

Samlegðaráhrif eru í landbúnaði og ferðaþjónustu og með því að vinna saman er hægt að skapa ný tækifæri fyrir báðar greinar. Samvinnan getur leitt til nýrra verkefna og aukinnar verðmætasköpunar og stuðlar að auknum hagvexti. Þá er markaðssetning nauðsynleg til að tryggja að íslenskar afurðir nái til neytenda og að bændur fái sanngjarna verðlagningu fyrir sínar vörur. Með því að efla samstarf milli bænda, fyrirtækja og rannsóknarstofnana er hægt að auka sýnileika íslenskra afurða á innlendum og alþjóðlegum mörkuðum.

## Hverju vill Framsókn breyta miðað við núverandi stuðningskerfi?

Núverandi stuðningskerfi hefur verið gagnlegt, en nauðsynlegt er að endurskoða og aðlaga það að breyttum aðstæðum. Nýju samningarnir þurfa að vera sveigjanlegri til að mæta breytilegum þörfum bænda og markaðarins. Sveigjanleiki í stuðningskerfinu mun gera bændum kleift að aðlagast breyttum aðstæðum á markaði og nýta tækifæri sem skapast. Auk þess er nauðsynlegt að huga að sérstöðu Íslands, þar sem einungis fimmtungur landsins flokkast sem landbúnaðarland. Framsókn vill að breytingar á regluverki landbúnaðarins taki mið af þessum aðstæðum. Mikilvægt er að nýir samningar veiti sérstakan stuðning við lífræna framleiðslu sem er í samræmi við alþjóðlegar kröfur um umhverfisvernd og heilnæmi.

Með nýjum búvörusamningum skapast tækifæri til að endurspegla breyttar þarfir og áskoranir í íslenskum landbúnaði. Með því að leggja áherslu á sjálfbærni, nýsköpun, aðgengi að fjármagni og samvinnu er hægt að tryggja að landbúnaðurinn haldi áfram að vera grunnstoð íslensks samfélags. Með samstilltu átaki verður íslenskur landbúnaður áfram sterkur og sjálfbær og mætir þannig áskorunum framtíðarinnar.

***Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknar og fjármála- og efnahagsráðherra.***

Framsókn

# Framtíðin er *líka* úti á landi



**Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir,**
þingmaður, Borgarfirði.

**Við viljum halda Íslandi í byggð, til þess þarf pólitískan vilja. Við í Framsókn höfum sýnt það í verki að við höfum það að leiðarljósi í okkar vinnu að fólk geti búið um allt land.**

**Uppbygging í mörgum sveitarfélögum hefur verið ótrúlega mikil síðustu ár. Fjölgun hefur verið í þeim mörgum og við sjáum að það á sér sérstaklega stað þar sem verðmætasköpun er mikil og atvinnulífið sterkt. Þrátt fyrir það er staðan í mörgum sveitarfélögum og samfélögum erfið.**

Ég fór í stjórnmál því ég vil að fólk geti búið hvar sem er á landinu og notið góðra lífsgæða. Eðlilega getum við ekki fengið háskólasjúkrahús í hvert sveitarfélag eða alþjóðaflugvöll, en við sem erum í stjórnmálum getum unnið að því að tryggja að fólk geti nálgast nauðsynlega þjónustu eins og matvöru, heilbrigðisþjónustu, menntastofnanir og atvinnu sem næst þeim stað sem það kýs að búa á.

## Styrking byggðar um land allt

Við í Framsókn viljum styrkja byggðir um allt land. Þingmenn og ráðherrar Framsóknar hafa tekið djarfar ákvarðanir á tíma fráfarandi ríkisstjórnar eins og þegar þau ákváðu að koma fram með t.d. loftbrú og hlutdeildarlánin. Vinnan við hlutdeildarlánin átti sér stað hjá Ásmundi Einari, þegar hann var í félagsmálaráðuneytinu. Þá höfðu margir ekki trú á því að hlutdeildarlánin myndu skila tilætluðum árangri við að hjálpa fyrstu kaupendum að komast inn á markaðinn og voru mjög þröng skilyrði fyrir þeim sett. En þau hafa sannarlega sannað gildi sitt og hjálpað fjölda fólks að eignast sína fyrstu íbúð. Þrátt fyrir það hafa hugmyndir um útvíkkun hlutdeildarlána mætt ákveðinni andstöðu í þinginu. Við í Framsókn viljum að skilyrði hlutdeildarlána verði útvíkkuð og að þau verði meðal annars nýtt fyrir ungt fólk til að kaupa jarðir. Það myndi skipta ungt fólk gríðarlegu máli til að geta hafið sinn búskap en þetta gæti líka verið ein besta fjárfesting sem ríkið gæti komið á fót til að tryggja búsetu um allt land. Við megum ekki gleyma því að við búum á eyju, við þurfum að huga að sjálfbærni og ef við tryggjum ekki nýliðun er óþarfi að horfa til framtíðar. En ég er bjartsýn að eðlisfari og trúi því að þetta sé sameiginleg sýn okkar allra. Við viljum byggja upp kerfi sem gerir ungu fólki mögulegt að hefja búskap.

## Markviss efling innviða lykiláhersla

Aðgengi að heilbrigðisþjónustu er misjafnt og má þar nefna geðheilbrigðisþjónustu sem dæmi. Framsókn hefur á þessu kjörtímabili verið með heilbrigðisráðuneytið. Þar hefur heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, unnið ötullega að fjölmörgum umbótaverkefnum. Í vor unnum við að því að skilgreina fjarheilbrigðisþjónustu í lögum og er það orðið eitt af þeim úrræðum sem fólk um allt land getur nýtt sér til þess að sækja ýmis konar sérfræðiþjónustu sem annars væri erfitt að nálgast. Á kjörtímabilinu höfum við fest í sessi svæðisbundin geðheilsuteymi með viðbótar fjárveitingum og fjölgað stöðugildum sálfræðinga innan heilsugæslunnar. Svo mætti lengi telja.

Við í Framsókn viljum líka halda áfram að tryggja öruggar samgöngur, auka viðhald og uppbyggingu vega um allt land. Vegirnir geta skipt miklu máli við val á búsetu og þá sérstaklega þegar fólk er að hugsa til ástands vega þar sem börn fara með skólabíl. Við höfum sýnt það í verki að við viljum byggja þessa vegi upp og munum halda því áfram.

Við höfum einnig unnið ötullega að því að styrkja stöðu ferðaþjónustunnar um allt land því það eru fáar atvinnugreinar sem hafa náð jafn góðum árangri í að skapa þá byggðarþróun sem við í Framsókn höfum trú á, því framtíðin er björt úti á landi.

Við stöndum með landsbyggðinni, við búum sjálf á landsbyggðinni og við viljum vinna áfram fyrir landsbyggðina.

## Miðjan er klár og framtíðin ræðst á miðjunni.

*Höfundur er búsett í Bakkakoti í Borgarbyggð og skipar 2. sæti á framboðslista Framsóknar í Norðvesturkjördæmi.*

framtíðin ræðst á miðjunni — framtíðin ræðst á miðjunni —
xB



Það er stutt í hláturinn hjá Mörtu Maríu Arnarsdóttur skólameistara, Guðrúnu Sigurgeirsdóttur, yfirmatreiðslukonu skólans, Friðriki V. Hraunfjörð matreiðslumeistara og Tómasi Hermannssyni útgefanda. Myndir / sp






Hönnuðir bókarinnar, Karl Petersson ljósmyndari og Helga Gerður Magnúsdóttir, hönnuður og konseptkona. Þess má geta að Kalli er sænskur og hefur sterkar skoðanir á uppruna brauðtertunnar.



Ekki komust allir til þess að taka við verðlaununum, en hér eru Ingimar Flóvent, Hilmar Daníelsson og Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir.

## Brauðtertur:

# Þjóðarréttur Íslendinga



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Vinningstertur Íslandsmeistarakeppni í brauðtertugerð. Sú í fyrsta sæti, sú bragðbesta, sú fegursta, sú sem paraðist best við kampavín og sú frumlegasta. (Brauðtertu)myndir / Karl Petersson.

**Það er með mikilli ánægju, jafnvel stolti sem við landsmenn höfum neytt brauðtertunnar í gegnum árin og fleiri en ætla mætti keppst um að matreiða hana sem allra best.**

Mikill metnaður er gjarnan lagður í verkið og kom því ekki á óvart þegar blásið var til formlegrar Íslandsmeistarakeppni í brauðtertugerð fyrir nokkrum árum. Sú hefð hefur haldist og voru vinningshafarnir í ár kynntir nú á degi brauðtertunnar.

Þrettándi nóvember ár hvert er sem sé dagur brauðtertunnar – en í viðtali Fréttablaðsins 2019 við Sigga Hall matreiðslumeistara, kemur fram að hann telji víst að brauðtertan sem slík sé í grunninn íslenskt fyrirbæri. Birtist viðtalið í kjölfar fyrstu brauðtertusamkeppni sem haldin var formlega hér á landi, þá í Listasafni Reykjavíkur á menningarnótt. Brauðtertufélag Erlu og Erlu stóð fyrir keppninni en keppt var til verðlauna í þremur flokkum, hver væri sú fallegasta, frumlegasta og bragðbesta. Frést hefur þó til brauðtertumenningar á Norðurlöndunum, þá helst frá Svíum, en þeir halda Smörgåstårtans daginn heilagan. Svíar eru harðir brauðtertuaðdáendur og eru nokkuð vissir um að hafa verið þeir fyrstu sem uppgötvuðu þá dásemd. En sitt sýnist hverjum.

### Ávallt móðins

Brauðtertur hafa að minnsta kosti glatt Íslendinga síðan miðvikudaginn 29. apríl 1953, en þá birtist í Þjóðviljanum uppskrift að brauðtertu í heimilisþætti blaðsins. Var henni lýst sem hentugri og ákaflega tilvaldri fyrir spila- og saumakvöld og kostnaður við eina slíka færi alfarið eftir innihaldi tertunnar. Þar tóku húsmæður formbrauð sem þær sneiddu varlega langsum og smurðu salati gerðu úr eggjum og hangikjöti milli sneiðanna. Árið 1983 voru menn orðnir djarfari og í nóvemberriti Eldhúsbókarinnar var allvígaleg rækjubrauðterta á forsíðunni auk þess sem á síðu tvö var svokallaðri „fimmlaga veislubrauðtertu" lýst af ákafa, með þeim fyrirvara þó að brauðtertan sé „[...]geysistór og hentar því aðeins stórum veislum". Þar fengu lesendur að kynna sér gerð kringlóttra brauðtertna sem þóttu afar móðins. Ein slík var brauðterta með eggjum og kokteilpylsum, en sú var fyllt með dýrindis fyllingu sem þætti heldur óvanaleg í dag, m.a. var hún smurð lifrarkæfu blandað með viskíi.

Ef einhver vill spreyta sig á þeirri veislu má sjá uppskriftina hér í boxi að neðan.

Brauðtertur hafa haldið velli öll þessi ár og þótt og þykja enn ómissandi á mannamótum allt frá skírnarveislum til jarðarfara. Hin klassíska íslenska terta er þekktust með hangikjöts- eða rækjusalati og skreytt sítrónum, dilli, vínberjum eða öðrum lystilegum afskurði en yfir árin hafa komið ýmsar misskemmtilegar útfærslur af þessum þjóðarrétti sem á alltaf við, sama hvert tilefnið er.

### Íslandsmeistaramótið í brauðtertugerð 2024

Úrslit frá Íslandsmótinu í brauðtertugerð voru kynnt við mikinn fögnuð þann 13. nóvember sl. í útgáfuhófi Stóru brauðtertubókarinnar, en uppskriftir að verðlaunatertunum frá Íslandsmótinu er einnig að finna í bókinni ásamt fjölda annarra girnilegra uppskrifta.

Verðlaunaafhending var í húsakynnum Hússtjórnarskólans í Reykjavík, en Marta María Arnarsdóttir skólameistari segist reyna að samþykkja allar skemmtilegar fyrirspurnir sem henni berast og þetta hafi sannarlega verið ein þeirra. Mikil stemning var hjá nemendum skólans sem útbjuggu lystilega vel gerðar brauðtertur fyrir gestina undir stjórn matráðar skólans, Guðrúnar Sigurgeirsdóttur, en þeim var skolað niður með kampavíni. Friðrik V. Hraunfjörð matreiðslumeistari, þekktur undir nafninu Friðrik fimmti, var þeim einnig innan handar enda vanur handverksmaður, ekki síst þegar kemur að brauðtertuskreytingum.

Svala Sveinbergsdóttir og tengdasonur hennar, Guðmundur Kristinsson, unnu Íslandsmeistaratitilinn í brauðtertugerð en verðlaunabrauðtertan var rækjuterta sem var bæði unaður á að líta og smakkaðist vel. Sonur Svölu, Hilmar Daníelsson, tók við verðlaununum fyrir þeirra hönd en það var 120 þúsund kr. gjafabréf hjá Icelandair.

Í Stóru brauðtertubókinni má finna tertuna undir heitinu Brauðterta Purpurarósarinnar, bæði falleg, góð og frumleg samkvæmt dómnefnd.

Aðrir verðlaunahafar voru þau Steinunn Erla Sigurðardóttir fyrir fallegustu brauðtertuna; hangikjötstertu, Magnús I. Björgvinsson fyrir bragðbestu brauðtertuna; rækjutertu, Berglind Ellý Jónsdóttir fyrir þá frumlegustu; rækju og Ritzkex tertu og sérstök verðlaun hlaut Ingimar Flóvent Marinósson fyrir þá sem paraðist best við kampavín; túnfisktertu.

### Brauðtertufélag Erlu og Erlu á Facebook

Má sjá að gengi brauðtertunnar er síður en svo á undanhaldi, enda stofnuðu stöllurnar Erla Hlynsdóttir og Erla Gísladóttir Brauðtertufélag Erlu og Erlu bæði í gamni og alvöru árið 2019. Í dag eru í þessu félagi um 18.000 einlægra aðdáenda um brauðtertur, sem skiptast á ráðum, uppskriftum og almennum fróðleik þessarar ljúffengu menningararfleifðar.

Áhugafólk ætti því endilega að kanna málið á samfélagsmiðlinum Facebook og ekki halda aftur af sér heldur ganga í félagið.




### Brauðterta með eggjum og kokteilpylsum



3 kringlóttir brauðtertubotnar, smjör.
Fylling 1: 200 g lifrarkæfa 1,5 dl rjómi,
1 msk. koníak eða viskí
Fylling 2: 100–150 g beikon eða spægipylsa,
2 dl sýrður rjómi, 2 msk. sinnep, hvítlauksostur.
Skraut: 5 sýrðar litlar rauðrófur, 2 epli, 1–2 dl sýrður rjómi, nýmalaður svartur pipar, 5–10 brúnaðar kokteilpylsur, 4–5 harðsoðin egg, steinselja.

Hrærið lifrarkæfuna með rjómanum og áfenginu og smyrjið á neðsta botn tertunnar. Skerið spægipylsuna eða beikonið í bita og brúnið lítillega. Kælið, setjið sýrðan rjóma og sinnep saman við og smyrjið á næsta botn. Setjið þriðja botninn ofan á og smyrjið hvítlauksosti yfir alla tertuna. Skerið rauðrófurnar í örsmáa bita og rífið eplin á rifjárni. Setjið saman við sýrðan rjóma og bragðbætið með pipar. Setjið salatið ofan á brauðtertuna og skreytið með kokteilpylsum, eggjabátum og steinselju.

*Úr 11. tbl. Eldhúsbókarinnar, nóv. 1983.*


BETRA PLAN
FYRIR ÍSLAND
SÓSÍALISTAFLOKKUR
ÍSLANDS


FÆR Í FLESTAN SNJÓ
DEFENDER
ENNEMM / SÍA / NM024310
Aukabúnaður á bíl. Húddmerking, brettakantar, snorkel, hliðarstigi og þakgrind
5
ÁRA
ÁBYRGÐ
Land Rover Defender
Verð frá: 13.990.000 kr.
Bílar til afhendingar bráðlega
JAGUAR LAND ROVER
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK. Sími: 525 6500, www.landrover.is

# Rækta grænmeti neðanjarðar

Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is



**Fyrirtækið VAXA framleiðir nú salat, sprettur og kryddjurtir í tveimur löndum. Fyrsta gróðurhúsið var byggt í Grafarholti árið 2017 en það seinna var sett upp neðanjarðar í sandsteinsnámu í Svíþjóð.**

Andri Björn Gunnarsson og Andri Guðmundsson standa á bak við grænmetisræktunina VAXA. Andri Björn stofnaði fyrirtækið á sínum tíma þegar hann reisti gróðrarstöðina í Grafarholti. Markmiðið var að hans sögn að rækta grænmeti á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt allan ársins hring. Nýlega fór fyrirtækið í útrás til Norðurlandanna, fundu sér óvenjulegt framleiðsluhúsnæði nálægt borginni Örebro í Svíþjóð og í ársbyrjun 2024 hóf fyrirtækið sölu á grænmeti frá VAXA í sænskum matvöruverslunum.



**Sandsteinsnáman í Svíþjóð er 400.000 fm og 40 metrum undir yfirborði jarðar. Aðkoman er eins og að koma að jarðgöngum eða bílakjallara og er náman öll á einni hæð og alveg flöt.**



**Andri Björn Gunnarsson og Andri Guðmundsson standa á bak við grænmetisræktunina VAXA.**



**Fyrsta ræktunin í námunni byrjaði í einu herbergi og er ræktunin í stýrðu umhverfi. Klettaveggirnir eru klæddir með panelum til einangrunar og ljós og loftræsting stýra hitastigi, kæla og taka raka.**

### *Römbuðu á sandsteinsnámu í Svíþjóð*

„Við fórum af stað árið 2021 en okkur langaði að stækka og ekki bara vera á Íslandi. Við keyrðum um allt; Svíþjóð, Noreg og Danmörku og enduðum síðan í þessu verkefni hér í Svíþjóð. Ég hafði búið í Svíþjóð í sjö ár sem hjálpaði mikið, þetta er stærsti Norðurlandamarkaðurinn fyrir grænmeti og síðan fundum við frábæra fasteign til að vera í," segir Andri og á hann þá við sandsteinsnámu sem þeir félagar römbuðu á fyrir tilviljun.

„Mér fannst þetta fáránleg hugmynd. Rosafyndið en aldrei að fara að gerast. Ég taldi að þarna væri örugglega blautt og kalt og svo fíla ég ekki köngulær. Andri Björn var meira á því að þetta væri rétti staðurinn og við þyrftum að skoða hann."

Í janúar 2022 flugu þeir til Svíþjóðar og skoðuðu námuna, sem er 400.000 fm og 40 metrum undir yfirborði jarðar. Aðkoman er að þeirra sögn eins og að koma að jarðgöngum eða bílakjallara.

„Náman er algjörlega flöt með nokkrum göngum og á hverjum gangi eru svokölluð „herbergi". Eftir að sandsteinsgreftri lauk í kringum 1980 hefur náman verið notuð sem pappírsgeymsla en sú starfsemi hefur dregist saman svo VAXA situr nánast eitt um námuna. Aðgengi er gott en 18 hjóla trukkur getur vel keyrt þarna inn. Mjög öflug rafmagnstenging er í námunni sem er mjög mikilvægt í ræktuninni. Náman leit því ótrúlega vel út og nú, 10.000 fermetrum síðar, erum við byrjaðir að afhenda fullt af grænmeti á sænska markaðinn, bæði í búðir og á veitingastaði," segir Andri.

### *Stærðin skipti máli*

Stærðin og staðsetning námunnar heillaði þá félaga og nefna þeir hversu stutt er í stærri borgir Skandinavíu; tvo og hálfan tíma taki að keyra til Stokkhólms, þrjá til Gautaborgar, fjóra til Osló og sex tíma til Kaupmannahafnar.

„Það var líka ákveðin fegurð í því að þurfa ekki að byggja hús og í raun endurnýta það sem er til nú þegar. Við erum líka ekki að taka ræktarland frá neinum. Þegar þú skoðar land eða húsnæði þá takmarkast stækkun fyrirtækisins svolítið af stærðinni á landinu eða húsnæðinu sem þú kaupir. Þú þarft kannski að leigja landið við hliðina á líka og þá ertu farinn að borga leigu af því jafnvel löngu áður en þú ferð að nota það. Hér getum við nánast bara lengt framleiðslulínuna eftir pöntun. Við byrjuðum bara á því að leigja 1.000 fm og bættum síðan við 2.000 fm og svo koll af kolli," segir Andri Björn.

Leigukostnaðurinn var líka einn af kostunum við námuna en samkvæmt Andra er leigan mjög hófleg, enda ekki mikil eftirspurn eftir ónotuðum saltsteinsnámum.

### *Fullkomlega stýrt umhverfi*

Fyrsta ræktunin í námunni byrjaði í einu herbergi sem er um 11 metra breitt og 5 metrar á hæð og 100 metrar á dýpt. Engir stálveggir halda þessu rýminu uppi, heldur klettaveggir sem skilja herbergin að. Í fyrsta herberginu var sett upp bekkjarkerfi, klettaveggirnir voru klæddir með panelum til einangrunar, ljós sett upp og loftræsting til að stýra hitastigi, kæla og taka raka.

„Munurinn á okkur og öðrum gróðurhúsum er að við erum í algjörlega lokuðu rými. Við notumst ekki við sólarljós heldur setjum í staðinn upp ljós-díóður og getum því verið neðanjarðar. Þessi hefðbundnu gróðurhús eru óeinangruð og þurfa því alltaf að vera kynt. Við erum hins vegar í algjörlega lokuðu boxi með alla þessa lýsingu og þurfum því alltaf að vera að kæla. Þótt það sé 20 stiga frost á Íslandi eða í Svíþjóð í margar vikur hefur það ekki áhrif á okkur," segir Andri.

Þeir hafa nú þegar lokið við að setja upp fjögur slík herbergi og eftir áramót stefna þeir á að auka við sig fimm herbergjum í viðbót.

### *Stöðugleikinn heillar*

Hitastigið í námunni er alltaf 10 til 12 gráður allt árið um kring. Náman er frostfrí þar sem hún er 40 m undir yfirborði.

„Stöðugleikinn er það sem okkur finnst rosalega áhugavert. Að hafa aðgang að stöðugleika í landbúnaði, sem hefur í gegnum aldirnar stýrst af ytri aðstæðum, eins og veðurfari eða árstíðum, er mjög verðmætt. Við þurfum ekkert að pæla í hvort það sé heitara eða kaldara á morgun eða hvort það muni rigna eða þá kannski rigna of mikið. Við getum einbeitt okkur að því að finna hagkvæmari leiðir til ræktunar," segir Andri Björn en Andri bætir við: „Þessi náma er frábær en við erum þó ekki orðnir eitthvað námuræktunarfyrirtæki. Við getum alveg ræktað ofanjarðar líka."

Þeim hugnast að framleiða í algjörlega stýrðu umhverfi. „Í mörgum gróðurhúsum dettur framleiðsla kannski niður um 20 til 30 prósent um veturinn því sólin minnkar. Við lendum ekki í því. Að hafa þennan stöðugleika einfaldar hjá okkur reksturinn. Eftirspurnin hjá viðskiptavinunum minnkar ekki þótt það komi vetur. Þá er bara aukinn innflutningur á grænmeti og við viljum draga til muna úr þörfinni á óumhverfisvænum innflutningi,"segir Andri.

### *VAXA og VÄXA*

VAXA selur vörur sínar til helminga í matvörubúðir og til heildsala á veitingastaði í báðum löndum. Í ágúst kynntu þeir nýjar umbúðir og samræmdu vörulínur sínar á Íslandi og í Svíþjóð. Horfa þeir Andri og Andri Björn björtum augum til framtíðar og telja mörg spennandi tækifæri vera bæði á íslenska og sænska markaðnum.

„Við viljum vaxa bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Það eru frábær tækifæri á báðum mörkuðum. Okkur finnst grænmetisgeirinn mjög áhugaverður. Það verður mikið í gangi í honum næstu áratugina. Við höfum fjárfest mikið í fyrirtækinu sem við teljum að eigi eftir að skila okkur," segir Andri.

### *Sjálfbærari og umhverfisvænni ræktun*

Andri Björn og Andri vilja leggja sitt af mörkum í að auka fæðuöryggi og finna sjálfbærri og umhverfisvænni leiðir í ræktun á grænmeti.

„Matvælaframleiðsla er eitt af hlutunum í heiminum sem við þurfum að finna út úr. Við erum nú þegar að nota rosamikið af landinu sem við eigum til. Okkur er að fjölga mikið, við erum að flytja mikið af mat og við hendum mikið af mat. Landbúnaður úti á akri er undir mikilli pressu og til lengri tíma litið getum við ekki fengið sama magn eða meira magn af landi til þess að fæða fleira fólk. Þetta er eitt af mörgu sem við þurfum að finna út úr," segir Andri Björn. Hann sér mikla möguleika á aukinni framleiðslu innanlands. „Það er hægt að draga úr innflutningi og neikvæðu áhrifunum sem núverandi framleiðsla hefur. Það sem við erum að gera núna er kannski rosalítið í stóru myndinni en einhvers staðar þarf að byrja. Við höfum fulla trú á þessum geira til framtíðar. Hollur matur framleiddur á skikkanlegan og betri máta er áhugavert til lengri tíma litið," segir Andri Björn.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is


XF
Það er komið að þér
Stöndum vörð um fjölskyldubúið: styðjum við aukna verðmætasköpun í landbúnaði, ferðaþjónustu og lífrænni framleiðslu.
Tryggjum öllum heilbrigðisþjónustu. Við eigum öll jafnan rétt hvar sem við kjósum að búa á landinu.
Eflum sjávarplássin okkar og gefum handfæraveiðar frjálsar.
Stóreflum vetrarþjónustu á vegakerfinu til að tryggja aukinn opnunartíma og bætum ástand vega með stórbættu viðhaldi.
Jarðgöng og samgöngur eru nauðsyn, ekki lúxus; gera skal jarðgangagerð að föstum lið í fjárlögum með að minnsta kosti tvenn jarðgöng í vinnslu á hverjum tíma.
Flokkur fólksins
flokkurfolksins.is


Husqvarna®
HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.
• Steinsagir
• Kjarnaborvélar
• Jarðvegsþjöppur
• Sagarblöð
• Kjarnaborar
Þjónustuverkstæði og varahlutir
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm
Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150 mm Max
Husqvarna K770 14”
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata
Husqvarna FS400 LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg
Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna K4000 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



Fjöldi veiðidaga er ákveðinn eftir stofnstærð rjúpunnar í hverjum landshluta. Mynd / Úr safni

# Rjúpan stygg í snjóleysi

**Áki Ármann Jónsson, formaður Skotvís, segir rjúpnaveiðina fara vel af stað. Fuglinn sé hins vegar styggur og dreifður þar sem jörð er auð.**

Hann segir að víðast um land hafi veðrið ekki verið hagstætt til rjúpnaveiða. Þegar það er hlýtt og lítill snjór er fuglinn dreifður og sérstaklega var um sig. „Hún fer ekki að róast fyrr en það fer að snjóa í fjöll," segir Áki. „Þá getur hún alltaf leitað í snjóinn."

*Ein rjúpa á hvern veislugest*

Áki hefur ekki enn þá fengið töluleg gögn um gang veiðanna, en þeir veiðimenn sem hann hefur talað við segjast hafa fengið nóg af fuglum. Samkvæmt könnunum Skotvís undanfarin ár þurfa veiðimenn að meðaltali níu rjúpur í jólamatinn fyrir sína fjölskyldu. Áki segir eina rjúpu duga að jafnaði fyrir hvern veislugest. Á hverju ári eru fjögur til fimm þúsund einstaklingar sem fara í rjúpnaveiði en Áki segir veiðimenn yfirleitt vera fleiri þegar mikið er af rjúpu.

„Um níutíu prósent veiðimanna fara fyrstu helgina. Síðan fara þeir lítið eftir það nema það sé gríðarlegur skortur í jólamatinn," segir Áki en Skotvís leggur reglulega könnun fyrir sína félagsmenn til þess að átta sig á hegðun þeirra. „Fjöldi veiðidaga hjá veiðimönnum er að meðaltali í kringum fjóra," bendir Áki á.



Áki Ármann Jónsson.

Samkvæmt Skotvís sýni þessi gögn fram á að fjölgun veiðidaga ætti ekki að hafa þau áhrif að ásókn veiðimanna verði mikið meiri.

*Flestir veiðidagar á Austurlandi*

Veiðitímabilið hófst föstudaginn 25. október og er núna í fyrsta skipti mislangt eftir landshlutum. Á Austurlandi eru veiðidagarnir 43 og sá síðasti 22. desember. Á Vestfjörðum eru dagarnir 25 og veiði hætt 26. nóvember. Í öðrum landshlutum eru veiðidagarnir 20 og þar er óheimilt að veiða rjúpu eftir 19. nóvember. Ekki má veiða rjúpu á miðvikudögum og fimmtudögum.

„Það var gefin út ný stjórnunar- og verndaráætlun fyrir rjúpu núna í haust og þar eru veiðarnar landshlutaskiptar, en hún er í misjöfnu ástandi eftir landshlutum. Þá er verið að veiða lengur á þeim stöðum þar sem hún stendur sig vel og minna þar sem hún stendur sig verr," segir Áki. Umhverfisstofnun mun leggja til við ráherra á hverju ári hversu lengi skal veiða á hverjum stað út frá reiknilíkani sem var tekið í gagnið í ár. Það byggir meðal annars á gögnum úr veiðikortakerfinu og talningum Náttúrufræðistofnunar Íslands. /ál



Eftir mikla leit fundu Bessi og Borja bónda sem gat útvegað þeim fjölbreytt úrval lífrænna ávaxta. Myndir / Aðsendar

# Ávextir beint frá spænskum bónda

## – Voru þreyttir á litlum gæðum í verslunum

**Rekstur norðlenska innflutningsfyrirtækisins Fincafresh hefur vaxið jafnt og þétt síðan það var sett á laggirnar fyrir tæpum tveimur árum.**

Nú eru nokkur hundruð aðilar komnir á áskriftalista og fá kassa af ferskum ávöxtum með reglulegu millibili.

Stofnendur fyrirtækisins eru Bessi Ragúels Víðisson frá Dalvík og Borja Lagúna López frá Spáni. Þeir kynntust þegar sá síðarnefndi flutti til landsins til að spila fótbolta á Dalvík árið 2019. Bessi segir þá hafa verið þreytta á lélegum gæðum ávaxta í verslunum hér á landi og ætlað sér fyrst að flytja inn eitt bretti af ferskum ávöxtum fyrir Dalvíkinga.

„Síðan komumst við að því að það er ekki hægt að flytja inn á eigin nafni. Þú þarft kennitölu fyrirtækis og alls kyns leyfi," segir hann. Því var Fincafresh sett á laggirnar og hefur reksturinn undið upp á sig frá því innflutningur hófst í október 2022.



Borja Lagúna López og Bessi Ragúels Víðisson, stofnendur Fincafresh, selja fólki ávexti í áskrift sem eru fluttir til landsins beint frá Andalúsíu á Spáni.

*Lítill búgarður á Andalúsíu*

Þegar félagarnir voru að leita sér að birgja byrjuðu þeir á því að fara til Andalúsíu á Spáni, en þar sem Borja er spænskur vissi hann að þar væri blómleg ræktun fjölbreyttra ávaxta. Eftir mikla leit fundu þeir lítinn bónda sem var í vandaðri lífrænni ræktun og var tilbúinn til að útvega þeim varning og fá þeir núna nánast allar sínar vörur frá honum.

Engin bein aðdráttaleið er frá Andalúsíu til Íslands. Bessi og Borja komu því á fót nýrri flutningaæð þar sem vörubíll keyrir nánast viðstöðulaust frá búgarðinum í Andalúsíu til Rotterdam í Hollandi. Þaðan er ávöxtunum síðan siglt til Íslands. Innflutningurinn hleypur á þónokkrum brettum í hverjum mánuði.

*Tíu daga gamalt*

„Við pökkum þessu öllu sjálf á Akureyri. Við erum með færiband þar sem við förum yfir hvern einasta ávöxt í höndunum og reynum að passa að það fari ekkert ónýtt í kassann," segir Bessi. Þegar sendingar berast reyna félagarnir ásamt starfsfólki að pakka öllu á innan við sólarhring og eru ávextirnir að jafnaði tíu til tólf daga gamlir þegar þeir skila sér til áskrifenda. Til samanburðar bendir Bessi á að ávextir geti verið allt að tveggja mánaða gamlir í stórmörkuðum.

„Flestir af okkar áskrifendum djóka með það að við séum búnir að skemma neysluvenjur þeirra því



Ávextir í kassa frá Fincafresh.

þeir geta aldrei verslað ávexti aftur í lágvöruverðsverslun." Bessi segir að um leið og fólk smakkar vöruna þeirra spyrji það sjálft sig hvað það sé búið að borða undanfarin ár. „Ég held að okkar ávextir séu á pari við það og jafnvel nýrri en það sem fæst í stórverslunum á Spáni," segir Bessi.

Félagarnir leggja mikið upp úr því að vera alfarið með árstíðarbundna vöru. „Það þýðir það að þegar appelsínur eru ekki í árstíð þá seljum við ekki appelsínur því við fáum þær ekki. Þetta er okkar leið til að tryggja að það sem þú færð er bara glænýtt," segir Bessi.

*Tuttugu tegundir af mangó*

Honum finnst skemmtilegt að geta flutt inn nýjar tegundir af ávöxtum sem Íslendingar hafi ekki kynnst. „Fólk heldur kannski að það sé ein tegund af mangó og ein tegund af appelsínu. Við erum búin að flytja inn yfir tuttugu tegundir af mangó og fimm tegundir af appelsínum, tíu tegundir af mandarínum og tíu tegundir af plómum. Við höfum komið með japanskar mandarínur sem eru grænar, blá granatepli og hvít granatepli, drekaávexti, kirimoja og kaki. Listinn er ekki tæmandi og ég gæti haldið áfram lengi." /ál




LÝÐRÆÐISFLOKKURINN
FYRIR LAND OG ÞJÓÐ



**Elvar Eyvindsson bóndi skipar 1. sætið í Suðurkjördæmi fyrir Lýðræðisflokkinn**

- Það er lýðheilsumál að vita hvaðan maturinn kemur og við teljum að það sé forsenda fyrir sjálfstæði og frelsi hverrar þjóðar að framleiða eigin matvæli
- Við verðum að vera sjálfbær í landbúnaði
- Gerum sömu kröfur og við gerum til innfluttra matvæla og við gerum til innlendra með tillit til gæða, aðbúnaðar búfénaðar og notkunar á sýklalyfjum
- Vaxtakjör og lánaumhverfi á Íslandi þarf að gjörbreyta því það er stór liður í rekstri í búskap og skiptir öllu máli er kemur að nýliðun
- Til að ná þessum markmiðum ætlum við að verja landbúnaðinn með þeim aðferðum sem þarf í samvinnu og sátt við bændur

**Áfram íslenskur landbúnaður**
**Kjósum X-L**

**Fyrir land og þjóð**

nowfoods.is

# Veldu betur í vetur

Vörurnar frá NOW innihalda einungis hráefni í hæsta gæðaflokki fyrir hámarks virkni. NOW leggur mikinn metnað í rannsóknir og prófanir og því geturðu verið viss um að fá hágæða D vítamín og önnur bætiefni sem virka. Veldu betur í vetur, veldu D vítamín frá NOW.




**Gæði**
**Hreinleiki**
**Virkni**

Bætiefni koma ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki neyta meira af vörunni heldur en ráðlagður daglegur neysluskammtur segir til um án ráðlegginga frá lækni. Ófrískar konur, konur með börn á brjósti og þeir sem eru að taka lyf ættu einnig að ráðfæra sig við lækni varðandi inntöku bætiefna. Geymist þar sem börn ná ekki til.

NOW®
Síðan 1968

## Vöruhönnun:

# Ný framleiðsla á æðardúnshúfum og -lúffum

**Íslenskur æðardúnn er verðmætur og fágætur og því eftirsóttur sem hráefni til framleiðslu á vönduðum æðardúnsvörum. Mest hefur farið fyrir sængurvörum, en ýmsar aðrar vörur eru í framleiðslu og er nú von á fyrstu æðardúnshúfunum og -lúffum frá hönnunarteyminu Erindrekum.**

Æðardúnninn þykir hafa eiginleika sem eru einstakir; mýkt og léttleika, auk þess að einangra sérstaklega vel.

### *Samstarf við æðarbændurna á Skálanesi*

Þær Íris Indriðadóttir og Signý Jónsdóttir eru í vöruhönnunarteyminu Erindrekar sem vinna að ýmsum verkefnum í hönnun og listum – og eru með vörulínu í undirbúningi ásamt Sigmundi Páli Freysteinssyni, fatahönnuði, þar sem æðardúnn frá Skálanesi í Seyðisfirði leikur lykilhlutverk.

„Við höfum síðastliðin sex ár verið viðloðnar æðarvarpið í Skálanesi í Seyðisfirði hjá æðarbændunum Sigrúnu Ólafsdóttur og Pétri Jónssyni.“ segir Íris. „Samband okkar við þau kom þannig til að við tókum þátt í verkefni árið 2019 sem hét Tilraun II – æðarrækt, þar var þverfaglegur hópur fólks kominn saman og hann svo settur á stefnumót með æðarbónda einhvers staðar á landinu. Þannig kynntumst við Skálanesi og því frábæra fólki sem sinnir þar æðarvarpinu. Við urðum svona góðir vinir og nú fyrir tveimur árum spurðu þau hvort við hefðum áhuga á að hjálpa þeim í þessu, og við sögðum heldur betur já við því konungsboði. Síðan höfum við sinnt æðarvarpinu með þeim Sigrúnu og Pétri hvert vor, en einnig úrvinnslu á æðardúninum sjálfum.“

### *Fullvinnsla á dúninum mikilvæg*

„Við höfum mikinn áhuga á því að finna æðardúni á Íslandi enn frekara hlutverk. Við fengum til liðs við okkur fatahönnuðinn og textílsérfræðinginn Sigmund Pál Freysteinsson, en saman vinnum við nú að verkefni að koma æðardúni í flíkur. Nú fyrir jólin setjum við okkar fyrstu vörur á markað, í takmörkuðu upplagi til að kanna áhugann á þessum vörum á Íslandi. Um er að ræða húfur og lúffur. Efnin sem við veljum utan um dúninn eru 100 prósent bómullarefni sem eru vatns- og vindheld. Það kom ekki til greina að finna neitt nema góð og vottuð efni til að para saman við æðardúninn,“ útskýrir Signý.

Þær sjá fyrir sér að í komandi framtíð muni þær geta framleitt fleiri hluti eins og úlpur, vesti, trefla, buxur, pils, sjöl og fleira. „Það liggur í augum uppi að við hér á landi verðum að fullvinna æðardún þar sem við erum langstærstu framleiðendur á æðardúni á heimsvísu og sérfræðingar í að fullvinna dúninn. Við megum ekki glata þessum tækifærum og senda dúninn út án þess að fullvinna hann,“ bætir Signý við.



Signý Jónsdóttir, Sigmundur Páll Freysteinsson og Íris Indriðadóttir vinna saman að því verkefni að koma æðardúni í flíkur. Mynd / Ólöf Rut Stefánsdóttir

### *Annars flokks dún þarf að vera hægt að selja*

Þær segjast einnig hafa verið að berjast fyrir því að fá lögum um gæðamat á æðardúni breytt þannig að dún sem ekki fær vottun sé löglegt að selja. „Við höfum verið að sýna fram á notagildi annars flokks æðardúns til að sanna það að það sé heldur betur hægt að nýta dún sem fær ekki vottun. En það sprettur út frá því að á Skálanesi erum við að glíma við lúpínu sem festist í dúninum og fær því ekki vottun sökum örfínna trefja lúpínunnar, en þetta er um einn þriðji af okkar uppskeru ár hvert sem við fáum ekki að selja.

Nú nýverið vorum við tilnefnd til Hönnunarverðlauna Íslands fyrir verkefnið „Annars flokks“ þar sem við sýndum fram á möguleikana sem í annars flokks æðardúninum felast,“ segir Íris.



Von er á nýjum æðardúnsvörum úr smiðju vöruhönnunarteymisins Erindreka á næstu vikum, dúnhúfum og -lúffum. Mynd / Marino Thorlacius

### *Vinna með lúpínunni*

Þær segja að skipaður dúnmatsmaður votti allan dún sem seldur sé hér á landi og til að hægt verði að selja annars flokks æðardún þurfi að breyta lögum. „Í raun eru lögin nokkuð góð og halda í gamlar hefðir sem er mikilvægt, en þó mætti að okkar mati aðeins betrumbæta þau með tilliti til þess að æðardúnn sem fær ekki fyrsta flokks vottun ætti að geta fengið vottun, bara ekki sem fyrsti flokkur heldur einhverja undirflokkun.

Til þess að hafa það alveg á hreinu þá erum við núna í þessu nýja verkefni að vinna aðeins með fyrsta flokks æðardún,“ segir Signý.

Spurðar að því hvort ekki megi einfaldlega uppræta lúpínuna á landinu, segja þær að þeirra afstaða sé frekar að vinna með náttúrunni og henni. „Staðan er bara þannig að lúpínan er og verður hér á landi og við verðum bara að samþykkja það og vinna með henni, ekki á móti. Þetta eru lúpínubreiður í hektaravís, það er enginn möguleiki á því að uppræta hana.

Nú, svo elskar æðarfuglinn að verpa á þessu svæði, þarna er gott skjól og skrjáfið í undirlendinu sendir boð um hættu. Svo er þetta heimsins besti felustaðurinn og ekki förum við að taka það frá kollunni og ungum hennar,“ segir Íris.

Til að fylgjast með næstu skrefum hjá teyminu er hægt að fylgja þeim á Instagram, undir nafninu studioerindrekar, eða á Facebook-síðunni Erindrekar. /smh



„Staðan er bara þannig að lúpínan er og verður hér á landi og við verðum bara að samþykkja það og vinna með henni, ekki á móti.“ Mynd / Signý Jónsdóttir




JÓLASVEINASPILIÐ ER KOMIÐ Í VERSLANIR
JÓLASVEINASPILIÐ
Jólasveinaspilið er í anda spilsins „Veiðimaður“ þar sem markmiðið er að safna fjögurra spila samstæðum. Í stað hefðbundinna spila er spilað með íslensku jólasveinana. Á spilunum eru upplýsingar um jólasveinana og þeirra sérkenni. Spilið er hugsað til fróðleiks og skemmtunar.
Spilin eru stærri en hefðbundin spil 14,8 x 10,5 cm.
JÓLASVEINA-SPILIÐ
LITLA JÓLASVEINASPILIÐ
– SAMSTÆÐUSPIL –
THE SMALL YULE LADS GAME
– MEMORY MATCHING GAME –
LITLA JÓLASVEINASPILIÐ
Litla jólasveinaspilið er minni útgáfa af Jólasveinaspilinu en þá er spilað stæðuspil. Litla jólasveinaspilið er fyrir yngri aldurshópinn, einfaldari útgáfa þar sem einungis nöfn jólasveinanna eru á spilinu með myndinni. Nöfn jólasveinanna eru á íslensku og ensku á spilunum.
Stærð spila er 8 x 8 cm.
JÓLA-SVEINARNIR VERSLA Á HESPA.IS


Garðyrkja
Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá fræjum til afurða
Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016
Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is
Samhentir

# Fjárbændur í borginni

## – Létu gamlan draum rætast og fengu sér kindur

**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is





Guðmundur Gunnarsson, Jóhanna Eldborg Hilmarsdóttir og Kristófer Freyr Guðmundsson eignuðust útihús í Fjárborg í Reykjavík í lok árs 2020 og verða með 23 kindur í vetur. Guðmundur er úr Dýrafirði, Jóhanna er alin upp í Vestmannaeyjum og er Kristófer fæddur og uppalinn Skagfirðingur. Myndir / ál

**Jóhanna Eldborg Hilmarsdóttir, Guðmundur Gunnarsson og Kristófer Freyr Guðmundsson standa saman að fjárbúskap í Fjárborg í Reykjavík.**

Á Hólmsheiðinni í útjaðri byggðar Reykjavíkur er fjárhúsahverfið Fjárborg þar sem Jóhanna, Guðmundur og Kristófer eiga saman 23 kindur. Þau eignuðust fjárhúsin í lok árs 2020, en þau ákváðu að fara þessa leið í sauðfjárrækt þar sem þau höfðu ekki færi á að kaupa sér jörð og flytjast búferlaflutningum af höfuðborgarsvæðinu.

Þau segjast hafa lengi blundað með þann draum í maganum að fara í fjárbúskap, en þau eru öll utan af landi og komin undan bændum. Guðmundur er úr Dýrafirði og eiga Jóhanna og Kristófer ættir að rekja til Fljótanna í Skagafirði. Jóhanna og Guðmundur eru hjón og er Kristófer náfrændi Jóhönnu.

„Þetta er mikið til landsbyggðarfólk sem er hérna í sauðfjárrækt," segir Jóhanna. Þremenningunum telst til að það séu kindur í ellefu fjárhúsum í hverfinu. Í þremur húsum hafa fleiri en einn tekið sig saman um reksturinn en svo eru dæmi um einstaklinga sem vilja eiga eina eða tvær kindur og fá aðstöðu hjá öðrum. Í Fjárborg eru samtals 177 vetrarfóðraðar kindur. Á höfuðborgarsvæðinu er jafnframt sauðfjárhald í Garðabæ, Álftanesinu, Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjalarnesi. Þar að auki eru kindur hjá dr. Ólafi Dýrmundssyni í Breiðholtinu.

### *Endurnýjuðu fjárhúsin*

Þegar þau byrjuðu með fjárbúskapinn árið 2020 segir Jóhanna að þau hafi oft „hringt í vin" fyrstu misserin, en faðir Kristófers gat gefið ráð þar sem hann hefur lengi stundað fjárbúskap. „Svo er það þannig hérna í Fjárborg að fólk hjálpast að. Maður getur farið yfir til nágranna og það er rölt yfir með manni og spáð og spekúlerað og fundnar lausnir," segir Jóhanna. „Þetta er eins og með allt dýrahald. Þú kemur þér í samband við þá sem eru reynslumeiri, vita meira og kunna meira." Guðmundur bætir við að þau hafi orðið sér úti um mikið fræðsluefni sem þau hafa lesið til að læra sem mest um sauðkindina.

Þríeykið hefur endurnýjað fjárhúsin á undanförnum árum. Fyrst voru kindurnar á taði en í fyrrasumar endurbyggðu þau hluta mannvirkisins og komu fyrir grindum og stækkuðu rýmið. Gaflinn af gamla húsinu sést enn þá þegar farið er inn í fjárhús og sést stærðarmunurinn ágætlega.

### *Þurfa ekki að skipta dögum*

„Þetta er vinna, en þetta er skemmtileg vinna," segir Jóhanna. Þau fara í húsin minnst einu sinni á dag til að gefa en vakta kindurnar stöðugt í gegnum myndavélabúnað.



Ákveðin núllstilling felst í því að fara í fjárhúsin eftir vinnu til að sinna kindunum.

„Okkur finnst þetta svo skemmtilegt að við hittumst öll hérna að vinnudegi loknum og gefum í staðinn fyrir að skipta dögunum á okkur," segir Jóhanna.

„Það er rosalega friðsælt eftir annasaman dag að koma í húsin og fara í þessa verklegu vinnu við að hreinsa jötunnar og gefa," heldur Jóhanna áfram. Kristófer bætir við að umgengnin í kringum sauðféð feli í sér ákveðna núllstillingu.

### *Fullnýta skepnuna*

„Það á ekkert að vera einlitt," segir Guðmundur. Jóhanna tekur fram að þau séu markvisst að rækta sem flesta sauðfjárliti en hún segist hafa gaman af fleiri hliðum ræktunar. „Ég velti því mikið fyrir mér hvernig maður á að para saman til að fá sem sterkasta og heilbrigðasta afkvæmið með góða byggingu," segir hún.

Í stofninum eru fjórar hvítar kindur sem eru sérstaklega hugsaðar til að gefa af sér væn lömb, en Jóhanna segir nauðsynlegt að fá kjöt í frystikistuna. „Við slátrum heima til einkaneyslu en það sem er umfram það hefur verið sent í sláturhús," segir hún og bætir við að þau reyni að nýta skepnurnar eins mikið og hægt er. Til að mynda hafa þau látið spinna ullina af sínum ám og hefur Jóhanna prjónað peysur.

Þá gera þau svið og nýta allan innmat og segist Jóhanna hafa lagt sig fram við að hitta eldri húsmæður úr sveitum til að fá gamlar uppskriftir af bjúgum og hangikjöti og til að læra verklagið við nýtingu innmatarins. Með því segir hún sauðfjárræktina gefa þeim mun meira en ef þau létu duga að senda lömbin í sláturhús.

### *Samkomuhús og viðburðir*

Í Fjárborg er fjáreigendafélag og er mikil samvinna í kringum skepnuhaldið, eins og þegar kemur að viðhaldi girðinga, dreifingu áburðar á tún og fleira. Í götunni er samkomuhús og hefur félagið staðið fyrir aðventukaffi og þorrablótum. Þegar blaðamaður ræddi við þríeykið var hafinn undirbúningur að hrúta- og gimbrasýningu sem fór fram þann 16. nóvember síðastliðinn. „Það verður bikar fyrir flottasta hrútinn og flottustu gimbrina og viðurkenning fyrir flottasta litinn," segir Jóhanna. Hún bendir á að fjáreigendurnir í



Jóhanna hefur lært gamalt matarhandverk til að nýta kindurnar sem best. Þau hafa látið spinna ullina og er peysan á myndinni úr heimafenginni ull.

## 5 hlutir sem þau Jóhanna, Guðmundur og Kristófer geta ekki verið án



**1. Kaffistofan:** „Hérna tengjast allir."



**2. Myndavélakerfið:** „Nauðsynlegt til að fylgjast með."



**3. Smágrafan:** „Við nýtum hana í nánast allt."



**4. Skóflan:** „Ég get notað skóflu í ýmislegt."



**5. Hjólbörurnar:** Gagnast til að flytja hluti.

**Óskað er eftir tilboðum í Ford Transit árgerð 2016**





Bíllinn er ekinn 155.000 km. og er innréttaður sem verslun á hjólum.
Í farangursrými er kælir og frystir sem notaðir voru til þess að geyma vörur smáframleiðanda á Norðurlandi vestra.
Bíllinn er til sölu með eða án fylgibúnaðar.
Hann er lítillega tjónaður á toppi en hefur fengið gott viðhald.

**Frekari upplýsingar gefur Halldór í síma 896-7977.**



Í Fjárborg í Reykjavík eru 177 vetrarfóðraðar kindur í ellefu fjárhúsum.



Kristófer stendur við gafl fjárhúsanna þar sem stærðarmunurinn á nýju og gömlu byggingunni sést.

hverfinu séu með mikinn metnað og kemur matsmaður á staðinn til að taka sýningargripina út.

Jóhanna segir að fjáreigendafélagið sé núna að berjast fyrir því að fá að nýta áfram beitartún sem er rétt við Fjárborg en er búið að deiliskipuleggja sem byggingarland. „Við erum mjög háð því að hafa tún,“ segir hún og telur að ef þau missi aðgengi að beitarhólfi verði fjárhaldi á staðnum sjálfhætt, enda nauðsynlegt að geta sleppt kindunum út á vor- og haustbeit.

Guðmundur bendir á að ekki hafi tekist að undirrita lóðaleigusamninga fjáreigenda við borgina þrátt fyrir að þeir séu svo gott sem tilbúnir. Hann telur að það aftri uppbyggingu í hverfinu, en það á eftir að koma fyrir frárennsli, hitaveitu og götulýsingu. Hann er bjartsýnn á að samningar náist en þetta hafi verið óklárað verkefni of lengi.







## Svarfaðardalur:

# Fjósbygging reyndist örlagavaldur

## – Búhyggnir og þrautseigir bændur á Göngustöðum horfa fram á veginn eftir erfitt sumar

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is





Gunnar Guðmundsson og Auður Arnarsdóttir ásamt börnum sínum, Hilmari og Margréti Adele. Nýendurræktuð tún og stórbrotin fjöll í baksýn.
Myndir / ghp

**Þau féllu fyrir hvort öðru gegnum síma og reka nú saman afkastamikið bú. Þrátt fyrir að stutt sé í rammpólitíska brandara hjá hjónunum Gunnari Guðmundssyni og Auði Arnarsdóttur hefur árið verið bændunum þungt.**

Göngustaðir í Svarfaðardal er kúa- og sauðfjárbú rekið af tiltölulega ungum bændum, þeim Gunnari og Auði, sem búa þar ásamt tveimur ungum börnum sínum og foreldrum Gunnars – sem seldu þeim reksturinn fyrir nokkrum árum. Búskapurinn er blandaður. Mjólkurframleiðsla er þar veigamest, en þar eru um 70 árskýr. Einnig eru þar um 175 vetrarfóðraðar kindur og þar að auki með nautaeldi. Einnig eru allmargar hænur á bænum sem skaffa egg fyrir heimilið.

Ræktarland Göngustaða varð illa úti vegna ótíðar í sumar. Flestöll túna kólu og þurftu Gunnar og Auður að taka 25–30 milljóna króna yfirdráttarlán (að mestu) til þess að bregðast við áfallinu, bæði til að kosta efni til endurræktunar á túnum og kaupa hey svo þau geti viðhaldið eðlilegum búrekstri í vetur. Því ekki vilja þau fella skepnur og minnka framleiðslu, sem hefur undanfarin ár verið til fyrirmyndar þannig að tekið sé eftir. Þau hlutu meðal annars nautgriparæktarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar árið 2022 og eru tölfræðilega í fremstu röð mjólkurframleiðenda á landinu, með yfir 8.300 kíló á árskú. Þau bíða nú í von og óvon eftir niðurstöðum Bjargráðasjóðs um hvort, og þá hversu mikið, þau fái bætt vegna tjónsins.

En matvælaráðuneytið tilkynnti fyrir helgi að gert væri ráð fyrir að um 300 milljónum króna verði varið til stuðnings vegna tjóns bænda en alls bárust Bjargráðasjóði 123 umsóknir. Auður segist ekki eiga von á að fá nema hluta tjóns þeirra bætt enda sæki bændur ekki um tjónabætur nema um sannarlega mikið tjón sé að ræða, rétt eins og hjá þeim.

### *Þrefalt afurðatjón*

„Við urðum fyrir þremur afurðatjónum í sumar. Þetta byrjaði á kalinu. Síðan kemur snjórinn í júní og allar kindurnar voru teknar inn. Við misstum í kjölfarið 25 kindur úr júgurbólgum af 175 kinda hópi. Síðan rigndi eldi og brennisteini og ekkert sprettur hjá okkur. Þannig fengum við einhverjar 6–7 rúllur á hektara, í stað 15–20 í venjulegu árferði. Við uppskárum 600 rúllur en erum venjulega með yfir 2.000. Sem betur fer heyjaðist vel í fyrra svo við áttum mikið af fyrningum svo við þurftum bara að kaupa um þúsund rúllur," útskýrir Gunnar.

Þar að auki hafa lömbin komið léttari af fjalli og setja þurfti á fleiri lömb til að viðhalda framleiðslufjöldanum vegna þeirra áa sem þau misstu. „Við vorum reyndar ótrúlega heppin með það að kindurnar sem fengu júgurbólgu drápust áður en þær fóru á fjall. Þannig við náðum að skilja móðurlausu lömbin eftir heima. Okkur vantaði því ekki nema tvö lömb af fjalli," segir Gunnar upplitsdjarfur.

„En í staðinn voru 25 lömb hlaupandi hér um og ég hef ekki þolinmæði í svona rugl. Þau voru mörg svo dyntótt, það þurfti að dedúa við sum daglega í allt sumar," segir Auður. Hún kann heldur að meta fjósastörfin, annast kýrnar og huga að heilsu þeirra og mjöltum.

### *Sameiningartáknið Davíð Oddsson*

Gunnar ólst upp á Göngustöðum en foreldrar hans, Guðmundur Gunnlaugsson og Margrét Berglind Gunnarsdóttir, hófu búskap þar árið 1979. „Ég var fluttur á Akureyri en pabbi lenti inni á sjúkrahúsi árið 2008 og ég kom til að hjálpa mömmu í nokkra mánuði vegna þess. Svo hef ég ekki farið síðan," segir hann.

Hann sá fljótt fyrir sér að uppfæra þyrfti húsakost jarðarinnar til að viðhalda og stækka framleiðsluna. „Við byggjum fjárhús 2013 og svo nýtt fjós 2017 og tökum þetta svo í gegn árið 2018–2019," segir hann og meinar þá huggulegt íbúðarhús fjölskyldunnar í Göngustaðakoti rétt norðan við Göngustaði. Í fyrra var svo byggt nautahús og gamla fjósið var endurnýjað á árunum 2018–2020.

Það var einmitt í einum af þessum miklu framkvæmdum sem Gunnar og Auður kynntust. Árið var 2017. „Við keyptum allt nýja fjósið af Landstólpa, bæði húsið og tækjabúnað. Svo fer ég að kaupa af þeim kjarnfóður líka. Þá er Auður að sjá um það fyrir Landstólpa svo við þurftum að tala mjög reglulega saman í síma," segir Gunnar.



Auður unir sér vel við aða annast kýrnar, huga að heilsu þeirra og mjöltum.

Í þeim símtölum komust Gunnar og Auður að því að þau ættu margt sameiginlegt. „Við vorum með svipaðar skoðanir og svipaðan húmor. Þegar við komumst svo að því að við kusum bæði Davíð Oddsson í forsetakosningum áttuðum við okkur á því að þetta væri skrifað í skýin," segir Auður og hlær.

Gunnar gerðist svo kræfur að bjóða Auði á þorrablót í Svarfaðardal árið 2018. Fyrsta stefnumót þeirra var því innan um fjölskyldu og sveitunga Gunnars. „Auðvitað komu fjölskylda og vinir af fjöllum þegar þau sáu Auði enda hafði ég ekki sagt að það væri neinn að koma með mér á þorrablótið."

Skemmst er frá því að segja að Auður hefur varla farið frá Svarfaðardal síðan og voru þau Gunnar gefin saman akkúrat fimm árum eftir þorrablótið, í janúar árið 2023. Þau eiga tvö börn, Hilmar f. 2020 og Margréti Adele f. 2022.

### *Ástralía og Svarfaðardalur*

Auður er alin upp á kúabúinu Gunnbjarnarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en segist alls ekki hafa ætlað sér að verða bóndi. Þvert á móti bjó hún lengi í Ástralíu og hafði hugsað sér að setjast þar að. Hún flutti út árið 2011 þar sem hún vann á stóru kúabúi. Slíkur búskapur er harla ólíkur íslenskri mjólkurframleiðslu.

> Ísskápurinn er kannski tómur en ég næ einhvern veginn að finna leið til að gefa öllum að borða í fimm daga úr því sem til er ...

„Þar voru um 900 kýr sem voru mjólkaðar í hringekju og þau voru að fá um 25 krónur fyrir lítra. Vinnudagurinn byrjaði um klukkan hálf fjögur á morgnana með morgunstörfum til klukkan svona 10–12. Svo var aftur unnið frá klukkan tvö fyrir kvöldverkin sem kláruðust svona um sjöleytið."

Auður fann sig vel í Ástralíu og ákvað að hefja nám við flutningafræði. „Þetta kallast á ensku Logistics and Supply Chain Management og snýst um bestun í flutningakerfum. Mér fannst þetta skemmtilegt og hluti af þessu var launað verknám þar sem ég vann við gripaflutninga."

Þegar hún hafði verið sex ár í Ástralíu ákvað hún að kíkja aðeins heim í nokkra mánuði og starfaði hjá fjölskyldufyrirtækinu Landstólpa. Hún átti þó ekki afturkvæmt til Ástralíu en unir sér þess í stað afar vel í Svarfaðardalnum.

„Áður en ég kynntist Gunnari var ég að selja öðrum bónda í Svarfaðardal fóður í gegnum síma og hann hafði það á orði að ég yrði að koma því þetta væri fallegasti dalur á Íslandi. Ári síðar var ég bara flutt hingað og er alveg sammála honum. Ég hélt fyrst að ég fengi einhverja innilokunarkennd innan um fjöllin. En dalurinn er sjarmerandi, fjöllin eru kraftmikil og falleg og það er eiginlega ekkert fallegra en þegar maður labbar út úr fjósinu á kvöldin og horfir yfir dalinn í bleikum birtuskilyrðum," segir Auður.





Mjólkurframleiðsla er veigamest í búskapnum á Göngustöðum en þau ala einnig naut auk sauðfjárræktar.

### *Útsjónarsamir vinnuþjarkar*

Lífið á íslensku kúabúi er þó ekki síður annasamt. „Ég held að það gleymist oft hvað bændur vinna mikið. Við förum til dæmis fjórum sinnum á dag í fjós. Gunnar fer kl. 6.30 á morgnana til svona níu. Annaðhvort okkar fer svo aftur klukkan eitt til að mjólka hánytjakýrnar. Svo tökum við kvöldfjósatíma um fimmleytið og svo fer Gunnar aftur milli svona 9 og 10 á kvöldin. Það eru bara kýrnar," segir Auður en auk þess fylgir hinum daglegu störfum umönnun nauta, kinda, hænsna svo ekki sé minnst á heimilisstörfin, uppeldi á tveimur börnum, þvottur og eldamennska.

Þegar kemur að hinu síðastnefnda er Auður afar útsjónarsöm. Þau taka heim kjöt til heimilisbrúks og úr því vinnur hún góðmeti á borð við pylsur og kjötbollur. Þá býr hún til osta og bakar flest allt brauðmeti á heimilinu.



Myndarleg uppbygging hefur átt sér stað á Göngustöðum síðan Gunnar flutti aftur heim.





Mynd / Sigurgeir B. Hreinsson

Flestöll tún Göngustaða kólu (sjá mynd að ofan) og þurftu hjónin að ráðast í margra milljóna króna endurræktun og kaupa á heyi.

„Forgangsröðunin mín er sú að ég vil frekar að börnin borði hollan mat en húsið sé sprittað, enda er ég meira í eldhúsinu en fjósinu og mér þykir gaman að finna hvað ég get gert úr því sem til er. Við erum með mjólk, egg og fulla kistu af kjöti. Því þurfum við ekki að versla nema á tveggja til þriggja vikna fresti. Þá kaupi ég mikið af búrskápsvörum, fisk og hveiti en fæ fisk hjá sjómanni. Svo fáum við lífræna ávexti frá Andalúsíu í gegnum Fincafresh í áskrift og ég kaupi líka hjá Austurland Food Coop.“

Hún á það reglulega til að skora sig á hólm í nýtni á matvælum. „Ísskápurinn er kannski tómur en ég næ einhvern veginn að finna leið til að gefa öllum að borða í fimm daga úr því sem til er. Mér finnst gaman að para saman matvælin sem til eru og notast þá stundum við Pinterest.“

Úr þessari hagsýni hafa orðið til hinar ýmsu óvæntu kræsingar, til dæmis kjötmarinering úr ávöxtum og grillsósa úr rabarbara. Auður var nýbúin að pakka niður beikoni sem hún hafði sjálf unnið frá grunni. „Svo er ég búin að gera fjórar týpur af kjötbollum með kryddjurtum og engum aukaefnum. Við höfum það í frystinum sem fljótlegan mat. Við kaupum í raun ekkert tilbúið eða afar lítið. Leyfum okkur af og til pitsu á Dalvík en oftast er fljótlegra að baka eina heima en að fara niður eftir og sækja hana,“ segir Auður.

### *Af búvörusamningum og nýliðunarstuðningi*

Gunnar segir að forsjálni Auðar sé stór ástæða þess að þrátt fyrir hátt vaxtastig og þunga greiðslubyrði séu þau á góðum stað í lífinu.

„Um leið og vextir myndu fara niður um eitt og hálft eða tvö prósent yrði lífið okkar betra. En þetta gengur allt upp og við missum aldrei af afborgun,“ segir Gunnar hógvær en búreksturinn er skráður í einkahlutafélag og hefur aðeins tök á að greiða öðru þeirra laun sem nema um 380.000 krónum á mánuði.

„Það væri góð byrjun að geta greitt okkur báðum laun. Við erum ekki að fara fram á að vera með 700.000 krónur á mánuði og geta farið til útlanda þrisvar á ári. Heldur eingöngu að hægt verði að fara einhvern sanngjarnan milliveg,“ segir Auður þegar talið berst að afkomuvanda bænda og búvörusamningum.

Gunnar segist vilja endurskoða tilhögun framleiðslustýringar í mjólkurframleiðslu. „Ég er hrifinn af mjólkurkvóta en mér finnst þessi stærðarhagræðsla sérstök. Eftir 60 árskýr eru greiðslurnar lækkaðar og svo eru takmörk sett á kvótakaup. Ef við sæjum fyrir okkur að geta stækkað töluvert þá gætum við samt einungis bætt við okkur 150.000 lítrum af kvóta á ári. Það er sérstakt að refsa fólki fyrir að reyna að vera duglegt.“

Þá segir hann nýliðunarstuðning einnig takmarkaðan. „Þetta er sniðugur stuðningur, en bara fyrir suma. Þegar ég kaupi búið árið 2016 þá borga ég alveg jafnmikið og allir aðrir. Nema hvað, ég var ókvæntur, barnlaus og hafði ekki farið á Hvanneyri. Ég fékk núll. Á meðan fengu nágrannar mínir hátt í yfirleitt 10–15 milljónir króna. Ég byrja því alltaf þrepi neðar, en borga samt alveg jafnmikið fyrir jörðina og allt sem ég geri og þeir sem fóru á Hvanneyri,“ segir Gunnar.




Samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað eru umsækjendur með menntun á sviði landbúnaðar eða sem nýtist í landbúnaði settir í forgang fyrir nýliðunarstuðning ef sótt er um hærri fjárhæð en til úthlutunar er hverju sinni.

### *Vill skoða betur aðgerðir í loftslagsmálum*

Þrátt fyrir erfitt búrekstrarár horfa hjónin björtum augum til framtíðar. „Við erum ekki landmikil svo frekari stækkunarmöguleikar eru takmarkaðir. Þannig nú er verkefnið að auka afurðirnar á hverja skepnu og grípa svo þau tækifæri sem kunna að gefast,“ segir Gunnar og Auður nefnir í því samhengi mögulega kjötvinnslu og eða aðra matvælaframleiðslu.

Þá eru þau nýir þátttakendur í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður. Auður segir að verkefnið sé athyglisvert, það snúist um markmiðasetningu og jafningjafræðslu. Flest markmið í loftslagsmálum leiði til betri búrekstrar og nefnir sem dæmi betri lifun lamba og aukinn fallþunga sem og bætt sýrustig jarðvegs á túnum sem leiðir til betri áburðarnýtingar.

„Þetta er áhugavert, en ég er ekkert endilega sammála öllu sem þarna kemur fram. Það sem situr helst eftir var þegar verið að tala um hvað kýr menguðu mikið og að það ætti að gefa þeim einhver efni til að minnka losun vegna iðragerjunar. Þessi efni innihalda nítrít sem er þekktur krabbameinsvaldur. Ég vildi vita hver langtímaáhrifin væru af því en fékk ekki svör. Ég ætla ekki að setja vísvitandi krabbameinsvaldandi efni í mína aðaltekjulind nema ég viti fyrir víst að það skaði ekki kýrnar mínar. Af hverju að setja þetta í dýrin ef þú vilt ekki borða þetta sjálfur?“

Þá segist hún enn fremur vilja fá skýrari raunmælingar á losun í búrekstri á Íslandi, sérstaklega áður en þau leggi út í mikinn kostnað í nafni loftslagsvænni búskapar. Hún tekur dæmi. „Því er haldið fram að mykjuhúsin losi tiltekið magn gróðurhúsalofttegunda, en þær tölur eru byggðar á dönskum rannsóknum þar sem mykjan fer upp í tuttugu gráðu hita á sumrin. Hitastigið í okkar mykjuhúsi fór örugglega aldrei upp fyrir þrjár gráður í sumar. Það er mikill munur þar á. Af hverju eigum við að fara að kosta í breytingar til að minnka losun frá mykjuhúsinu okkar þegar það liggur ekki einu sinni fyrir hver losun okkar er? Væri ekki hægt að fjármagna raunmælingar svo við séum ekki að leggja í framkvæmdir að óþörfu?“ spyr Auður.

### *Jólaskrautið Brynjar Níelsson*

Aðventan nálgast og kosningar einnig og fyrsta jólaskrautið er komið upp í Göngustaðakoti. Það er innrömmuð mynd af Brynjari Níelssyni í jólapeysu. „Ég klippti hana út úr Mogganum og rammaði hana inn. Jólaskraut sem kostaði nær ekkert. Fólki fannst þetta fyrst skrítið en nú er farið að spyrja eftir honum. Þetta er uppáhaldsjólaskrautið mitt og alltaf það fyrsta sem fer upp á þessu heimili,“ segir Auður að bragði.



Bretland:

# Skortur á dýraeftirlitsmönnum

**Eingöngu 2,5 prósent af 300.000 búum fengu eftirlitsheimsókn minnst einu sinni á árunum 2022 og 2023.**

Á Englandi, Skotlandi og Wales er eingöngu einn dýraeftirlitsmaður fyrir hverja 878 bóndabæi. Af þeim búum sem fengu eftirlitsheimsókn reyndust 22 prósent ekki uppfylla kröfur um dýravelferð. Gefin var út kæra í einu prósenti tilfella þar sem kröfum var ekki fylgt. The Guardian greinir frá.

Gagnrýnendur benda á að þetta kerfi bregðist dýrunum og eru óhæfir umráðamenn dýra óáreittir. Lítið mál sé að setja umfangsmikið regluverk um velferð dýra en stjórnvöld þurfa að láta aðgerðir fylgja. Í Englandi, Skotlandi og Wales er dýraeftirlit á ábyrgð sveitarfélaga á meðan ríkið sér um þann málaflokk í Norður-Írlandi. Þar er einn eftirlitsmaður á hverja 62 bæi. *ál*


Hver eftirlitsmaður á Englandi, Skotlandi og Wales þarf að sinna 878 bóndabæjum. Mynd / Veronica White

# Bændur mótmæla erfðaskatti

**Til stendur að taka úr gildi undanþágu á erfðaskatti fyrir jarðir sem eru metnar á meira en 180 milljónir króna. Það hefur vakið reiði meðal bænda.**

Þann 19. nóvember síðastliðinn komu þúsundir bænda saman í miðborg Lundúna til þess að mótmæla stefnu stjórnvalda. Samkvæmt nýjum fjárlögum mun undanþága á erfðaskatti vegna bújarða breytast árið 2026. Nú eru bújarðir alveg undanskildar skattinum, en í apríl 2026 stendur til að hefja innheimtu á 20 prósent skatti vegna bújarða sem eru meira en 180 milljóna króna virði. Sú skattprósenta er helmingi lægri en vegna hefðbundinna erfðamála. Frá þessu greinir The New York Times.

Þrátt fyrir að stjórnvöld fullyrði að 73 prósent bújarða verði ekki fyrir áhrifum, hafa gagnrýnendur bent á að í fjölda tilfella muni bændur þurfa að selja jarðir við kynslóðaskipti í staðinn fyrir að halda búrekstrinum áfram.

Tom Bradshaw, formaður bresku bændasamtakanna, segir að stéttin líti á þetta sem svik stjórnvalda. Skatturinn myndi ógna fjölskyldubúum og gera framleiðslu matvæla dýrari. Samkvæmt lögreglu voru meira en 10.000 manns samankomnir til að mótmæla í nágrenni við þinghúsið í Lundúnum. Á mótmælunum mátti sjá fjölda dráttarvéla, en breskir bændur stóðu þó ekki í eins harkalegum aðgerðum við mótmæli eins og þekkist meðal evrópskra starfsbræðra þeirra. *ál*


Í miðborg Lundúna mátti sjá 10.000 andstæðinga hækkaðs erfðaskatts á bújarðir. Mynd / Lena Kristin Müller





Stærstu metanuppsprettur heims tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis. Mynd / David Thielen

# Sjá metan úr gervihnöttum

**Ný tækni gerir vísindamönnum kleift að kortleggja uppsprettur metans.**

Sameinuðu þjóðirnar reka eftirlits- og viðvörunarkerfi sem fylgist með losun metans á heimsvísu. Frá því að kerfið var virkjað árið 2023 hefur stjórnvöldum og fyrirtækjum verið bent á 1.200 uppsprettur metans. Skýrsla þess efnis var kynnt á COP29.

Í fréttatilkynningu á vef Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) er greint frá helstu niðurstöðum skýrslunnar. Þar er tekið fram að leki metans kosti olíu- og gasfyrirtæki heimsins mikla fjármuni á ári hverju. Talið er að hægt sé að koma í veg fyrir 40 prósent metanlosunarinnar sem sést með gervihnattamyndunum án þess að heildarrekstrarkostnaður aukist.

Markmið verkefnisins er að auka gagnsæi vegna losunar metans til þess að þrýsta á þá sem bera ábyrgð á uppsprettunum til þess að grípa til aðgerða. Þar má nefna að engin metanlosun er lengur greinanleg úr einni uppsprettu metans í Alsír eftir að stjórnvöldum var gert viðvart. Nígería hefur kynnt metangjald sem verður byggt á áðurnefndum gervihnattagögnum og hyggst Evrópusambandið safna þessum gögnum saman til þess að reikna út innflutta losun.

Árangur verkefnisins hefur enn verið takmarkaður og heldur losun metans áfram að aukast. Þriðjung hnattrænnar hlýnunar má rekja til losunar metans af mannavöldum. UNEP heldur úti gagnvirku korti sem sýnir metanuppsprettur heimsins. Hægt er að nálgast það með því að fletta upp „Eye on Methane Map“ í leitarvél. *ál*


Farfuglar breiða með sér fuglaflensu. Mynd / Josiah Nicklas

# Faraldur í Evrópu

**Stjórnvöld í Evrópu hafa aukið viðbúnað vegna fjölgunar tilfella fuglaflensu.**

Útbreiðsla fuglaflensu hefur aukist í byrjun vetrar þar sem villtir farfuglar bera veiruna með sér. Smitefnin geta komist í snertingu við alifugla, en í Austurríki hefur þurft að skera niður 200 þúsund fugla vegna útbreiðslu sóttarinnar á stóru búi. Herinn var kallaður til vegna umfangs aðgerðanna, en koma þurfti upp sótthreinsilaugum til þess að hreinsa vinnuvélar og tæki á búinu. Frá þessu greinir Poultry World.

Í Frakklandi hefur verið greint frá sex tilfellum fuglaflensu á alifuglabúum, tveimur hjá fuglum í haldi og hefur sóttin greinst hjá tíu villtum fuglum sem hafa drepist. Frönsk stjórnvöld hafa þrýst á bólusetningu alifugla, en veiran hefur samt sem áður greinst á tveimur búum þar sem fuglarnir hafa verið sprautaðir.

Í byrjun nóvember greindist fuglaflensa á bresku kjúklingabúi með 20.000 fuglum. Það er fyrsta tilfelli flensunnar í alifuglarækt þar í landi síðan í febrúar á þessu ári. Breskir alifuglabændur eru hvattir til að grípa til aðgerða til þess að verja fuglana sína. Talið er mjög líklegt að villtir fuglar verði fyrir barðinu á veikinni en á fuglabúum þar sem sóttvarnir eru í lagi er áhættan lítil.

Faraldurinn er sérstaklega skæður í Ungverjalandi, en þar var greint frá 30 tilfellum í fyrstu viku nóvembermánaðar. Flest tilfellin voru hjá foie-gras framleiðendum með endur eða gæsir í sunnanverðu og austanverðu landinu. *ál*

Bandaríkin:

# Möguleg neikvæð áhrif á dýr með nýjum stjórnvöldum

**Donald J. Trump, nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, hefur heitið miklum breytingum á vissum þáttum stjórnkerfisins sem gætu haft djúpstæð áhrif á dýralíf Bandaríkjanna.**

Í New York Times var nýlega fjallað um möguleg neikvæð áhrif á dýralíf í Bandaríkjunum með nýjum stjórnvöldum. Alríkisstjórnin geti haft mikið um afkomu dýrategunda að segja, hvort sem um villt dýr eða búfé sé að ræða.

Yfirlýsingar Trumps um breytingar á reglugerðum gefi tilefni til að hafa áhyggjur af framtíð dýralífs þar í landi, þar sem látið sé í það skína að hagsmunir fyrirtækja og iðnaðarins verði teknir fram fyrir velferð dýra.


**Í umfjölluninni kemur fram að Trump hafi veikt reglugerðarumhverfið sem snýr að velferð búfjár í fyrri stjórnartíð sinni.** Mynd / Sandy Millar

***Slakað á kröfum um aðbúnað dýra***

Í New York Times segir að í fyrri stjórnartíð Trumps hafi reglur verið einfaldaðar um dýr í útrýmingarhættu, þannig að auðveldara hafi verið að taka dýrategundir út af listanum. Þá herti hann kröfurnar fyrir vernd dýrategunda sem stafar ógn af loftslagsáhrifum. Biden snéri þessum breytingum við í sinni stjórnartíð, en nú eru horfur á því að Trump breyti þeim á ný til fyrra horfs.

Í umfjölluninni kemur fram að Trump hafi veikt reglugerðarumhverfið sem snýr að velferð búfjár í fyrri stjórnartíð sinni og líkur séu á að hann muni stefna í breytingar í þá veru á ný. Búast megi við að slakað verði á almennum kröfum um aðbúnað dýra og eftirlit í sláturhúsum til að hraða megi á framleiðsluferlinu. */smh*

Rússland:

# Samdráttur í framleiðslu hveitis

**Bændur í Rússlandi hafa sáð umtalsvert minna af vetrarhveiti í ár en í fyrra. Rússland er stærsti framleiðandi hveitis í heiminum.**

Í ár voru framleidd 48 milljón tonn af hveiti í Rússlandi. Sjötíu prósent framleiðslunnar byggist á hveiti af vetrarafbrigðum sem eru þreskt ári eftir sáningu.

Ekki hefur verið sett vetrarhveiti í jafnfáa hektara síðan 2018. Sáð hefur verið í 15,4 milljón hektara fyrir uppskeru næsta hausts, en uppskeran í ár var fengin af 15,8 milljón hekturum. Samdráttinn má rekja til verðfalls á hveiti ásamt óhagstæðrar tíðar. Agrarheute greinir frá. Reikna má með að sáning vorhveitis á næsta ári muni að einhverju leyti vega upp á móti samdrætti í sáningu vetrarhveitis í ár. Fyrrnefnda afbrigðið er mest ræktað í austari héröðum Rússlands, á meðan vetrarhveitið er ráðandi í vesturhluta landsins. Uppskera á hveiti í haust var minni en í fyrra vegna lélegs tíðarfars í sumar.

Enn frekari samdráttur í ræktun í Rússlandi mun líklega leiða til hækkunar á heimsmarkaðsverði þegar kemur að næstu uppskeru. */ál*


**Uppskerumagn í Rússlandi hefur áhrif á heimsmarkaðsverð hveitis.** Mynd / Eric Prouzet

Varaðu þig á haustlægðunum!
Við sérhæfum okkur í fallvarnar- og öryggisbúnaði
Veldu öruggar lausnir á frábæru verði!



Skoðaðu úrvalið til sölu og leigu á vpallar.is
VINNUPALLAR
- ÖRUGGAR LAUSNIR -
Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 557 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is

ERTU TILBÚINN Í VETURINN?



TERMO HITABLÁSARAR
FÁLKINN ÍSMAR
IÐNVÉLAR
DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 510 5100 | FALKINNISMAR.IS
IDNVELAR.IS

# 214 heimsfrumsýningar á EuroTier

**Hin heimsfræga þýska landbúnaðarsýning, EuroTier, var haldin í síðustu viku, en þessi sýning er haldin annað hvert ár. Sýningin, sem er sérhæfð í búfjárrækt og þá sérstaklega í nautgripa-, svína- og alifuglarækt, er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Þar er aðaláherslan lögð á tækni og þjónustu við fyrrnefndar búgreinar, en einnig eru haldnar hefðbundnar kynbótasýningar á sýningunni. Í ár voru 2.193 fyrirtæki, frá 51 mismunandi landi, á sýningunni að kynna vörur sínar og þjónustu.**



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

EuroTier hefur þá sérstöðu meðal landbúnaðarsýninga að flest fyrirtæki í fyrrnefndum greinum landbúnaðarins reyna yfirleitt að nota sýninguna til þess að frumsýna nýjungar í von um að vinna til heiðursverðlauna sýningarinnar. Sýningin í ár stóð svo sannarlega undir því og var sérstök fyrir þær sakir að fjögur fyrirtæki fengu gullverðlaun sýningarinnar.

Sýninguna, sem stóð í fjóra daga, sóttu nærri 120 þúsund gestir frá 149 löndum. Í þessari grein verður fjallað sérstaklega um nokkrar af þeim nýjungum sem voru heimsfrumsýndar á sýningunni.

> ... og var sérstök fyrir þær sakir að fjögur fyrirtæki fengu gullverðlaun sýningarinnar ...

### *255 reyndu við verðlaunin*

Í ár höfðu verið sendar inn 255 umsóknir um viðurkenningu EuroTier á nýjungum fyrirtækja og voru 214 þeirra metnar nógu miklar nýjungar til að fá nánari meðhöndlun dómnefndar. Þessar nýjungar komu frá ólíkum fyrirtækjum með starfsstöðvar í 22 mismunandi löndum.

Til þess að geta komið til greina til gullverðlauna þarf nýjungin að vera metin svo af dómnefnd að hún hafi verulega þýðingu fyrir bændur, hlúi að dýravelferð, dragi úr vinnuálagi og orkunotkun og hafi jákvæð áhrif á umhverfið. Eins og gefur að skilja ná ekki allar nýjungar í landbúnaði að uppfylla svona stíf skilyrði og á endanum hlutu s.s. eins og áður segir fjórar nýjungar gullverðlaun sem verður fjallað nánar um hér fyrir neðan.

### *Milligerði með blæstri*

Fyrirtækið Cow-Welfare A/S var eitt af fjórum fyrirtækjum sem hlutu gullverðlaun en fyrirtækið hefur í áraraðir verið fremst meðal jafningja þegar kemur að lausnum til að bæta velferð nautgripa. Lausnin sem fyrirtækið fékk verðlaun fyrir kallast Flex Air Stall, sem þýða mætti sem „breytileg loftræsting í básum“ en tæknin byggir á því að dæla lofti í kringum kýr sem liggja á legubásum. Hitastreita í kúm er eitthvað sem kúabændur víða um heim hafa í auknum mæli verið að horfa til í þeim tilgangi að bæta árangur búa sinna enn frekar en beint neikvætt samhengi er á milli afurðasemi og hitastreitu í kúm, sé umhverfishitinn yfir 20 gráðum.

Kýr sem eru afurðamiklar, umsetja mikið fóður og þegar það brotnar niður í vömb með gerjun verður til hiti sem kýrnar þurfa að losna við. Þetta er lítið mál fyrir þær sé kalt í veðri en þegar hlýnar þarf að hjálpa kúnum að losna við þennan aukahita, því ef það er ekki gert þá draga þær einfaldlega úr áti og þar með eigin hitaframleiðslu.



EuroTier er haldin annað hvert ár og þykir eftirsóknarvert fyrir fyrirtæki í landbúnaði að hljóta verðlaun fyrir nýjungar á sýningunni.



Gervigreind ber með sér ótal möguleika og nú er m.a. komin lausn fyrir kúabændur til að fylgjast enn betur með heilbrigði kálfanna með CalfGPT.





Hitastreita hjá kúm er vaxandi vandamál sem mögulega má leysa með því að blása lofti á kýrnar þar sem þær liggja í básum sínum.

Áhrifaríkasta leiðin til að hjálpa kúnum að gera þetta, þ.e. losna við umfram hitaorku, er að kæla þær með lofthreyfingu og oftast eru notaðar stórar viftur í þeim tilgangi. Flex Air Stall kerfið frá Cow-Welfare gerir hins vegar bændum kleift að beina fersku lofti beint inn á legusvæði kúnna í fyrsta skipti. Ferskt útiloft er sogað inn í eins konar slönguloftræstikerfi sem liggur um alla legubása fjóssins og er raunar hluti af innréttingum legubásanna. Loftinu er svo beint inn á legusvæðið úr fimm opum sem boruð eru í básaskiljuna, þ.e. rörið sem aðskilur einn legubás frá öðrum, og með því er hægt að skapa kúnum þægilegt og vel loftræst umhverfi í legubásnum sjálfum.

### *Gervigreind passar upp á kálfana*

Fyrirtækið Förster-Technik GmbH hlaut ein af áðurnefndum fernum gullverðlaunum, en þeirra nýjung snýr að notkun gervigreindar til að bæta búskapinn með búnaði sem heitir CalfGPT. Dagleg umhirða kálfa krefst mikils tíma og athygli bænda enda eru kálfarnir framtíðarmjólkurkýr búsins. Hið stutta tímabil í lífi kálfsins, þegar hann fær mjólk að drekka fyrstu 7-8 vikur lífsins, skiptir sköpum fyrir síðari mjólkurframleiðslu enda mótast framtíð hverrar mjólkurkýr á fyrstu vikum lífsins, jafn merkilegt og það hljómar.

Til þess að létta sér vinnuna við kálfaeftirlit geta bændur í dag notað margs konar skynjara og sjálfvirka fóðrunartækni sem safna miklu magni gagna og upplýsinga um smákálfana, atferli þeirra og þrif. Þessar upplýsingar eru dýrmætar og hjálpa hverjum bónda að fylgjast með kálfunum og heilsu þeirra. Hins vegar þarf oft að sækja þessi gögn á ólíka staði og jafnvel að mata tölvur á upplýsingum o.s.frv. Með CalfGPT býður Förster-Technik upp á einkar áhugaverða lausn á þessu en fyrirtækið hefur þróað búnað sem byggir á hinu leiðandi gervigreindarkerfi frá OpenAI.

Þetta kerfi gerir í raun bóndanum kleift að gera frjálslega mótaðar fyrirspurnir um almennar aðstæður eða einstaka kálfa með því einu að nota raddtengingu í gegnum þráðlaust net og bóndinn fær svo að bragði sérstakar upplýsingar um kálfana og mögulega einnig viðvörun í farsíma eða spjaldtölvu ef á þarf að halda. Það sem er magnað við þetta kerfi er að fyrir fram ákveðnar skipanir eða stillingar eru ekki nauðsynlegar heldur getur kerfið einfaldlega skilið bóndann og með tengingu í öll tiltæk gögn bregst það við og svarar að bragði. Þá er hægt að nota kerfið einnig við skráningu, einfaldlega „tala“ við kerfið, t.d. með handfrjálsum búnaði, og „segja því“ hvað eigi að skrá eða gera og CalfGPT gerir stafrænt það sem um er beðið. Engin þörf á handvirkum skráningum eða notkun lyklaborðs, eiginlega hálf ótrúlegur búnaður sem fyrirtækið fékk réttilega gullverðlaun fyrir.

### *Plasmamítlagildra*

Víða um heim eru sérstakir alifuglamítlar að valda usla í alifuglarækt og hafa bændur þurft að takast á við vandamálið með mismunandi efnum og lyfjum. Hingað til hafa ekki aðrar lausnir verið til staðar, en fyrirtækið Mik International GmbH & Co. leysti málið með því að búa til sérstakan búnað sem drepur mítla án þess að nota lyf eða efni.






Mítlar valda víða usla í alifuglarækt og hafa bændur þurft að takast á við vandamálið með mismunandi efnum og lyfjum. Með nýju plasmamítlagildrunni er loks hægt að takast á við vandamálið án notkunar á efnum eða lyfjum.



Í alifuglarækt getur þurft að bólusetja fugla gegn sjúkdómum, sem er afar tímafrekt. Nú er hægt að gera þetta með alsjálfvirkum þjarka!

Fyrir þetta nýja tæki, sem fyrirtækið kallar plasmamítlagildru, fékk það réttilega gullverðlaun á EuroTier.

Þessir mítlar, sem fyrirfinnast í alifuglahúsum um nánast allan heim, og sér í lagi varphúsum, lifa og fjölga sér í næsta nágrenni við hænurnar og síga niður á þær í myrkri til að sjúga blóð þeirra. Ef mítlunum fjölgar mikið skerðist heilbrigði hænanna verulega sem og arðsemi framleiðslunnar. Þess vegna hafa bændur verið að nota alls konar aðferðir til þess að drepa þennan vágest og með nýju plasmamítlagildrunni ættu bændur ekki að þurfa að nota lyf eða einhver eiturefni í þessari baráttu sinni.

Kerfið virkar þannig að mítlarnir verða útsettir fyrir köldu andrúmsloftsþrýstingsplasma, sem myndast með sérstakri rafhleðslu í útblástursholfinu á tækinu. Þetta plasma hefur áhrif á mítilinn sjálfan sem og mítlaegg en hefur engin neikvæð áhrif á hænurnar. Kerfinu er einfaldlega komið fyrir undir setprikum hænanna og vinnur þar vinnuna sína. Mítlarnir drepast og detta niður á gildruna sem er einnig búin sjálfvirku hreinsikerfi, sem ýtir dauðum mítlum ofan af gildrunni.

### *Sjálfvirkur bólusetningarþjarki*

Fjórðu og síðustu gullverðlaunin féllu svo Agri Advanced Technologies GmbH í skaut, en það fyrirtæki hefur þróað sérhæfðan þjarka sem bólusetur alifugla sjálfvirkt! Bólusetning alifugla er víða stunduð í þeim tilgangi að draga úr líkum á því að fuglarnir veikist af einhverjum pestum. Til þessa hefur þetta verið gert handvirkt og það hefur sýnt sig að þessi vinna getur falið í sér streitu og jafnvel sársauka fyrir alifuglana.

Agri Advanced Technologies hefur nú þróað fyrstu sjálfvirku aðferðina fyrir bólusetningu alifugla en aðferðin byggir á notkun þjarka sem getur bólusett af miklu öryggi hvern einasta fugl. Kerfið gerir kleift að sprauta allt að sex mismunandi bóluefnum samtímis með áður óþekktri nákvæmni og hraða. Kerfið vinnur þannig að hver fugl er settur handvirkt í sérhannað statíf sem er fest við færiband sem svo rennir fuglinum fram hjá þrívíddarskanna auk bæði innrauðrar og hefðbundinnar myndavélar. Öllum söfnuðum gögnum er hlaðið upp í forrit sem getur reiknað út á örskotsstundu hvernig viðkomandi fugl er byggður upp og hvar eigi að stinga nál með bóluefnum í bringuvöðva fuglsins. Fuglinn rennur svo áfram eftir færibandinu og sérstakur armur þjarksins sprautar bóluefninu í fuglinn af nákvæmni.

Talið er að þessi tækni muni leiða til umtalsverðrar aukningar á gæðum bólusetninga og auk þess að draga talsvert úr mögulegri streitu fuglanna. Kerfið bætir að auki bú- og vinnustjórnun með því að draga úr vinnuálagi.

### *21 silfurverðlaun*

Auk framangreindra gullverðlauna hlaut 21 nýjung silfurverðlaun en þessi verðlaun voru veitt nýjungum sem komust næst því að uppfylla skilyrði þess að hljóta gullverðlaun. Hér verður ekki farið nákvæmlega yfir lista allra þeirra sem fengu silfurverðlaun en meðal verðlauna voru fóðurbætandi efni fyrir nautgripi, ný og endurbætt háþrýstiþvottadæla sem dregur úr vinnuálagi þess sem notar hana, rafsótthreinsibúnaður fyrir frjóvguð egg, ný gólfgerð fyrir búfé sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og fleira mætti nefna. Áhugasömum er bent á að hægt er að lesa sér til um allar nýjungar sem fengu verðlaun á EuroTier í ár á heimasíðu sýningarinnar: www.eurotier.com.

Í næsta Bændablaði verður haldið áfram umfjöllun um þessa mögnuðu landbúnaðarsýningu sem og tvær bændaheimsóknir rúmlega 50 manna hóps íslenskra bænda sem einnig sótti sýninguna heim.









# Blöndun kúamykju og kjötmjöls til túnáburðar í landbúnaði – lausn eða leiðindi?



Dreifing í gangi.

**Lífrænn áburður eins og mykja og kjötmjöl getur aukið heilbrigði jarðvegs og bætt hringrás næringarefna.**



Logi Jökulsson.

Kjötmjöl er sláturúrgangur sem inniheldur mikilvæg næringarefni og lífrænt efni sem er oft vannýtt í landbúnaði. Nýting á slíkum aukaafurðum eins og kjötmjöli getur stuðlað að aukinni sjálfbærni í landbúnaði. Við á Ósabakka höfum verið að dreifa kjötmjöli á tún hjá okkur síðustu þrjú ár í þeim tilgangi að minnka þörf á tilbúnum áburði og bæta jarðvegsgæði. Það hefur reynst vel í ljósi hækkandi áburðarverðs eftir 2020 en erfitt er að sjá nákvæmlega hversu mikil áhrif kjötmjölið hefur á uppskeru þar sem áburðaráhrif lífræns áburðar eru langvarandi.

Haustið 2022 hófst áburðartilraun varðandi nýtingu kjötmjöls í sambland við kúamykju. Ég, Logi Jökulsson, og bróðir minn, Ísak Jökulsson, framkvæmdum tilraunaskipulag og framkvæmd tilraunar. Við sköffuðum túnin, mykjuna og sáum um alla sýnatöku. Tilraunin kom til af hálfu Orkugerðarinnar ehf. sem skaffaði kjötmjölið, gám til að blanda mykjunni og kjötmjölinu og fjármagnaði allt verkefnið. Vélaútgerðin á Ólafsvöllum kom að dreifingu og hræringu. Markmið verkefnisins var að komast að því hvort hægt væri að sameina kjötmjölsdreifingu og dreifingu mykju á tún í eitt verk. Það gæti sparað keyrslu á túnum, vinnu og tíma, eitthvað sem flestir bændur myndu þiggja. Borin voru saman gæði og magn uppskeru af grasi sem fær hefðbundinn tilbúinn áburð og kúamykju og það sem fær kjötmjöl og kúamykju. Ákveðið var að nota tvö tún frá okkur sem eru hlið við hlið, eitt mjög gamalt sem hafði ekki verið unnið upp í marga áratugi, og eina nýrækt sem unnin var upp fimm árum fyrir framkvæmd verkefnisins. Þessi tvö tún eru ein af þeim fáu túnum hjá okkur sem aldrei eru beitt sem gefur okkur meira frelsi varðandi tímasetningu á dreifingu á kjötmjöli og mykju. Ákveðið var að skipta báðum túnum í þrjár samhliða ræmur þar sem hver þeirra fékk sér útfærslu af áburðargjöf.



Blöndun á mykju og kjötmjöli.

**Raunheildarmagn áburðar (tonn/ha)**

| Útfærslur | Álfsstaðanýrækt (7,4 ha) Kjötmjöl | Mykja | Tilb. áburður | Tjarnartún (9,2 ha) Kjötmjöl | Mykja | Tilb. áburður |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Útfærsla 1 | 0 | 23,3 | 0,4 | 0 | 27,1 | 0,4 |
| Útfærsla 2 | 1,9 | 20,3 | 0 | 2,2 | 23,5 | 0 |
| Útfærsla 3 | 1 | 21,7 | 0 | 1,18 | 25,2 | 0 |

Taflan sýnir raunverulegt heildarmagn áburðar sem fór á hverja útfærslu beggja túna. Óvissa er 5%.

| | (pH) Sýrustig | (mg/kg þ.e.) P | K | Ca | Mg | Na | Mn | Cu | Zn | (kg/m³) Rúmþyngd |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Æskilegt gildi: | 6,0 - 6,5 | 40 - 80 | 160 - 320 | 1800 - 3000 | 300 - 700 | | | | | |
| Álfsstaðarnýrækt | 5,53 | 22 | 139 | 1185 | 268 | 77 | 40 | 2,4 | 10,3 | 0,6 |
| Útfærsla 1 | 5,32 | 22 | 65 | 1258 | 275 | 74 | 45 | 2,7 | 8,8 | 0,64 |
| Útfærsla 2 | 5,55 | 38 | 96 | 1578 | 331 | 85 | 63 | 2,9 | 8,8 | 0,63 |
| Útfærsla 3 | 5,44 | 19 | 51 | 1115 | 232 | 80 | 38 | 3,2 | 8,0 | 0,64 |
| Tjarnartún | 5,38 | 20 | 64 | 826 | 149 | 84 | 46 | 3,2 | 8,9 | 0,52 |
| Útfærsla 1 | 5,35 | 19 | 68 | 971 | 171 | 86 | 46 | 3,4 | 7,6 | 0,62 |
| Útfærsla 2 | 5,25 | 23 | 87 | 993 | 173 | 96 | 54 | 3,1 | 7,6 | 0,61 |
| Útfærsla 3 | 5,33 | 18 | 60 | 970 | 152 | 87 | 44 | 3,2 | 6,7 | 0,61 |

**Taflan sýnir efnainnihald efsta 10 cm lag jarðvegs fyrir og eftir áburðardreifingu. Gráu línurnar sýna efnainnihald fyrir áburðardreifingu og appelsínugula línan sýnir æskilegt gildi sem fylgir efnagreiningunni frá búrekstrardeild SS.**

Útfærsla 1 var hefðbundin áburðargjöf sem er 400 kg af þrígildum 23:3:8 NPK áburði og 30 tonn af mykju á hektara, útfærsla 2 fékk 2,8 tonn af kjötmjöli og 30 tonn af mykju á hektara og útfærsla 3 fékk 1,4 tonn af kjötmjöli og 30 tonn af mykju á hektara. Magn kjötmjöls á hektara var ákveðið út frá sekkjafjölda þar sem kjötmjölið var selt í 700 kg stórsekkjum. Eftir útfærslu kom í ljós að það fór minna en áætlað var af kjötmjöli og mykju á túnin en munurinn á milli útfærslna var hlutfallslega svipaður. Notuð var kúamykja úr okkar eigin fjósi sem var um 3,5%. Kúamykjunni og kjötmjölinu var blandað saman í gámi með opinn topp við hliðina á fjósinu. Það þurfti þrjá traktora og einn lyftara til að framkvæma verkefnið; einn til að dæla úr haughúsinu, einn til að hræra í gámnum og einn til að dreifa blöndunum á túnin með 15 tonna haugsugu með slöngubúnaði. Lyftarinn var notaður til að lyfta sekkjunum yfir gáminn þar sem skorið var undir þá og kjötmjölinu sturtað ofan í. Þetta var 3 til 5 manna verk.

Út frá niðurstöðum uppskerumælinga sést að uppskeran af nýræktinni var mest á útfærslu 1 og munurinn á milli útfærslu 2 og 3 var lítill. Hins vegar var uppskeran á Tjarnartúninu mest í útfærslu 2 sem bendir til þess að eldri tún svari betur lífrænum áburði eða verr tilbúnum áburði. Það gæti verið vegna eiginleika jarðvegs eða grasategunda en hér er tækifæri fyrir fleiri rannsóknir. Þegar borin var saman seinni uppskera allra útfærslna var hlutfallið á milli magns þurrefnisuppskeru minna en í fyrri slætti sem bendir til þess að áburðaráhrif kjötmjölsins voru enn marktæk. Kostnaður á tonn heildar þurrefnisuppskeru var mestur á útfærslu 2 á báðum túnum en lægstur á útfærslu 3. Þegar horft er til skamms tíma, eitt ár eða svo, þá lítur kjötmjölið ekkert svakalega vel út miðað við tilbúna áburðinn en hafa þarf í huga langvarandi áburðaráhrif kjötmjölsins. Meirihluti næringarefna í kjötmjöli er bundinn í lífrænar sameindir sem eru ekki aðgengilegar plöntum fyrr en sameindirnar brotna niður í jarðveginum en það ferli eykur örveruvirkni. Það eru margir þættir sem stýra hversu hratt niðurbrotið er á lífrænum sameindum eins og örverusamsetning, jarðvegsgerð og veðurfar. Þetta verkefni var BS ritgerðin mín í Landbúnaðarháskóla Íslands og þar má finna ítarlegri upplýsingar. Hægt er að nálgast BS ritgerðina inni á Skemman.is með titlinum „Blöndun kúamykju og kjötmjöls til túnáburðar í landbúnaði".

Kjötmjöl er að mínu mati vægast sagt ókræsilegt að vinna með. Það er fínt duft sem þyrlast upp í loftið þegar því er sturtað úr sekkjunum og lyktin festist í nefinu á manni í nokkra daga eftir á. Ekki er æskilegt að dreifa því í roki þar sem það fýkur mjög auðveldlega og dreifist ójafnt en það er einn af göllunum sem hægt væri að útiloka með því að blanda því við mykju og dreifa með haugdreifara. Þrátt fyrir þetta allt saman þá er ekki hægt að neita þeim jákvæðu áhrifum sem þetta hefur á jarðveginn sem veitir alls ekki af.

Með betri útfærslu og tækjabúnaði væri hægt að framkvæma verkið á töluvert auðveldari máta. Ef hægt væri að útbúa gám sem auðvelt væri að færa til með traktor, með innbyggðri hræru og dælu, sem væri líklegast traktorsknúin, þá væri þetta bara tveggja manna og tveggja traktora verk ásamt lyftara fyrir kjötmjölssekkina. Slíkur búnaður væri líklegast rándýr og algjörlega óljóst hvort það myndi nokkurn tímann borga sig en lokaniðurstaðan er sú að kjötmjöl og kúamykja blandast vel saman og hægt er að dreifa því með slöngubúnaði. Ásamt því þá kom í ljós að líklegast er hentugra að dreifa lífrænum áburði eins og kjötmjöli á eldri tún frekar en nýrækt. Þótt kjötmjöl komi ekki í staðinn tilbúins áburðar þá er ljóst, miðað við okkar reynslu, að hægt er að draga verulega úr þörfinni á tilbúnum áburði og byggja upp jarðvegsheilbrigði.

*Höfundur stundar búskap í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.*




**Myndin sýnir samanburð á heildar þurrefnisuppskeru beggja túna yfir allt sumarið (uppskera úr fyrri og seinni slætti til samans). Álfsstaðanýræktin er yngra túnið og Tjarnartúnið er eldra.**



# Nytjaskógar, nytjaplöntur, nytjaland

**Að nytja eitthvað er að hafa gagn af einhverju, mega nota sér til framdráttar á einn eða annan hátt.**


**Sveinn Hallgrímsson.**

Nytjaskógur er skógur sem gefur af sér **við** til sölu eða til að nota í gagnlega hluti. Þú gætir byggt þér hús úr trjánum í nytjaskógi. Birkið var hér áður fyrr notað til að refta þök, til eldiviðar og fleira. Notað undir torfið, en þá þurfti rafta undir til að halda þakinu uppi. Birkiskógar voru nytjaskógar hér áður fyrr. En við byggjum ekki hús úr birkiskógunum okkar í dag, eða hvað? Til þess er íslenska birkið of kræklótt, ekki nothæft í borðvið, eða rafta. Er birkiskógur þá ekki lengur nytjaskógur? Er kanski hægt að nota hann til að binda kolefni? Breyta $CO_2$ í kolefni í trjám og minnka þannig koltvísýring í andrúmsloftinu: Auka súrefni andrúmsloftsins á kostnað koltvísýrings? Auðvitað er það hægt. Er það varanleg aðgerð eða er það bara skammtímalausn?

Ég hef áður bent á að beit eykur uppskeru. Það gerist líka þegar túnið er slegið aftur. Slegið tvisvar sama sumarið. Uppskeran eykst. **Þetta vita bændur.** Skógarplöntur sem er plantað á árinu 2024 fara ekki að binda kolefni fyr en eftir 12–14 ár. Fram að þeim tíma er plantan að borga fyrir uppeldið. Borga upp lánið, fjárfestinguna. Eftir það fer hún að safna „kolefnisspori“, binda kolefni og minnka koltvísýring andrúmsloftsins. Heldur hún áfram að safna kolefnisspori um aldur og ævi, eða hvað? Nei, það gerir hún ekki.

### *Nýting er forsenda hringrásar*

Hér þurfum við að staldra við. Tré, eins og aðrar lífverur, eiga sitt æviskeið. Í náttúrunni vaxa tré upp af fræi, og byrja því strax að leggja inn á bankann, en það er samt ekki talið eins „hagkvæmt“ að láta „nytjaskóg“ vaxa upp af fræi.

Nytjaskógur gefur mest af sér ef hann er nytjaður eftir ákveðinn árafjölda, þegar flest trén hafa náð „fullum þroska“. Þetta þarf að gerast á ákveðnum tímapunkti. Þá er skógurinn höggvinn og framleiddur viður. Viður sem við notum, nytjaviður, nytjaskógur. **Skógarbóndinn veit að það er hagkvæmara að planta nýjum trjáplöntum,** í stað þess að láta skóginn vaxa upp af fræi.

Í skógi sem ekki er nytjaður vaxa trén áfram þar til þau hætta að vaxa og deyja. Rotna og skila kolefninu aftur til náttúrunnar í formi koltvísýrings. Nytjaskógur, skógur sem er nýttur til viðarframleiðslu. Byggja eitthvað sem gagnast okkur mannfólkinu til að lifa á eða af.

Nytjaskógur, nytjaplöntur (t.d. grænmeti), grös, beit fyrir búfé (til að framleiða kjöt) er eitthvað sem við nýtum okkur til framfærslu. Ef við nýtum ekki skóginn, grasið eða grænmetið, þá rotnar það og skilar kolefninu, í formi koltvísýrings, aftur út í andrúmsloftið.

**Nýting auðlinda er frumskilyrði þess að þær hjálpi okkur að minnka koltvísýring andrúmsloftsins.** Hvort sem auðlindin er hvalur, gras, skógur, lundi eða annað sem leggur sitt af mörkum til að viðhalda lífi á móður jörð. Stundum leiðir það að nýta ekki tegundina til hnignunar hennar. Þetta gæti hafa gilt um lundastofninn, en veiðar á lunda voru bannaðar á liðnu hausti. **Rétt hefði verið að leyfa háfaveiðar.** Þær leiða til þess að geldfugl veiðist, sem ætti að leiða til meira fæðuframboðs fyrir fugla sem eiga unga, og til ungfugla. Betri skilyrða fyrir aðra fugla stofnsins. Meiri viðkomu. Frumskilyrði þess að skógur bindi kolefni til langs tíma er að hann sé nýttur. Trén séu „hoggin“ og nýjum skógi plantað, eða hann látinn vaxa upp af fræjum. Þá erum við með nytjaskóg, hringrás, og varanlega bindingu kolefnis til langs tíma. Skógurinn bindur meira kolefni ef hann er nytjaður heldur en ef hann er látinn deyja og rotna engum til gagns. Hið sama gildir um grasið. Ef það er ekki nýtt, til dæmis sem beit fyrir búfé til að framleiða kjöt, mjólk eða annað (til dæmis reiðhesta), þá hverfur það aftur til náttúrunnar, rotnar og myndar gös sem valda hlýnun andrúmsloftsins. Það gerist auðvitað ekki á einu ári. Ekki heldur á 10, 20 eða 30 árum. Við erum að tala um þróun. Aldrei! Það sem ég er að reyna að segja er, að til að kolefnisbinding í skógi hafi áhrif, bindi kolefni til langs tíma, þarf að nýta skógarviðinn okkur til framdráttar. Við byggðum hús úr viði í staðinn fyrir að byggja hús úr steypu, sem dæmi. Við smíðuðum bekki og borð úr viði í stað plasts. Notum efni sem binda kolefni. Hættum að nota efni sem hafa hátt kolefnisspor í stað efna sem hafa bundið kolefni. Tekið kolefnið, C, úr koltvísýringi, $CO_2$, og skilað súrefni út í andrúmsloftið!

Nytjaskógar, nytjaplöntur og nytjaland eiga það sameiginlegt að binda kolefni. Hafa jákvætt kolefnisspor.

*Höfundur er fyrrverandi ráðunautur í sauðfjárrækt.*


Löggilding, skoðun og ísetningar á **ökuritum og hraðatakmörkurum**



Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum

Mælar á allar gerðir vagna

**Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.**
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

**Vík verkstæði**
Einhella 6,221 Hafnarfirði



BÆTIEFNI Á TÆKIÐ ÞITT



**Aldrei hefur verið þýðingarmeira að nota bætiefni í eldsneytið, hvort sem er í bensín eða dísel. Motul framleiðir framúrskarandi efni sem hafa jákvæð áhrif á eldsneytiseyðslu og mögulegar bilanir.**

**Við erum einnig á Reyðarfirði**
***Sendum vörur um land allt***

MOTUL

MOTUL Á ÍSLANDI SÍM 462-4600 MOTUL@MOTULISLAND.IS



# Ertu klár í veturinn?

## Ný sending að lenda

ODES LONCIN

AFLVÉLAR
GARÐABÆ | AKUREYRI | SELFOSSI
sími 480-0000 | www.aflvelar.is




Yfirlitsmynd af svæðinu nálægt Svedjehamn í Kvarken-eyjaklasanum. Myndir / Eyjólfur Ingvi Bjarnason

# Internorden 2024

## – Samstarfsvettvangur bænda og fræðafólks á sviði sauð- og geitfjárræktar

**Í ágúst sl. sóttum við Internorden-fund sem að þessu sinni var haldinn í Finnlandi í borginni Vaasa og farið í heimsóknir í nágrenni borgarinnar.**

Yfirskrift fundarins að þessu sinni var fóðrun sauðfjár, tækni við fóðrun og sjálfbærni framleiðslunnar enda áskoranir og ytra umhverfi breytilegt eftir löndunum sem taka þátt.

Í almennum yfirlitserindum um stöðu sauðfjárræktar í norrænu ríkjunum var sameiginlegur tónn að samdráttur er í framleiðslunni, þrátt fyrir að verð til bænda hefur víðast hækkað síðustu árin vegna minni innflutnings, og í sumum tilfellum eins og í Finnlandi vegna betra fyrirkomulags afurðastöðva. Meðal helstu ástæðna fyrir samdrætti eru kostnaðarhækkanir og breytingar á ytra umhverfi, þar með talið á þeim reglum Evrópusambandsins er snerta greinina. Samhliða því að afkoma greinarinnar er slæm er baráttan við rándýr eins og úlf


Jóhannes Sveinbjörnsson.


Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

mikil áskorun fyrir sauðfjárbændur í Svíþjóð, Finnlandi og hluta Noregs en skilningur stjórnvalda á þeim vanda er breytilegur.

Þátttaka í sameiginlegu skýrsluhaldi og kynbótastarfi er hvergi í námunda við það sem við þekkjum hérlendis. Það að hafa aðeins eitt fjárkyn sem kynbætt er fyrir öllum helstu eiginleikum skapar Íslandi sérstöðu í þessum efnum. Einnig sú staðreynd að hluti ríkisstuðnings er skilyrtur við gæðastýringu í sauðfjárrækt, sem innifelur m.a. þátttöku í sameiginlegu skýrsluhaldi. Í Færeyjum hafa bændur litlar áhyggjur af skýrsluhaldi. Erfitt er að hafa fulla stjórn á tilhleypingum, hrútar lemba full oft ær nágrannanna eða hljóta beisklegan aldurtila eins og að hrapa fyrir björg.

Á fundum sem þessum verður oft sérstök áhersla á hvað hefur verið gert í rannsóknum í fundarlandinu og voru hér nokkur erindi um slík verkefni í Finnlandi. Má þar nefna viðamikið verkefni um kortlagningu erfðaauðlinda með hjálp erfðatækninnar á þeirra eigin fjárkyni, þ.e. Finnsheep, sem hefur talsvert verið notað í innblöndun við önnur fjárkyn. Finnar hafa einnig verið þátttakendur í samevrópsku verkefni þar sem hópur bænda tileinkar sér nýjar lausnir og nýja tækni til að vera leiðandi í baráttunni við loftslagsmál og ná fram kolefnishlutleysi þar sem landbúnaður er hluti af lausninni en ekki vandamál.


Hópur í heimsókn á Ingos-sauðfjárbúinu.


Lagt af stað í siglingu með Ulf Rönnblad.

Ásamt fræðslu og fundum var líka farið í skoðunarferðir og fékk hópurinn góða leiðsögn um borgina Vaasa sem á sér mjög merka sögu þar sem borgin var um tíma miðja í átökum milli Svíþjóðar og Rússlands. Líkt og á mörgum stöðum í Finnlandi er Vaasa tvítyngt samfélag þar sem finnska og sænska eru opinber tungumál. Inni í borginni sjálfri er meirihlutinn finnskumælandi en þegar út fyrir borgina er komið er meirihluti íbúa sænskumælandi. Munurinn sést best á umferðarskiltum, inni í borginni eru þau alltaf fyrst á finnsku og svo sænsku fyrir neðan en þegar út fyrir bæinn er komið eru skiltin alltaf fyrst á sænsku og svo á finnsku.

Hópurinn fór í heimsókn á „Ingos"-sauðfjárbúið sem hefur byggt sína starfsemi upp af mikilli útsjónarsemi undanfarin ár en viðskiptamódelið sem þau byggja sinn búskap á gengur út á að framleiða hágæða lambakjöt fyrir staðbundinn markað í samstarfi við veitingahús sem nýta alla hluta lambsins á matseðilinn. Jafnframt eiga þau í samstarfi við geðsjúkrahús í Vaasa þar sem kindur frá þeim eru á beit á lóð sjúkrahússins með jákvæðum áhrifum á bata þeirra sem þangað þurfa að leita.

Einnig var farið í siglingu í Kvarken-eyjaklasanum í næsta nágrenni Vaasa en þetta svæði er mjög merkilegt út frá jarðfræðilegu sjónarmiði og má sjá ýmis merki ísaldarinnar sem lauk fyrir um 10.000 árum. Landið er að lyftast um einn cm á ári og hafnarmannvirki sem reist voru fyrir 60 árum eru komin á þurrt. Alveg öfugt við það sem við þekkjum frá Þingvallasigdældinni. En þarna í eyjaklasanum er mikið af sumarhúsum þar sem Finnar dvelja langdvölum í frítíma. Áhugavert var að heyra að á þessu svæði þarf fólk að hafa lögheimili til að geta átt eignir, þ.e. eignarhald á sumarhúsum getur ekki farið út fyrir svæðið.

Að lokinni formlegri dagskrá bauðst okkur að fara með finnskum bændum á fjárræktarfélagsfund sem haldinn var í einni af eyjunum í Kvarken-eyjaklasanum. Það var mikil upplifun að fara í þá siglingu þar sem Ulf Rönnblad, stjórnandi bátsins, þekkti svæðið eins og lófann á sér, enda búinn að vera bóndi allt sitt líf og siglt um svæðið. Þarna sigla þeir með kindurnar út í eyjar að vori til beitar og sækja svo að hausti og sigla með á fast land. Með þessu er verið að viðhalda aldagamalli hefð við landnýtingu. Á meðan bændurnir funduðu um sín málefni





**Sérðu kindina?** Mynd / Jóhannes Sveinbjörnsson




**Johan Sten yfirfer stillingar á eftirlitsmyndavél.** Mynd / Jóhannes Sveinbjörnsson

fórum við í göngu um eyjuna með Johan Sten, sem er einn bændanna sem nýtir eyjuna. Hann sagði frá því hvernig er að smala landið sem er þakið skógi en ekki er einfalt að finna kindurnar í landslaginu. Við smalamennsku eru mikið notaðir hundar sem eru með GPS-tæki. Hundarnir finna hópana og svo er farið markvisst í að sækja hvern hóp og koma í aðhald við bátalægið, þaðan sem siglt er með féð í land. Notaðar eru myndavélar sem nema hreyfingar til að fylgjast með ferðum rándýra, en ekki eru mörg ár síðan úlfur gerði usla á þessu svæði og drap margar kindur.

Internorden samstarfið er mjög hagnýtt, sérstaklega til að byggja upp tengsl og miðla upplýsingum milli landa því við erum í grunninn að fást við svipaða hluti í öllum löndum en tungumálið og aðstæður eru breytilegar milli landanna. Næsti fundur er áætlaður í Færeyjum um veturnætur árið 2026. Það verður áhugavert fyrir margar sakir, en á hrútasýningum þar í landi skilur maður vel hugtakið „það má heyra saumnál detta", slík er eftirvæntingin.

*Eyjólfur er ráðunautur hjá RML og Jóhannes er lektor hjá LbhÍ.*




SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.490.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ"



Á Íslandi er allra veðra von

Dekkin eru eini snertiflötur þinn við veginn í akstri og einn mikilvægasti öryggisbúnaður bílsins. Hugum að öryggINU í vetur.

Slepptu röðinni og bókaðu tíma í dekkjaskipti á klettur.is

Þú finnur verkstæðin okkar á eftirfarandi stöðum:

- Klettagörðum
- Hátúni
- Lynghálsi
- Suðurhrauni
- Einhellu

KLETTUR

klettur.is 590 5100



# Gestastjórnun – svið í vexti fyrir sjálfbæra stjórnun á ferðaþjónustu og útivist

**Ferðaþjónusta er alþjóðlegt fyrirbæri og með auknum straumi gesta til staða og áhugaverðra náttúrusvæða skapast bæði tækifæri og áskoranir.**

Tækifærin tengjast oft aukinni verðmætasköpun, nýjum samskiptum milli fólks og upplifunum í náttúrunni. Stjórnlaus massatúrismi skapar hins vegar álag á staðbundin náttúru- og menningarverðmæti og þau samfélög sem verða fyrir áhrifum. Eitt af meginumfjöllunarefnum norrænu skipulagsrannsóknaráðstefnunnar PLANNORD, sem fram fór í Reykjavík 21.–23. ágúst sl., bar yfirskriftina „Ný skipulagsrými fyrir staðbundna og svæðisbundna þróun". Þar var gestastjórnun (*e. visitor management*) kynnt og rædd sem nýtt sjónarhorn í aðal- og svæðisskipulagi, með dæmum frá Noregi.

Áskoranir tengdar ferðamannaveðingu voru einnig teknar upp af lykilfyrirlesara ráðstefnunnar, dr. Torill Nyseth, prófessor við Háskólann í Tromsø, en hún benti á neikvæðar afleiðingar ferðaþjónustu og áhrifa hennar á borgir og samfélög. Torill Nyseth nefndi m.a. heimabæ sinn, Tromsø í Norður-Noregi, sem dæmi, þar sem orðið hefur næstum sprenging í fjölda ferðamanna á undanförnum árum.

Í Noregi hefur gestastjórnun verið mest beitt hingað til í þjóðgörðum ásamt stórum friðlýstum svæðum. Þó getur gestastjórnun einnig gegnt mikilvægu hlutverki fyrir svæði og samfélög utan verndarmarka, þar sem álag frá ferðamönnum er álíka mikið (Stokke, 2017). Þetta krefst þess að sveitarfélög, sem hafa skipulagsvald samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, taki þátt. Nordland fylkeskommune (fylkið Norðurland) hefur verið leiðandi á þessu sviði með tilraunaverkefni um gestastjórnun í samstarfi við valin sveitarfélög í Lofoten, sem NMBU (Umhverfis- og lífvísindaháskóli Noregs) hefur rannsakað í gegnum rannsóknarverkefnið LANDTIME (Stokke o.fl. 2024). Lofoten með hvítar sandstrendur, lítil landbúnaðarþorp og lifandi sjávarbyggðir, þar sem brött fjöll mæta úthafi, hefur upplifað mikla aukningu í fjölda gesta með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum fyrir náttúru og samfélög.


Knut Bjørn Stokke.


Thomas Haraldseid.

Það sveitarfélag í Lofoten sem er komið hvað lengst í að samþætta ferðaþjónustu í skipulagsáætlanir sínar er Vågan, en sveitarfélagið hefur gert óformlega aðgerðaáætlun til að takast á við skammtíma- samþykktir sem tengjast sorphirðu, hreinlætisaðstæðum og „tjöldun í villtri náttúru". Samhliða þessu hefur verið unnið að langtímaáætlunum sem varða samþættingu ferðaþjónustu við aðalskipulagið, þar sem eitt markmiðið er að skapa ferðaþjónustu sem styrkir góðar aðstæður fyrir samfélag til að búa og lifa í. Mikilvægir árangursþættir varða mikla stjórnunartengda og pólitíska þátttöku, m.a. með því að stofna þverfaglegan ferðaþjónustuhóp sem samanstendur af fulltrúum frá ýmsum stjórnsýslutengdum stofnunum, stjórnmálaflokkum og ferðaþjónustu (Stokke o.fl. 2024).

Sveitarfélagið Vågan hefur einnig unnið að ferðaþjónustu fyrir þéttbýlið Kabelvåg, sem liggur milli tveggja „aðdráttarafla fyrir ferðmennsku", Svolvær og Henningsvær. Kabelvåg er fyrst og fremst búsetusvæði, og í skipulagsáætlunum var lögð áhersla á hvernig hægt væri að stuðla áfram að uppbyggingu þar sem góðs staðar til að búa á, en samhliða byggja á hugmyndafræði um takmarkandi ferðaþjónustu á forsendum íbúanna. Þrýstingur frá ferðaþjónustunni er hins vegar einnig að aukast í Kabelvåg, m.a. tengt áformum um nýja harðfiskmiðstöð landsins, sem á að miðla sögu um fiskveiðar við Lofoten og útflutning á harðfiski til meginlandsins.


Frá Uttakleiv í Noregi, þar sem finna má vinsæla strönd. Mynd / Hanne Lykkja

Í sveitarfélaginu Vestvågøy er búið að stofna, eins og í sveitarfélaginu Vågan, þverfaglegan ferðaþjónustuhóp með ýmsum geirum sveitarfélagsins, fyrirtækjum áfangastaða og útivistarráði svæðisins, auk landeigenda – til að styðja við byggðirnar með brýnustu áskoranirnar tengdar mikilli ferðaþjónustu. Tvö af þéttbýliskjörnunum sem um ræðir eru Haukland og Uttakleiv, þar sem finna má tvær mjög vinsælar strendur og einn af mest heimsóttu fjallstoppunum í Lofoten. Hér hefur orðið til góð reynsla af því að stofna tengiliði í sveitarfélaginu og í þéttbýliskjörnunum, til að geta tekið fljótt á þeim áskorunum sem koma upp. Einnig hefur verið góð reynsla af því að koma á fót gestgjafaþjónustu á ferðatímabilinu, þar sem ráðið hefur verið ungt fólk frá staðnum til þess að sinna bílastæðum, þjónustuaðstöðu, viðhaldi og upplýsingagjöf.

Tengt ferðaþjónustu sveitarfélagsins hefur bygging nýrrar gestamiðstöðvar við Haukland-strönd vakið mikla athygli. Vaxandi ferðaþjónusta og bætt aðstaða með tilkomu gestamiðstöðvarinnar stuðlar einnig að breytingu á því hverjir nýta sér útivistarmöguleika svæðisins, þar sem sífellt fleiri íbúar þess forðast nú Haukland-strönd vegna umfangs ferðaþjónustunnar. Samhliða þessu hefur verið erfitt að taka á auknu álagi vegna útivistar á beitiland, einkum þar sem beitt hefur verið í bröttum, grænum og opnum fjallshlíðum um aldir. Fjárbúskapur hefur verið mikilvæg atvinnugrein í langan tíma og er hluti af sérkenni svæðisins, en sem nú á einnig undir högg að sækja vegna aukins þrýstings frá vaxandi ferðamannastraumnum.

Ferðaþjónusta er flókið og krefjandi svið þar sem fleiri geirar og aðilar verða að koma að borðinu. Reynsla frá Lofoten sýnir að sveitarfélögin hafa komið áskorunum sínum á dagskrá, en þar sem mörg stór vandamál þarfnast enn úrlausnar.

*Höfundar: Dr. Knut Bjørn Stokke, dósent í skipulagsfræði og dr. Thomas Haraldseid, nýdoktor í skipulagsfræði, Institutt for by- og regionplanlegging, NMBU (Umhverfis- og lífvísindaháskóli Noregs) (íslensk þýðing: Harpa Stefánsdóttir).*

# Gestir eru boðnir velkomnir á Snæfellsnes, á forsendum heimamanna, og undirbúningsvinna er mikilvæg

**Ferðaþjónusta hefur vaxið ört á Snæfellsnesi á þessari öld. Þegar mörg hundruð þúsund gestir heimsækja árlega samfélag þar sem rúmlega 4.000 manns búa allt árið um kring, þá skapast sannarlega bæði tækifæri og áskoranir.**

Undirrituð hélt erindi um þá reynslu Snæfellinga á norrænu skipulagsráðstefnunni PLANNORD í haust. Sveitarfélög eru það stjórnvald sem næst er íbúum sínum og skipulagsvaldið er sterkt. Við þurfum þekkingu, samvinnu og rannsóknir til að búa til sem besta umgjörð fyrir ferðaþjónustu á forsendum heimamanna. Samfélög manna þurfa húsnæði, vegi o.fl. Það þarf að tryggja að hægt sé að koma fiskum úr bátum við hafnir og á markað, án þess að gestir, sem eðlilega eru forvitnir um atvinnulíf og almennt menningu heimamanna, þvælist fyrir. Ekki má fæla lömb frá mæðrum sínum á sumrin því mjólkin og móðurástin er forsenda þess að lömbin vaxi og dafni vel. Gestir þurfa að fara varlega bæði við skoðun á villtum dýrum og húsdýrum svo dæmi séu tekin. Best er að búið sé að byggja upp aðstöðu fyrir slíkt og a.m.k. stýra aðgangi. Við viljum að íbúar og gestir geti farið um Snæfellsnes gangandi, hjólandi, ríðandi, á skíðum o.fl., það er gott bæði fyrir lýðheilsu og umhverfi. Hér hafa verið byggð upp fjölmörg almenningssalerni sem mörg eru opin allan sólarhringinn. Hér eru ekki hættulegir staðir en það er til hættuleg ferðahegðun og vönduð upplýsingagjöf er mikilvæg. Við viljum að gestir komi aftur, dvelji lengur og mæli með Snæfellsnesi við aðra.


Ragnhildur Sigurðardóttir.

Þetta eru allt stór verkefni og verða eflaust aldrei endanlega búin en mikilvægt er að taka eins stór skref og hægt er hverju sinni og vinna eftir skipulagi og áætlun. Alveg eins og þegar við bjóðum gestum heim; húsráðendur ákveða hvar gestirnir dvelja og hvað boðið er upp á. Það koma eðlilega upp hagsmunaárekstrar, milli atvinnugreina og íbúa. Það er þó flestum íbúum á Snæfellsnesi ljóst að ferðaþjónusta er mikilvæg atvinnugrein sem skapar tekjur og störf. Það er gestum okkar líka að þakka að íbúar geta nú valið úr góðum veitingastöðum og farið í atvinnuleikhús svo eitthvað sé nefnt. Við viljum því svo sannarlega fá gesti og vanda okkur saman við að taka á móti þeim.

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes rekur íbúa- og gestastofu Snæfellsness í félagsheimilinu Breiðabliki og þar er opið alla daga ársins.

Snæfellsjökulsþjóðgarður er Snæfellingum og gestum okkar dýrmætur og rekur m.a. tvær þjónustu- og gestastofur.

Upplýsingamiðstöðvar eru að auki starfræktar á vegum sveitarfélaga á Snæfellsnesi.

Þannig að það á að vera auðvelt að fá upplýsingar og skipuleggja ábyrga og ánægjulega ferð á Snæfellsnes.

Með þessum orðum er ekki reynt að segja að öll verkefni séu komin í höfn, langt frá því. En Snæfellingar hafa búið til farveg fyrir samstarf og unnið saman; sveitarfélögin og félög úr atvinnulífi. Snæfellingar hafa alltaf þorað að taka slaginn og það er hraustleikamerki að þegar fólk er ekki sammála sé til farvegur til að ræða mál til niðurstöðu.


Frá Grundarfirði á Snæfellsnesi. Mynd / Tómas Freyr

Eitt af því sem unnið er að er að koma fallegu þorpunum og bæjunum á norðanverðu Snæfellsnesi; Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík, Rifi og Hellissandi, betur á framfæri sem áfangastöðum í ferðaþjónustu. Margir staðir hafa líka verið byggðir upp á sl. árum um allt Snæfellsnes; hellir, fossar, margvíslegar gönguleiðir og útivistarstígar.

Gott samstarf er við Markaðsstofu Vesturlands, heimamenn koma á framfæri hvað eigi að markaðssetja, bæði í náttúru og menningu, og ekki allt er í boði. Eingöngu staðir og ferðaleiðir sem hlotið hafa leyfi viðkomandi landeigenda og sveitarfélags eiga að vera markaðssettir.

Mikil gróska er í listum og menningu.

Á Snæfellsnesi hefur náttúruvernd og sjálfbær landnýting byggst á framsýni og áhuga íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga síðustu áratugina og samstarf er sjálfsagður útgangspunktur. Yfir 200 Snæfellingar tóku t.d. þátt í að búa til Svæðisskipulag Snæfellsness 2014–2026; Andi Snæfellsness, auðlind til sóknar, en öllum íbúum var boðið að vera með í að búa til þá stefnumarkandi aðgerðaáætlun.

Þar er fléttað saman vernd, sjálfbær nýting og áhersluverkefni í byggðaþróun. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes var svo stofnaður 2014 til að framkvæma þau verkefni sem Snæfellingar ákveða árlega að ráðast í saman. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes er fjölþætt samstarf allra fjögurra sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og félaga úr atvinnulífi. Hlutverk svæðisgarðsins er að efla samfélagið, vinna sameiginlega að því að bæta lífsgæði og lífskjör og auka upplifun og vellíðan íbúa og gesta á Snæfellsnesi.

Grasrótarverkefni um svæðisbundið samstarf, þar sem sjálfbær auðlindanýting er höfð að leiðarljósi, getur verið gríðarlega öflugur drifkraftur í byggðaþróun.

Þegar upp er staðið er þetta allt gert til þess að auðvelda ungu fólki á hverjum tíma að grípa tækifæri til að lifa og starfa á Snæfellsnesi. Til þess þurfa auðlindir að vera í góðu ástandi og gróska í samfélaginu.

Við blasa stórar áskoranir og við viljum enn meiri samvinnu, frekari rannsókir og þekkingarmiðlun.

Við lifum á tímum breytinga og hluti ferðamanna vill velja eða dvelja, læra um náttúru og menningu, borða snæfellskan mat, upplifa og jafnvel gefa til baka t.d. með þátttöku í lýðvísindaverkefnum.

Hluti af heimavinnu íbúa á Snæfellsnesi er svæðismörkun og kjarninn í henni eru sögur og að tengja þær við staði og hvert annað

Á Snæfellsnesi virða íbúar einstakan náttúru- og menningararf, nýta og viðhalda honum, með áherslu á byggðaþróun, atvinnustarfsemi, skóla- og rannsóknarstarf og daglegt líf. Svæðið er því eftirsótt til búsetu og ferðalaga og Snæfellsnes er sterkt vörumerki. Nýja heimasíðan, www.snæfellsnes.is, auðveldar bæði íbúum og gestum að fylgjast með því sem í boði er.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsnes, M.Sc í umhverfisfræðum frá NMBU (Umhverfis- og lífvísindaháskóla Noregs).*



# Undirbúningur að dýralæknanámi

**Fulltrúar Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði (Keldur) heimsóttu Lífvísindaháskólann í Varsjá (SGGW) í maí sl. til þess að ræða möguleikann á samstarfi um dýralæknanám og skoða aðstöðuna hjá SGGW.**



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir.

Niðurstaða fundarins var mjög jákvæð og er mikill áhugi á því að koma formlegu samstarfi á fót. SGGW hefur um langt skeið boðið upp á dýralæknanám sem kennt er annars vegar á pólsku og hins vegar alþjóðlegt nám sem kennt er á ensku. Hugmyndin er að tvö fyrstu árin verði kennd á Íslandi en síðan fari nemendur til SGGW í þrjú ár. Einnig yrði boðið upp á verklegan hluta á síðari hluta námsins á Íslandi, m.a. að starfa með dýralækni í praksís, í sláturhúsum, matvælafyrirtækjum og fleira sem krafist er í náminu.

Í dag eru rúmlega 60 íslenskir nemendur í dýralæknanámi erlendis. Sumir þeirra hafa tekið búvísindanám við LbhÍ, líffræðinám við HÍ eða annað nám áður en þeir hefja dýralæknanám erlendis. Eins og staðan er í dag er enginn formlegur samningur til staðar við háskóla erlendis og nýverið varð breyting hjá háskólanum í Slóvakíu, sem margir Íslendingar menntaðir í búvísindum hafa farið til í dýralæknanám, sem gerir þá leið óaðgengilegri.

Meðal þess sem hefur staðið fornámi fyrir þrifum hér á landi eru þau forklínísku fög sem krefjast sérmenntaðra sérfræðinga til kennslu, auk nægilegs fjölda og fjölbreytileika tilfella (til dæmis sértæk meinafræði). Ströng inntökuskilyrði verða í námið en með því að bjóða upp á staðnám hérlendis verður hægt að tryggja þéttan hóp nemenda sem síðan héldi saman til SGGW og hefðu stuðning hvert af öðru. Námið hér á landi myndi jafnframt tengja hópinn vel við landbúnað og dýraheilbrigðisrannsóknir hér á landi sem nýtist í framtíðarstörfum þeirra sem dýralæknar. Samhliða myndi þekking og aðstaða til rannsókna og tilrauna eflast hérlendis, sem og alþjóðlegt samstarf á þessu sviði. Þá styður dýralæknanám hérlendis við önnur skyld svið, s.s. dýravelferð, matvælaframleiðslu, líffræði, líftækni og umhverfisfræði.

Næstu skref eru að framkvæma fýsileikakönnun, gera áætlun um þá aðstöðu sem þyrfti að koma upp við LbhÍ og kanna hvaða námskeið eru þegar í boði við háskóla á Íslandi sem væri hægt að nýta, með breytingum þegar þörf væri á. Mikilvægt er að tryggja að fagmenntað fólk komi að kennslu, en SGGW gerir kröfu um að dýralæknamenntað fólk standi fyrir þeim námsgreinum sem hér yrðu kenndar. Þetta er einnig krafa úttektaraðila á vegum ESB sem taka út og faggilda dýralæknanám.

LbhÍ og SGGW eru báðir í evrópsku samstarfsneti lífvísindaháskóla, UNIgreen, ásamt sex öðrum háskólum á Spáni, Portúgal, Ítalíu, Búlgaríu, Belgíu og Frakklandi. Samstarf þessara háskóla hófst í byrjun árs 2023 og hefur verið afar farsælt. Það hefur þegar leitt af sér samstarf um doktorsnám fimm þessara háskóla þar sem LbhÍ tekur þátt. Samstarf um dýralæknanám yrði enn ein rósin í hnappagatið fyrir UNIgreen samstarfið. Það er mikill hugur í samstarfsaðilum og allir ákveðnir að leggja sitt af mörkum til að ná þeim árangri sem að er stefnt.

*Höfundur er rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.*










# Áhrif yfirsáningar í gróin tún



Jóhannes Kristjánsson.



Pétur Ómarsson.




Yfirsáning með gjarðavalta á Hvanneyri, maí 2023.

**Yfirsáning (e. overseeding) er tegund ísáningar þar sem fræjum er sáð ofan á svörð gróinna túna. Yfirsáning er orkuléttari og mun afkastameiri sáningaraðferð en hefðbundin ísáning (e. direct drill) þar sem skorið er í svörð túnsins til þess að koma fræjum undir yfirborðið.**

Yfirsáning er frekar nýtilkomin í umræðuna hér á landi en hefur verið stunduð erlendis um nokkurt skeið. Í Evrópu virðist algengast að notast við svokallað illgresisherfi (e. flexible tine harrows/weeder) samhliða yfirsáningu. Illgresisherfi eru eins konar tindaherfi sem er grind með 6–8 mm tindum í fimm til sex röðum neðan á sem rispa yfirborð svarðarins. Oft og tíðum er eitt jöfnunarborð fremst á illgresisherfunum til þess að fylla upp í moldvörpuholur, það er sennilega óþarfa búnaður á Íslandi. Þessir tindar sem eru neðan á illgresisherfunum titra og eiga að fjarlægja dauðar plöntuleifar og illgresisplöntur. Einnig losa þeir um yfirborð jarðvegsins til að lofta um og gera greiðari aðgang fyrir nýjar yfirsáðar plöntur að komast að. Við yfirsáningu notast þessi illgresisherfi svo við loftsáðvél sem leggur fræ í rispaðan svörðinn. Mælt er með því að fara þrjár umferðir með illgresisherfið, fyrri tvær umferðirnar án þess að sá en svo sá í þeirri þriðju. Ráðlagt er að ökuhraði sé frekar mikill eða um 7–12 km/klst.

Einnig þekkist að notast við aðrar aðferðir við yfirsáningu. Ein þeirra er að notast við gjarðavalta með jöfnunarborði en þá búa gjarðirnar til rásir niður í jarðveginn fyrir fræið og einnig er möguleiki að láta járntinda „fingur“ á jöfnunarborðið til að rispa aðeins í svörðin og opna þannig fyrir fræin.

### *Rannsókn 2023–2024*

Vorið 2023 réðust greinarhöfundar í rannsókn á yfirsáningu. Meginmarkmið tilraunarinnar var að kanna hvort yfirsáning auki uppskeru en líka að kanna hvort munur sé á árangri yfirsáningar í túnum á öðru og þriðja ári í ræktun.

Við sáningunna var notast við 6,3 metra breiðan HE-VA valta með stjörnugjörðum búinn jöfnunarborði og loftsáðvél. Ákveðið var að nota fjölært rýgresi til yfirsáningar, en ástæðan fyrir því er að það er þróttmikið í vexti á fyrsta ári og á þá betur möguleika í samkeppni við önnur grös og illgresi. Ókosturinn er styttri endingartími og verra vetrarþol.

Í rannsóknina voru valdar tvær spildur og innan þeirra var stikaður út 100–200 metra langur kafli. Þessum kafla var skipt upp í 6 raðir sem lágu hlið við hlið og sáð var í aðra hverja röð þannig að það voru þrjár raðir sem við sáðum í í hvorri spildu og þrjár sem ekki var sáð í. Önnur spildan var staðsett á Mið-Fossum og var á öðru ári í ræktun en hin spildan var á Hvanneyri og var á þriðja ári í ræktun. Rétt er að nefna að spildan á Hvanneyri var við yfirsáninguna sjáanlega skellótt þ.e. það voru víða blettir þar sem sáðgresi var horfið úr. Spildan á Mið-Fossum leit mun betur út og voru ekki áberandi skellur í henni.

Varðandi nákvæmari útlistun á efni og aðferðum þá vísa ég í B.S.-ritgerð Péturs Ómarssonar en hana má finna á Skemman.is og ber nafnið Áhrif yfirsáningar í gróin tún á uppskeru og hlutfall sáðgresis. Í henni má líka finna upplýsingar um uppskeru og hlutfall sáðgresis á sáðárinu, þ.e. 2023, en í stuttu máli þá var ekki munur á milli þeirra reita sem var sáð í og ekki sáð í.

Sumarið 2024 voru þessar raðir aftur uppskerumældar og tegundagreindar. Notast var við sömu aðferðafræði og lýst er í B.S.-ritgerð Péturs. Fyrsti sláttur var uppskerumældur 27.6 á Mið-Fossum og 28.6 á Hvanneyri en seinni sláttur var uppskerumældur 19.8. 24 á Mið-Fossum og 6.9. 24 á Hvanneyri. Upphaflega var sáð vallarfoxgrasi, vallarýgresi og rauðsmára í túnin. Við tegundagreiningu var allur annar gróður, að grösum meðtöldum, flokkaður sem annað. Rétt er að minnast á það að rauðsmári, sem var eitt af upphaflegu sáðgrösunum í báðum túnunum, var með öllu horfinn sumarið 2024 og því ekki hafður með í uppgjörinu.

### *Niðurstöður*

Heildaruppskera var lítilega hærri í yfirsáðu röðunum sumarið 2024 í samanburði við þær raðir sem ekki var sáð í. Munurinn var 380 kg þe á hektara á Hvanneyri og 409 kg þe á hektara á Mið-Fossum, en þessi munur var ekki tölfræðilega marktækur ($p>0{,}05$) og því skal ekki reynt að túlka það frekar hér.

Í fyrri slætti 2024 reyndist hlutfall vallarfoxgrass marktækt ($p<0{,}02$) hærra í þeim reitum sem ekki var yfirsáð í eða að meðatali 76% í samanburði við 63% í þeim reitum sem yfirsáð var í. Ekki reyndist marktækur munur á hlutfalli rýgresis eða annars gróðurs milli meðferða.

Í seinni slætti reyndist hlutfall fjölærs rýgresis hins vegar marktækt hærra ($p<0{,}03$) í yfirsáðu reitunum þar sem hlutfall þess var að meðaltali 42% en einungis 26% í þeim reitum sem ekki var yfirsáð í. Ekki var marktækur munur á hlutfalli vallarfoxgrass en hins vegar var hlutfall annars gróðurs en upprunalegs sáðgresis lægra ($p<0{,}03$) í þeim reitum sem yfirsáð var í. Annar gróður var að meðaltali 11% af þurrefnisgrunni í þeim reitum sem yfirsáð var í en 22% í þeim reitum sem ekki var yfirsáð í.

### *Umræður*

Ljóst er af niðurstöðum þessarar rannsóknar að yfirsáning í tún getur skilað árangri og aukið hlutfall sáðgresis í túnum. Greinilegur munur var í seinni slætti 2024 á áhrifum yfirsáningar þar sem hlutfall vallarýgresis var hærra og hlutfall annars gróðurs (illgresis) var lægri. Þessi áhrif komu fram bæði á Mið-Fossum og Hvanneyri og því ekki hægt að gera upp á milli árangurs yfirsáningar í tún á öðru eða þriðja ári í ræktun út frá niðurstöðum og uppsetningu þessarar rannsóknar.

Í fyrri slætti sumarið 2024 reyndist hlutfall vallarfoxgrass hærra í þeim reitum sem ekki var sáð í. Möguleg skýring á því er aukið hlutfall vallarýgresis. Því þó að sá munur hafi ekki reynst tölfræðilega marktækur þá var hlutfall rýgresis að meðaltali 23% í yfirsáðu röðunum en 13% í þeim röðum sem ekki var sáð í sem leiðir til lægra hlutfall vallarfoxgrass í heildaruppskeru.

Í áðurnefndri B.S.-ritgerð




Jólagjöfin í ár!







Vandaðar bækur sem fást í öllum helstu bókaverslunum landsins.




**Meðaluppskera meðferðaliða fyrri og seinni slætti 2024. Strik á súlum tákna staðalskekkju leiðrétts meðaltals meðferðarliða.**




**Tegundasamsetning í fyrri slætti eftir meðferðarliðum á þurrefnisgrunni. Strik á súlum tákna staðalskekkju leiðrétts meðaltals meðferðarliða.**




**Tegundasamsetning í seinni slætti eftir meðferðarliðum á þurrefnisgrunni. Strik á súlum tákna staðalskekkju leiðrétts meðaltals meðferðaliða.**

var kostnaður við yfirsáningu greindur og áætlað hversu mikinn uppskeruauka þyrfti til að yfirsáning borgaði sig. Niðurstaðan var að kostnaður við yfirsáningu á hvern hektara gæti numið 18.361–18.892 kr og var þá miðað við eina umferð með illgresisherfi eða gjarðavalta með loftsáðvél. Þetta þýðir að það þyrfti 506–520 kg þe/ha aukalega í uppskeru til að borga þann kostnað. Í þeim útreikningum var ekki tekið tillit til fóðurgæða. Slíkan uppskeruauka er ekki að sjá í þessari rannsókn. Hærra hlutfall sáðgresis ætti þó að öllu jöfnu að leiða til lystugra og kjarnmeira fóðurs. Slíkt fóður er verðmætara og ætti þannig að vega upp á móti kostnaði. Það þarf því að vega og meta í hverju tilfelli fyrir sig hvort að yfirsáning borgi sig.

Í þessari rannsókn var einnig notast við gjarðavalta en ekki illgresisherfi sem almennt er talið hentugra verkfæri í yfirsáningu. Mögulega hefði árangurinn verið annar og betri með slíku verkfæri en við höfum engin gögn til að fullyrða um slíkt.

Fjölært rýgresi er ekki þekkt fyrir langa endingu og hæpið að það endist hérlendis mikið lengur en þrjú ár frá sáðári. Það var hins vegar valið í þessa rannsókn vegna þess að það er talið vera með góða samkeppnishæfni og hraðari frumsprettu í samanburði við önnur fjölær grös og því má velta því fyrir sér hvort sami árangur hefði náðst með t.d. vallarfoxgrasi.

*Höfundar eru Jóhannes Kristjánsson, aðjunkt við LbhÍ og Pétur Ómarsson, Íslandsmeistari í rúningi 2024.*









Pistill formanns

# Brýn verkefni nýrrar ríkisstjórnar

**Ég ætla mér ekki þá dul** að leggja nýrri ríkisstjórn línurnar um hin fjölmörgu áríðandi verkefni hennar. Eg veit að þar verður í mörg horn að líta í bæði stóru og smáu. Ég veit líka að á meðal brýnna verkefna hennar er langþráð stefnumörkun í stað dýrkeypts stefnuleysis í málefnum landbúnaðarins. Eftir heimsóknir fulltrúa langflestra flokka sem bjóða fram krafta sína í komandi kosningum til okkar í bækistöðvar Bændasamtakanna er ég sannfærður um að ný ríkisstjórn, sama hvort hún hallast til hægri eða vinstri – eða mögulega hvorugt – muni taka hraustlega til hendinni hvað varðar rekstrarumhverfi bænda og um leið lífsnauðsynlega nýliðun í bændastéttinni.

> Hér hafa stjórnvöld svo sannarlega verk að vinna. Tafarlaust þarf að grípa í taumana ...

**Á fjórtán fjölsóttum bændafundum** víðs vegar um landið fyrr í þessum mánuði kom það skýrt fram að afkoma bænda er óviðunandi og hvílir á mörgum þeirra eins og mara. Ekkert má út af bregða til þess að rekstrarafgangur verði enginn og birtist jafnvel í rauðum tölum. Ungt fólk sem langar til að leggja búrekstur fyrir sig leggur einfaldlega ekki í það. Sama á jafnvel við um þau sem langar að taka við búi foreldra sinna en hrýs hugur við óvissunni og áhættunni sem því fylgir.

**Bændafundirnir endurspegluðu áhyggjur** af fleiru. Eftir hörmungarótíð sumarsins sem aldrei kom var mönnum tryggingavernd landbúnaðarins ofarlega í huga. Vorhretin, kuldinn og látlausar rigningar sumarsins léku bændur grátt og tjón margra þeirra skiptir hundruðum þúsunda og jafnvel milljónum. Á fundunum var einnig mikið rætt um þörfina fyrir stefnu stjórnvalda í notkun jarðnæðis í sveitum landsins. Hvernig vilja stjórnvöld og landsmenn nýta það og hvernig stefnu eigum við að setja um eignarhald þess? Í þessari umræðu bar auðvitað hæst áhyggjur af uppkaupum auðmanna á bújörðum og fyrirhuguð notkun þeirra til annars en matvælaframleiðslu.

**Það var líka kallað eftir stefnu stjórnvalda** í málefnum dreifðra byggða og einkum þar sem byggðafestu er ábótavant. Þegar íbúafjöldi einstakra byggðarlaga og sveita nær ekki hið minnsta að standa í stað getur fólksflótti undið hratt upp á sig og að lokum orðið óstöðvandi. Slík sögulok eru alltaf dýru verði keypt fyrir allt samfélagið. Þess vegna er svo mikilvægt að þróttmikil byggðastefna stjórnvalda geri fólki kleift að snúa vörn í sókn og treysta undirstöður áframhaldandi byggðar og verðmætasköpunar í stað yfirgefinnar atvinnustarfsemi og búsetu.

**Og bændur hafa áhyggjur af orkumálum.** Skömmtun á rafmagni er mikið áhyggjuefni og getur í mörgum búgreinum haft alvarlegar afleiðingar. Raforkuverð til bænda hefur tvöfaldast á síðustu fjórum árum. Sem sagt hækkað um 25% á ári og þar af leiðandi eitt hundrað prósent á þessu tímabili. Spádómar um svipaðar hækkanir næstu fjögur árin bæta svo gráu ofan á svart svo ekki sé fastar að orði kveðið. Fyrir ylrækt garðyrkjubænda yrði það í raun rothögg. Þess vegna lýsir Axel Sæland, formaður búgreinadeildar garðyrkjubænda, yfir áhyggjum sínum af því að brátt verði talað um íslenska garðyrkju í þátíð.


Trausti Hjálmarsson.

**Stuðningur stjórnvalda við íslenskan landbúnað,** tollverndin og nýir búvörusamningar sem taka eiga gildi árið 2027 voru bændum eðlilega líka ofarlega í huga. Við keppum við ríkisstyrktan landbúnað í öllum nágrannalöndum okkar og engum dettur í hug að við íslenskar aðstæður geti landbúnaður þrifist án sambærilegs stuðnings. Ekki endilega meiri stuðnings en hið minnsta álíka mikils enda þótt leiðirnar að þeirri niðurgreiðslu hins endanlega verðs til neytandans séu mismunandi. Ein leiðin í þessum efnum gæti verið tilslökun í því íþyngjandi regluverki sem búreksturinn lýtur og er oft og tíðum talsvert umfram það sem annars staðar gerist. Bændum er líka ljós þörfin fyrir eins mikla hagræðingu og frekast er unnt á vinnslustigi afurðanna.

**Spjótin standa sem sagt á stjórnvöldum.** Þau stærstu eru ákall um stefnu í rekstrarumhverfi landbúnaðarins og stefnu í nýtingu þess lands sem bændum hefur verið treyst fyrir. En það er líka ákall um kúvendingu í stefnu sem mörkuð var fyrir nokkrum árum og er einfaldlega vond. Reyndar stórhættuleg fyrir landbúnaðinn eins og rekstur svo margra smærri fyrirtækja í landinu. Þar á ég auðvitað við þá stefnu, og um leið það lögbundna hlutverk sem Landsvirkjun hefur, að selja íslenska raforku hverju sinni hæstbjóðanda og hámarka þannig arðgreiðslur sínar til eigandans.

**Ný ríkisstjórn þarf einfaldlega** að breyta þessari eigandastefnu sinni gagnvart Landsvirkjun. Það er a.m.k. algjörlega útilokað fyrir bændur í einstaklingsrekstri sínum og fjölskyldubúskap að keppa við álver og kísilverksmiðjur í raforkuverði. Gagnvart núverandi stöðu í raforkuverði og fyrirsjáanlegri þróun á næstu árum fallast mönnum einfaldlega hendur.

**Græna raforkan er eitt af flaggskipum** íslensks landbúnaðar. Hún skiptir gríðarlega miklu máli í ímynd matvælaframleiðslunnar. Það eru hins vegar takmörk fyrir því hve dýru verði hægt er að kaupa hana. Ég leyfi mér að fullyrða að við séum, að minnsta kosti hvað grænmetisræktun varðar, komin upp undir rjáfur og jafnvel rúmlega það. Í öðrum búrekstri er 100% hækkun síðastliðinna fjögurra ára auðvitað ekki bara íþyngjandi heldur óþolandi. Hér hafa stjórnvöld svo sannarlega verk að vinna. Tafarlaust þarf að grípa í taumana.

**Margir þingmenn og frambjóðendur** allra flokka sóttu bændafundina okkar og fengu þannig baráttumál bænda beint í æð. Eftir samtöl mín við það fólk og þá sem komið hafa til okkar í Borgartúnið síðustu dagana er ég sannfærður um að á málefnum landbúnaðarins er talsverð þekking og góður skilningur. Vonandi dugar það til þess að ný ríkisstjórn sýni það í verki að hún vilji grípa með bændum þau fjölmörgu nýju sóknarfæri sem blasa við íslenskum landbúnaði á komandi árum ef vel er á spilunum haldið.

*Trausti Hjálmarsson,*
*formaður Bændasamtaka Íslands.*



Réttarfréttir:

# Eftirlit með velferð búfjár

**Tilgangur þessarar greinar er að varpa ljósi á þau úrræði sem eftirlitsaðili hefur fyrir hendi til þess að bregðast við broti umráðamanna dýra við lögum. Það er gert til að knýja fram úrbætur ef aðstæður og aðbúnaður dýra er ófullnægjandi og ekki í samræmi við lög og reglur.**


Katrín Pétursdóttir.

Í athugasemdum við frumvarpi til laga um velferð dýra segir að margvísleg rök séu fyrir því að styrkja ekki framleiðslu landbúnaðarafurða þar sem brotin eru ákvæði er varða velferð dýra. Sem dæmi má nefna eiga neytendur til að mynda almennt ekki kost á að sniðganga afurðir frá þeim búum þar sem lögum eru ekki fylgt.

### *Endurskoðun laga um velferð dýra árið 2008*

Árið 2008 var nefnd skipuð til að koma með tillögu að endurskoðun þágildandi laga. Markmiðið með endurskoðun laganna var meðal annars að stjórnsýsla og eftirfylgni mála á sviði dýraverndar yrði skilvirk og sem einföldust í framkvæmd. Þörf var á að kanna hvort endurskoða þyrfti þvingunarúrræði og viðurlög laganna.

Fyrir gildistöku laga nr. 55/2013 um velferð dýra var stjórnsýsla dýraverndar í höndum umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Umhverfisstofnunar en framkvæmd búfjáreftirlits á vegum sveitarfélaga. Með nýrri heildstæðri löggjöf var ætlunin að eitt ráðuneyti færi með forsjá löggjafarinnar og Matvælastofnun færi með framkvæmd málaflokksins. Tilgangur eftirlits Matvælastofnunar er eftirlit með velferð búfjár. Það er hlutverk Matvælastofnunar samkvæmt lögum að fara meðal annars með stjórnsýslu og eftirlit í samræmi við lög. Til þess að stofnunin geti uppfyllt lagaskyldu sína er henni veitt heimild samkvæmt lögum til að fara á hvern þann stað þar sem dýr eru haldin og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað og við beitingu þvingunarúrræða.

### *Víðtækari þvingunarúrræði tekin upp*

Þau þvingunarúrræði sem voru til staðar fyrir endurskoðun laganna fólust fyrst og fremst í því að kæra brot til lögreglu eða beita vörslusviptingu. Þau þvingunarúrræði sem eru til taks í dag eru mun víðtækari og fjölbreyttari og er eftirlitsaðila færð í hendur aukin úrræði vegna brota á ákvæðum laga. Brotin sem um ræðir geta talist minni háttar og því geta úrræði eins og krafa um úrbætur dugað til að úr sé bætt. Reglur sem um starfssemina gilda eru fjölbreyttar og því eru fjölbreyttari heimildir fyrir eftirlitsaðila til að bregðast við ólíkum brotum eftir eðli og alvarleika.

Það skuli ávallt gert í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga sem kveður á um að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Þess skuli gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

### *Núgildandi þvingunarheimildir Matvælastofnunar*

Samkvæmt núgildandi lögum er Matvælastofnun heimilt að beita margvíslegum þvingunarúrræðum svo stofnunin framfylgi lögbundnu hlutverki sínu.

Matvælastofnun er heimilt að *takmarka eða stöðva starfsemi* þegar um alvarlega tilvik eða ítrekað brot er að ræða. Jafnframt ef aðilar sinna ekki fyrirmælum innan tilgreinds frests.

Heimilt er að beita *dagsektum* gagnvart umráðamanni, að hámarki kr. 100.000,- á dag. Aðila sem ákvörðun um dagsektir beinist að skuli vera veittur sjö daga frestur til að koma að skriflegum andmælum áður en dagsektir eru ákvarðaðar. Dagsektir eru *aðfararhæfar* og má innheimta með *fjárnámi*. Undirrituð hvetur því umráðamenn til þess að bregðast fljótt við ef dagsektum er beitt. Stærri gulrót er þó að útistandandi dagsektir falla niður ef umráðamaður dýra hefur bætt á fullnægjandi hátt úr aðstæðum og aðbúnaði dýra innan fimm virkra daga frá ákvörðun um dagsektir.

Eftirlitsaðila er heimilt að gera *kröfur um úrbætur*. Matvælastofnun er einnig heimilt að láta vinna úrbætur á kostnað umráðamanns ef hann skipast ekki við tilmæli stofnunarinnar.

Matvælastofnun er heimilt að taka ákvörðun um að *svipta umráðamann dýra* vörslu þeirra, ef aðilar sinna ekki fyrirmælum innan tilgreinds frests. Stofnunin ákveður hvort dýrin skuli flutt burt eða þeim haldið þar sem þau eru. Matvælastofnun er jafnframt heimilt að láta aflífa dýr sem stofnunin hefur umráð yfir vegna vörslusviptingar að liðnum tveimur sólarhringum takist stofnuninni ekki né eiganda að finna viðeigandi aðstæður eða aðbúnað fyrir dýr. Fjallað er ítarlega um *vörslusviptingu* í lögunum enda er um veigamikið inngrip að ræða í stjórnarskrárvarin réttindi umráðamanns, þ.e. atvinnuréttindi og eignarréttindi.

Matvælastofnun er heimilt, telji stofnunin það nauðsynlegt, að *svipta umráðamann heimild* til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið. Það getur stofnunin gert fyrirvaralaust og til bráðabirgða.

Mikilvægt er að hafa í huga að heimilt sé að krefja umráðamann dýra og aðila sem er ábyrgur fyrir starfsemi sem lögin ná til um endurgreiðslu kostnaðar vegna úrræðanna sem Matvælastofnun framkvæmir í einhverjum tilfellum.

Þá er Matvælastofnun heimilt að leggja *stjórnvaldssektir* á mann eða lögaðila sem brýtur gegn ákvæðum laganna og þeim stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Sektirnar geta numið frá kr. 10.000,- til 1 milljón króna. Skiptir þá ekki máli hvort brot séu framin af ásetningi eða gáleysi.

Matvælastofnun er heimilt að









*svipta leyfishafa leyfi* sem gefið er út verði hann ítrekað uppvís að því að vanrækja skyldur sem á honum hvíla samkvæmt lögunum.

Jafnframt er kveðið á um *refsiábyrgð,* þ.e. það varðar mann sektum eða fangelsi allt að einu ári við brotum á ákveðnum ákvæðum laganna.

### *Stjórnsýslulög*

Matvælastofnun ber að fylgja stjórnsýslulögunum í hvívetna þegar þvingunarúrræði er beitt og er bundið af þeim reglum. Þær helstu reglur sem Matvælastofnun ber að fylgja fela í sér að allar ákvarðanir verða að byggja á lögum, skylda að veita almenningi nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess, rannsaka mál nægilega vel áður en ákvörðun er tekin og meðhöndla alla borgara á jafnan hátt. Þessar reglur kallast lögmætisreglan, leiðbeiningarskylda stjórnvalda, rannsóknarreglan og jafnræðisreglan.

Þau réttindi sem almenningur hefur í samskiptum við stjórnvöld er m.a. réttur til að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína og andmælaréttur, sem felur í sér að einstaklingur fái tækifæri til að tjá sig um mál áður en stjórnvöld taka endanlega ákvörðun sem hefur áhrif á hann. Vísast til greinar minnar um samskipti við stjórnvöld sem birt var í 15. tölublaði Bændablaðsins árið 2024 þar sem reglur þessar eru betur útskýrðar.

Aðila máls er einnig heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt, enda sé það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun. Aðili máls á jafnframt rétt á endurupptöku máls að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, það er ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Undirrituð hvetur félagsmenn BÍ að hafa samband við Bændasamtök Íslands ef þeir telja að Matvælastofnun sé ekki að fylgja lögunum.

---

*Höfundur er lögfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands.*



# Kosningarnar snúast líka um landbúnað

**Frá upphafi hefur landbúnaður gegnt lykilhlutverki í að móta íslenska menningu og samfélag. Íslendingar hafa síðustu aldirnar þróað búskaparhætti sína til að aðlagast krefjandi náttúrulegum aðstæðum landsins.**


Þórarinn Ingi Pétursson.

Úr þessu hefur skapast djúp tenging milli náttúrunnar og þjóðarinnar – tenging sem er rótgróin í sjálfsmynd okkar.

Íslenskur landbúnaður hefur síðustu misseri staðið frammi fyrir áskorunum sem krefjast skýrra lausna. Til þess að tryggja að íslenskur landbúnaður haldi velli og þróist áfram þarf að hugsa í lausnum og varast gylliboð.

### Betri lán í gegnum Byggðastofnun

Landbúnaður í dag krefst gríðarlegra fjárfestinga sem eru oft úr takti við efnahagslega getu bændanna. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag, þar sem bændur þurfa að greiða niður miklar fjárfestingar á aðeins 20 árum, er ósjálfbært. Lausnin gæti falist í því að bjóða bændum langtímalán á lágum vöxtum í gegnum Byggðastofnun, líkt og gert var með gömlu stofnlánadeildinni. Þetta myndi tryggja efnahagslegan stöðugleika og stuðla að fæðuöryggi landsins.

Svo það sé mögulegt þarf að stórauka fjármagn til Byggðastofnunar. Það er aðgerð sem myndi skila sér aftur til þjóðarinnar, ekki bara fyrir bændur heldur einnig sem liður í fæðuöryggi þjóðar. Markmiðið með þessum aðgerðum væri ekki að hækka vöruverð til neytenda heldur að tryggja að hér verði öflug matvælaframleiðsla í framtíðinni.

### Hlutdeildarlán fyrir nýliðun

Þá er nýliðun í bændastéttinni nauðsynleg til að tryggja framtíð íslensks landbúnaðar en það verkefni er oft óyfirstíganlegt fyrir ungt fólk vegna mikils kostnaðar við jarðarkaup og fjárfestingar. Hlutdeildarlán gætu verið lykillinn að þessu verkefni. Með því að stjórnvöld leggi fram 25–30% af kaupverði jarða, sem endurgreiðist við sölu eða lánstíma loknum, væri ungu fólki gert kleift að hasla sér völl í landbúnaði án þess að taka á sig óraunhæfar fjárhagslegar byrðar.

Fyrir þá sem ekki þekkja til þá eru hlutdeildarlán úrræði fyrir tekju- og eignaminni einstaklinga og er ætlað að hjálpa fyrstu kaupendum undir ákveðnum tekjumörkum að brúa bilið við fasteignakaup. Í þeim tilvikum veitir HMS kaupanda hlutdeildarlán fyrir allt að 20% kaupverðs. Að mínu mati mætti útfæra lán til bænda með þeim hætti að stjórnvöld legðu til 25–30% af kaupverði jarða líkt og er með hlutdeildarlán til fasteignakaupa endurgreiði stjórnvöld sinn hlut að lánstíma loknum eða ef kæmi til sölu. Í rauninni er þetta eina leiðin sem er fær ef við viljum í alvöru tryggja nýliðun innan bændastéttarinnar.

### Evrópusambandsdraugurinn

Í aðdraganda kosninga birtast oft margs konar ályktanir og hugmyndir, sumar íklæddar skrúðmælgi til að auka áhrifamátt sinn. Meðal þeirra eru skilaboð sem fela í sér þá hugmynd að Evrópusambandsaðild geti verið töfralausn á öllum áskorunum landsins, flokkarnir virðast þó vera í felulitum með þetta þessa dagana. Það er ljóst að meirihluti þjóðarinnar virðist ekki hlynntur þeirri vegferð, sérstaklega ef hún er talin ógna íslenskum landbúnaði, lífsviðurværi bænda og hagsmunum landsbyggðarinnar. Margir telja slíka nálgun einkum þjóna þröngum viðskiptahagsmunum, fremur en breiðari hagsmunum þjóðarinnar. Við í Framsókn erum skýr, aðild að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá á okkar vakt.

### Tölum um tolla

Umræða um tolla á matvæli og tolla almennt skýtur reglulega upp kollinum í umræðunni hér á landi. Lítið hefur þó farið fyrir umræðunni í aðdraganda þessara kosninga þótt áhugavert hafi verið að nokkrir flokkar hafi tekið afdregna afstöðu gegn því að fella niður tolla á innflutning á matvælum. Staðreyndin er sú að tollar á innflutta matvöru eru eitt öflugasta verkfærið við eflingu innlendrar matvælaframleiðslu og við eigum að vera ófeimin við að nota það, líkt og önnur ríki. Tollar á vörum þekkjast út um allan heim. Þjóðir setja á tolla til að vernda framleiðslu sína, þjóðartekjur og jafna þannig aðstöðumuninn sem snertir framleiðslu. Það væri glapræði fyrir íslenska matvælaframleiðslu ef tollar yrðu felldir niður.

Við viljum hafa matvælaframleiðslu hér á landi. Við viljum hafa hana til þess að við getum keypt hágæðavöru sem framleidd er við bestu mögulegu aðstæður og skapa á sama tíma vinnu fyrir fólkið í landinu. Í umræðunni gleymist oft að það eru þúsundir sem vinna við matvælaframleiðslu hér á landi. Þetta fólk borgar hér skatta og skyldur sem og fyrirtækin sem stunda sína framleiðslu. Það gera verkamennirnir sem vinna á svínabúunum á Spáni ekki. Erlend fyrirtæki borga ekki skatta og skyldur hér á landi og þau skapa ekki störf fyrir fólkið á landsbyggðinni.

### Stöndum vörð

Við þurfum að ræða um framtíð íslensks landbúnaðar í þessum kosningum. Sem þingmaður hef ég talað fyrir að efla stuðning við íslenska bændur með skynsamlegum aðgerðum sem stuðla bæði að hagkvæmni og sjálfbærni, ég hef trú á því verkefni.

Með því að byggja upp og styrkja íslenskan landbúnað höfum við tækifæri til að auka verðmætasköpun, efla menningarlega sérstöðu okkar og tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Við megum ekki láta það sem hefur verið byggt upp frá landnámi glatast. Við þurfum að standa vörð um innlenda framleiðslu og tryggja að íslenskur landbúnaður haldi áfram að vera burðarás í menningu, samfélagi og efnahagslífi þjóðarinnar.

*Höfundur er bóndi, alþingismaður og skipar annað sætið á framboðslista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi.*


Reynisfjara. Mynd / Ross Hughes, Unsplash

# Fjandsamlegt vaxtaumhverfi

**Áherslur lýðræðisflokksins í landbúnaðarmálum eru í stuttu máli sem hér segir.**

- Vaxtakjör verða að lagast svo að um munar.
- Við viljum efla sjálfbæra matvælaframleiðslu og tryggja fæðu- og matvælaöryggi og draga sem mest úr þörf fyrir innflutning.

### Vextir

Vextir á Íslandi eru þjóðarmein sem verður að laga straxs. Þeir eru langþyngstir þeim sem eru að koma sér upp húsnæði og að stofna fjölskyldu. Sem sagt þeim sem síst skyldi og þeim sem ætti að styðja sérstaklega. Þeir eru einnig afar þungir smærri fyrirtækjum og stórskaða samkeppnishæfni þeirra. Landbúnaðurinn er sérstaklega viðkvæmur fyrir háu vaxtastigi vegna tiltölulega mikilla fjárfestinga miðað við innkomu. Nýliðun er nánast út úr korti við þesar aðstæður.

Það verður að hætta að pönkast á þessum hópum og ábyrgðinni verður að dreifa jafnar, enda er það hægt.

Við ætlum að setja 4% þak á stýrivexti og banna vísitölutengingu á neytendalán. Með þessu þaki er bönkunum gert að koma á móti almenningi og klára dæmið.

Langt er síðan það var vitað að vísitölutenging lána dregur mjög úr biti stýrivaxtanna og hefur seðlabankastjóri oft lýst því. Önnur úrræði, eins og samspil gengis og skatta, eru nánast úr sögunni fyrir vikið. Þá þurfa húsnæðisvextir einnig að vera fastir til langs tíma ef vaxtatækið á að virka.

Á Íslandi er húsnæði haft með í vísitöluútreikningi, en það er ekki gert annars staðar. Í þeirri húsnæðisbólu sem hér hefur blásið upp hefur þetta valdið aukinni skekkju og hækkun lána langt umfram það sem annars væri. Þetta hefur verið vitað lengi, en ekkert verið aðhafst. Þetta heitir að hafa eignir af fólki.

Fjármálakerfið kann sitt fag og nú hillir undir einhverjar vaxtalækkanir þegar skuldurum landsins hefur verið smalað aftur í verðtryggingu eins og fé til slátrunar.

Við verðum hins vegar að slátra þessu fjandsamlega kerfi.


Elvar Eyvindsson.

Ég er ekki í vafa um að bændur eiga mjög mikið undir því að þetta takist. Ég hef einnig verið að tala fyrir því að landbúnaðarland sé metið að verðleikum sem ein besta eign sem völ er á og þar með eitt besta veð sem hægt er að bjóða. Við erum ekki að njóta þess í betri kjörum. Með stofnun jarðalánasjóðs tel ég að hægt sé að bæta kjör mjög margra bænda á auðveldan hátt. Það mundi stórbæta möguleika til nýliðunar, jafna aðstöðu margra búgreina og aðstoða við til dæmis skógrækt og nýsköpun. Ég hvet alla til að kynna sér þessa tillögu.

### Verum sjálfbær

Við viljum efla heilsu og forvarnir og við gerum það ekki síst með því að neyta heilsusamlegs fæðis sem er laust við lyf og eiturefni. Við þurfum að vita hvaðan maturinn kemur og þekkja leið hans frá upphafi til enda.

Það er nánast þannig að ef við gerðum sömu kröfur til gæða innflutnings og innlendara landbúnaðarafurða þá væri enginn ódýr innflutningur til. Lýðræðisflokkurinn gerir sér grein fyrir því að þetta kostar og hefur því ekki annað í huga en að styðja við bændur þannig að afkoman sé viðunandi. En mikilvægast er að treysta grunninn og búa svo um hnútana að ekki sé settur óþarfa kostnaður á greinina. Nauðsynlegt er að huga að kynbótum á kúastofninum eftir þeim leiðum sem þegar eru þekktar og notaðar í nautaeldinu. Einfalda þarf regluverk þegar kemur að heimavinnslu afurða og sölu. Einfalda þarf byggingaregluverkið og flytja ábyrgðina aftur til baka til iðnaðarmanna og verkkaupa. Á heimasíðu Lýðræðisflokksins má finna betri útlistun á stefnunni og ég hvet alla til að skoða. X-L

*Höfundur er bóndi á Skíðbakka II í Austur-Landeyjum og skipar 1. sæti Lýðræðisflokksins í Suðurkjördæmi.*



# Viðsjár eru uppi um veröld víða

**Á undanförnum árum hefur íslenskur landbúnaður sýnt af sér mikla aðlögunarhæfni. Greinin sigldi í gegnum heimsfaraldur og hækkanir á aðfangaverði án þess að hökt kæmi á framleiðsluna.**


Erna Bjarnadóttir.

Sérstakur stuðningur sem rann til landbúnaðarins á þessum tíma var ekki nema lítið brot af öllum þeim stuðningi sem rann til fólks og fyrirtækja vegna Covid-19 faraldursins.

### *Fæðuöryggi og matvælafullveldi*

Landbúnaður er ríkur þáttur í sjálfsmynd flestra þjóða. Hann mótar landslag, matarmenningu og samfélög í dreifbýli. Fæðuöryggi skiptir þar grundvallarmáli. Fyrir heimili merkir fæðuöryggi að allt heimilisfólk hefur alltaf aðgang að nægum mat til að lifa virku, heilsusamlegu lífi.

Fyrir tæpum 30 árum, eða 1996, kom svo fram hugtakið „matvælafullveldi" (food sovereignty) og var það fyrst sett fram af alþjóðlegu bændahreyfingunni La Via Campesina á World Food Summit (Matvælaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna). Hugmyndafræðin að baki matvælafullveldi á rætur að rekja til alþjóðlegrar baráttu um yfirráð yfir mat, landi, vatni og lífsviðurværi. Í yfirlýsingu frá „Nyéléni", fyrsta alþjóðlega vettvangsins um matvæla fullveldi, frá 2007 segir m.a.:

*„Matvælafullveldi er réttur fólks til heilbrigðra og menningarlega viðeigandi matvæla sem framleidd eru með vistvænum og sjálfbærum aðferðum og réttur þeirra til að skilgreina eigin matvæla- og landbúnaðarkerfi. Það setur vonir og þarfir þeirra sem framleiða, dreifa og neyta matvæla í hjarta matvælakerfa og stefnu frekar en kröfur markaða og fyrirtækja."*

Fullveldi matvæla gengur þannig miklu lengra en það eitt að tryggja að fólk hafi nægan mat til að mæta líkamlegum þörfum sínum.

### *Nýtt og pólitískt hugtak*

Þó matvælafullveldi sé nærri 30 ára hugtak hefur lítið farið fyrir notkun þess í umræðum hér á landi. En á grundvelli þess er virkilega hægt að eiga pólitíska umræðu um stefnumótun í málaflokknum. Eiga staðbundin sjónarmið að hafa aukið vægi frá því sem nú er? Hver á að ráða yfir landi sem hentar til matvælaframleiðslu? Eigum við að sætta okkur við að þau matvæli sem við neytum séu framleidd með neikvæðum áhrifum á umhverfi fólks í fjarlægum löndum vegna lyfja- og varnarefnanotkunar þegar hægt er að framleiða sömu matvæli hér með takmarkaðri eða engri slíkri notkun? Þó ekki væri annað þá er þetta siðferðisleg spurning sem varla þarf að kenna sérstaklega undir merkjum „borgaravitundar" eins og boðað er í nýrri námskrá.

Fyrir íslenska stjórnmálamenn framtíðarinnar er þetta hlaðborð tækifæra. Hvernig ætlum við að mæta þörf fyrir aukið framboð matvæla næstu 6 árin þar sem landsmönnum mun væntanlega fjölga um 13% og ferðamönnum hugsanlega um 50–70% ef spár ganga eftir. Það verður ekki gert með því að „auka greiðslur út á land" eins og stundum heyrist þegar á sama tíma heyrist að stóreignamenn erlendir og jafnvel innlendir kaupi lönd og jarðir í fjölbreyttum tilgangi. Það er ekki líklegt til vinsælda að ríkisstyrkir renni á færibandi til stóreignamanna, eins og gerist í stórum stíl hjá ESB, og gagnrýnt hefur verið. Hve mikið þarf að fjölga kúm, ám, gyltum og kjúklingum til að mæta aukinni eftirspurn? Hvernig munum við aðstoða bændur við að auka framleiðni og draga úr umhverfisáhrifum framleiðslunnar á sama tíma? Svarið getur alla vega aldrei verið að leita til spænskra eða þýskra bænda, sem dæmi, um að sjá um framleiðsluna fyrir okkur.

### *Yfirráð yfir landi*

Árið 2004 voru samþykkt jarðalög (nr. 81/2004) sem leystu af hólmi eldri lög nr. 65/1976. Í athugasemdum við frumvarpið segir m.a. að nokkrar breytingar eigi „… rætur að rekja til þess að Eftirlitsstofnun EFTA (EFTA Surveillance Authority) hefur gert ýmsar athugasemdir við nokkur ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976, og telur þau brjóta gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningnum […] Hafa athugasemdirnar einkum beinst að 6. gr. laganna um að samþykki bæði sveitarstjórna og jarðanefnda þurfi til að heimilt sé að ráðstafa jörðum og öðrum fasteignum sem lögin gilda um, að sveitarstjórn geti bundið samþykki sitt tilteknum skilyrðum um búsetu, sbr. sama ákvæði, 11. gr. laganna um að aðilar sem kaupa vilja jarðir á Íslandi og nýta til landbúnaðar þurfi að hafa starfað við landbúnað í tvö ár hér á landi, nema landbúnaðarráðherra veiti sérstaka undanþágu, og 30. gr. laganna um forkaupsrétt sveitarfélaga og Jarðasjóðs ríkisins."

Telja verður að mikla útsjónarsemi og samningalipurð þurfi til að vinda ofan af núverandi lögum á þeim nótum að takmarka rétt borgara á EES-svæðinu til jarðakaupa hér á landi. Þörf er á raunhæfum lausnum á þessu verkefni en í því sambandi þarf að horfa til veigamikilla almannahagsmuna (e. overriding public interest). Almennt hefur verið talið – m.a. af hálfu fv. forseta EFTA-dómstólsins – að slíkir hagsmunir heimili aðila að EES-samningnum að takmarka rétt erlendra aðila til að eignast fasteignir hér á landi. Rétt er að geta þess að íslensk stjórnvöld höfðu af þessu áhyggjur þegar samningaviðræður um EES-samninginn fóru fram. Því var gerður fyrirvari um þetta við gerð EES-samningsins:

*„Due to the one-sided nature of its economy and the fact that its territory is sparsely populated, Iceland states its understanding that, without prejudice to the obligations arising under the Agreement, it may take safeguard measures if the application of the Agreement is to cause in particular […] serious disturbances in the real-estate market."*

Þó ekki hafi verið vitnað í þetta við setningu jarðalaganna 2004 virðist full ástæða til að kanna hvort Alþingi getur nýtt þetta svigrúm. Þá þarf og að koma með raunhæfar tillögur um hvernig takmarka mætti rétt erlendra aðila til að kaupa jarðir í landbúnaðarnotum hér á landi þannig að það vinni raunverulega með því að tryggja fæðuöryggi.

### *Orð eru til alls fyrst*

Matvælafullveldi, verður í deiglunni ásamt mörgu öðru, hjá samtökunum Circumpolar Agricultural Association, CAA (Landbúnaðarsamtök Norðurslóða) á næsta þingi samtakanna sem fer fram í Tromsø í Noregi 23.–25. september á næsta ári. Aðild að samtökunum eiga einstaklingar úr fræðasamfélaginu, bændur og aðrir áhuga- og hagsmunaaðilar. Greinarhöfundur á nú sæti í stjórn samtakanna fyrir Íslands hönd. Undirbúningur þingsins er í fullum gangi og verður á næstunni leitað eftir framlögum á þingið í formi erinda eða plakata. Það er von mín að sem flestir sýni þessu starfi áhuga, sjái sér fært að fara á þingið og fylgist ekki síst með umræðum þingsins um matvælafullveldi sem líka er ofarlega á baugi hjá öðrum þjóðum umhverfis Norðurpólinn.

*Höfundur er verkefnastjóri hjá Mjólkursamsölunni.*











Í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi samþykkti Alþingi þann 17. júní 1974 sérstaka fjárveitingu sem nefnd var Þjóðargjöfin. Fjárveitingin var ætluð til að vinna gegn og bæta fyrir gróður- og jarðvegseyðingu sem hafði átt sér stað frá landnámi – að greiða skuldina við landið. Nú eru liðin 50 ár frá því að ákvörðun var tekin um Þjóðargjöfina og því ekki úr vegi að líta um öxl og minnast þessa merka verkefnis og fjalla um árangur þess í samhengi nútímans þegar áskoranir í umhverfismálum eru enn eitt stærsta viðfangsefni okkar allra.

**Mikilvæg ákvörðun tekin**
**Ágúst Sigurðsson** - LOGS
**Sveinn Runólfsson** - fulltrúi í samstarfsnefnd um þjóðargjöfina

**Verkefnum ýtt úr vör**
**Ása L. Aradóttir** - LBHÍ, rannsóknir í skógrækt og landgræðslu
**Sigþrúður Jónsdóttir** - LOGS, beitarrannsóknir
**Björg Eva Erlendsdóttir** - Landvernd, náttúruvernd

- kaffi -

**Áhrifanna gætir víða**
**Oddný Steina Valsdóttir** - Butru, bændur og landgræðsla
**Olga Kolbrún Vilmundardóttir** - NÍ, vistgerðarkortið
**Trausti Jóhannsson** - LOGS, útivistargildi skóga
**Rán Finnsdóttir / Helena Marta Stefánsdóttir** - LOGS, vöktunar- og hvataverkefni

**Ný þjóðargjöf?**

Öll velkomin!
**Norræna húsið, 5. desember kl. 9-12**

Land og skógur

# Kosningar

**Kæru kjósendur. Það er ekkert mikilvægara en að nýta atkvæðisréttinn sem svo mikið var haft fyrir fyrr á árum af framsýnum mönnum að gefa okkur öllum. Það er líkast til betra að kjósa vitlaust en kjósa ekki.**


Guðrún Kr. Jóhannsdóttir

Það er staðreynd að það er gott fólk og velhugsandi í öllum flokkum, en aðalatriðin eru það sem fólk sameinast um í hverjum þeirra. Landið okkar virðist vera í krísu efnahagslega, mest vegna stjórnleysis undanfarin sjö ár. Ríkissjóður hriplekur og hælisleitendur fá betri kjör en þeir Íslendingar sem minnst hafa milli handanna. Hugum að umheiminum og hjálpum til þar sem þessi litla þjóð getur, en látum okkar eigið fólk okkar ganga fyrir sem býr við bág kjör eða jafnvel á götunni. Taktu til heima hjá þér og hjálpaðu svo öðrum í neyð. Allir okkar innviðir virðast hrundir, ekki hvað síst heilbrigðis og samgöngukerfið. Það þarf mikla uppstokkun til að koma öllu í lag og ekki síst hjá ríkisstofnunum sem eru orðin að bákni sem stöðugt vex.

Ég hef fylgst með skoðanakönnunum, og það sem hræðir mig mest er þetta aukna fylgi Viðreisnar! Það er áhyggjuefni. ESB innganga og evra er ekki það sem við þurfum, enda var það krónan sem bjargaði okkur í hruninu. Mörgum hefur verið talin trú um að slík innganga myndi breyta vaxtastigi og verðtryggingu hér á landi og allir myndu hafa það betra. Þvílíkur blekkingarleikur.

Fyrir ca. 12 árum fékk ég sem sveitarstjórnarfulltrúi vestur á landi boð um kynningu á ESB og koma til Brussel og kynna mér málin. Ég var ekkert spennt, en fór með tilfinningu, en kom heim með rök.

Í stuttu máli sagt, ef einhver er að tengja ESB aðild við vinstrimennsku, þá er það regin misskilningur. Þetta er það kapítalískasta batterý sem fyrirfinnst. Hreinn lobbý-ismi stórfyrirtækja með þingmenn í vinnu. Enda byggt upp úr gamla þýska stál- og kolabandalaginu „Ef þú klórar mér, þá klóra ég þér“. Erfitt að lýsa þessu apparati í styttra máli. Þessi hópur sem fór út, var u.þ.b. 25 manns, flest Samfylkingarfólk úr Reykjavík og einn og einn af landsbyggðinni úr misjöfnum flokkum og vorum því kannski svolítið sér á báti sem andstæðingar ESB. En við hlustuðum, fengum góðar þýðingar á ensku og kynningar á áhrif hinna ýmsu atvinnugreina. Sannleikurinn er sá, að fiskimiðin okkar færu til úthlutunar til Spánverja, Portúgala og fl. Orkan okkar færi til Evrópu með auknum kostnaði fyrir alla venjulega Íslendinga, þar sem ekki má mismuna milli þjóða. Hvað landbúnaðinn varðar, þá fengju landeigendur styrkina en þeir sem yrkja jörðina bara afrakstur sinnar eigin vinnu. Sjá má fyrir sér hvaða áhrif það hefði.

Erlendir auðjöfrar og uppkaup á jörðum eru orðin að raunveruleika. Landbúnaðurinn okkar á nógu erfitt nú þegar, ekki hvað síst sauðfjárbúin.

Það eru tvenns konar þjóðir í ESB. Þeir sem borga og þeir sem þiggja. Brexit varð til af því þeir tilheyrðu alltaf fyrri hópnum eins og við myndum gera, þar sem við eigum auðlindir.

Þarna starfa fjölmargir lobbí- istar fyrir ýmis stórfyrirtæki og jafnvel mörg fyrirtæki í einu til að ná sínum hagsmunum í gegn.

Ég skil lönd eins og Pólland, Ungverjaland og fl. að vera þarna, landamæratengd lönd, en við erum svo heppin að vera eyland langt í vestri sem þurfum þetta ekki.

Kæri kjósandi. Mundu hrunið og alla sem misstu heimilin sín. Við eigum kost á besta „krísustjórnandanum sem kom skuldaleiðréttingunni í gegn“, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni. Maður sem beitir skynsemishyggju, hugsar í lausnum og hikar ekki við að leita bestu lausna við hverjum vanda. Hann hefur vaska sveit með sér í öllum kjördæmum, tilbúna í slaginn.

Hvað sem þú gerir á kjördag, kjósandi góður, þá aldrei kjósa Viðreisn og ekki skila auðu. Ég kýs Miðflokkinn, því ég veit hvers þeir eru megnugir, fái þeir tækifæri til.

Settu X-ið þitt við M á kjördag og sameinumst um að bæta kjör venjulegs fólks og þeirra sem minna mega sín.

*Höfundur er viðskiptafræðingur í Suðurkjördæmi.*

# Verum til vinstri – verndum náttúruna

**Á meðan Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur staðið vörð um náttúruna og gætt að hófsamri nýtingu hennar til orkuöflunar hafa aðrir flokkar flestir verið með stöðugan áróður um orkuskort.**


Hólmfríður Jennýar Árnadóttir.

Verðmæti náttúru Íslands eru gríðarleg. Okkur hefur verið falið að gæta hennar með öllum hennar víðernum, fossum, jöklum, jarðhitasvæðum og einstökum jarðmyndunum. Náttúra landsins er einstök og eftirsóknarverð. Sá mikli fjöldi ferðamanna sem heimsækir landið til að upplifa náttúruna er vitnisburður þess. Eigum við að fórna henni fyrir allar hugmyndir, stórar og smáar, sem ekki miða að því að mæta loftslagsmarkmiðum okkar? Eða ætlum við að tryggja heimilum forgang að raforku, nota hana til innlendra orkuskipta, fara vel með auðlindina og halda jafnvægi þegar kemur að sambúð okkar og náttúrunnar.

Það hefur margt gerst síðasta áratug í raforkumálum. Að halda öðru fram er hjákátlegt. Sem dæmi má nefna Búðarhálsvirkjun sem gangsett var fyrir tæpum 10 árum. Þá var stækkun Búrfellsvirkjunar tekin í notkun 2018 og jók rekstraröryggi og sveigjanleika raforkukerfisins. Jarðvarmavirkjun á Þeistareykjum var gangsett 2017 og stækkun Reykjanesvirkjunar lauk árið 2023. Brúarvirkjun í Tungufljóti var sett af stað árið 2020 og Hellisheiðarvirkjun stækkuð sama ár. Þetta er eitthvað, ekki satt?

Á vakt VG voru lög um rammaáætlun sett og samþykkt fyrstu svæðin í nýtingar- og verndarflokk. Í júní 2022 samþykkti síðan Alþingi 3. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu landsvæða. Það að segja að loftslagsmál gangi eingöngu út á það að verið er að skipta bensíni, dísil, kolum og gasi út fyrir græna orku er töluverð einföldun. Aðrar aðgerðir líkt og flokkun sorps sem lög um hringrásarhagkerfi taka til eru einnig mikilvægar, og eins aðgerðir í landbúnaði, iðnaði og fleiri geirum. Við framleiðum mesta græna orku miðað við höfðatölu og árátta og gegndarlaus áróður um meiri orkuframleiðslu virðist einfaldlega vera til að setja hana á erlendan markað. Enda vissir stjórnmálamenn sífelt að sífra um möguleika á aukinni framleiðslu okkar Íslendinga á grænni orku vegna skorts á erlendum mörkuðum.

> Það hefur margt gerst síðasta áratug í raforkumálum. Að halda öðru fram er hjákátlegt ...

Eðlilega verður almenningur ringlaður þegar hvor höndin er svona uppi á móti annarri, ýmist er til næg orka eða ekki, í landi sem framleiðir einna mest af grænni raforku í heimi. Vantar raforku fyrir almenning eða er verið að horfa til erlends markaðar og samkeppni? Hvað er rétt og hvernig getum við staðið vörð um heimilin í landinu og séð til þess að orkan verði áfram aðgengileg á sanngjörnu verði fyrir þau öll? Kynnum okkur staðreyndir og verum samábyrg þegar kemur að verndun náttúru á kostnað virkjana og stóriðju þar sem gróðinn fer á fáar hendur. Tryggjum hófsemi í orkuöflun á grundvelli raunverulegrar þarfar og orku í samræmi við fólksfjölgun fólks á sanngjörnu verði og til innlendra orkuskipta. Það er vinstri mál og fyrir það stöndum við í VG.

*Höfundur er kennari og oddviti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Suðurkjördæmi.*

# Öflug innlend matvælaframleiðsla

**Kosningar í lok þessa mánaðar munu ekki einungis skera úr um hverjir sitja á Alþingi næstu fjögur ár.**


Karl Gauti Hjaltason.

Það mun verða dregin lína í sandinn í mörgum skilningi, hvort takist að ná tökum á ríkisfjármálunum án skattahækkana, hvort tekst að ná forræði yfir og verja landamærin og hvort öflugur landbúnaður fáist þrifist hérlendis. Frambjóðendur og flokkar, sumir hverjir, hafa fyrir kosningarnar tekið upp nýja ásýnd og lofa breyttri hegðan. Hversu trúverðugt er slíkt?

Miðflokkurinn hefur um árabil lagt fram þingsályktunartillögu um stóreflingu íslensks landbúnaðar. Tillagan er í 24 liðum og tekur á fjölmörgum þáttum sem snúa að byggðum landsins og treysta rekstrargrundvöll landbúnaðar með margvíslegum hætti. Margt úr þessum tillögum eru orðin að loforðum annarra flokka. Enn aðrir flokkar tala fyrir stórauknum innflutningi á landbúnaðarafurðum frá verksmiðjubúum í Evrópu og skiptir þá litlu þótt bent sé á að Evrópusambandið styrkir sinn landbúnað af krafti með niðurgreiðslum. Sýklalyfjanotkun og hormónagjöf er engin fyrirstaða í hugum þessara, að sögn talsmanna neytenda. Þá er vinna við framleiðslu landbúnaðarafurða víða í Evrópu láglaunastörf.

Brýn þörf er á að við framleiðum sem mest af innlendri neyslu matvæla. Þannig tryggjum við fæðuöryggi í landinu og séum í stakk búin ef ytri atburðir verða til þess að hingað sé ekki unnt að flytja slíkar vörur. Slíkir atburðir hafa stundum verið nálægt því að gerast, t.d. í hruninu. Málefnið heyrir að þessu leytinu undir almannaöryggi.

Með því að kjósa Miðflokkinn í komandi kosningum leggur þú lóð þitt á vogarskálar þess að íslenskur landbúnaður geti dafnað og bændur geti haldið áfram að framleiða holla og góða vöru. Miðflokkurinn mun leitast við að hrinda í framkvæmd þeim þáttum sem fallnir eru til að efla og styrkja íslenskan landbúnað.

*Höfundur er oddviti Miðflokksins í Suðurkjördæmi.*

# Þjóðarsátt um landbúnað til framtíðar

**Landbúnaður og matvælaframleiðsla er elsta athafnasemi íbúa landsins og önnur af mikilvægustu atvinnugreinum þjóðarinnar, ásamt sjávarútvegi.**


Guðmundur H. Arngrímsson.

Landbúnaður er í senn undirstaða byggðar í landinu, gríðarlega mikilvægur fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar og lífsstíll þeirra sem hann stunda. Þess vegna er mikilvægt að um landbúnað og matvælaframleiðslu ríki þjóðarsátt.

Sósíalistaflokkur Íslands leggur höfuðáherslu á að landbúnaður geti skapað bændum góð lífsskilyrði og stöndug landbúnaðarhéruð, ásamt því að framleiða vistvæn og holl matvæli fyrir íbúa landsins. Til að svo megi verða til framtíðar er mikilvægt að varða leiðina með tryggð við bændur, nýsköpun og ekki síst nýliðun í stéttinni.

Bændur eru í framvarðasveit landsins, þeir tryggja fæðuöryggi íbúa og eru sannir frumkvöðlar í sjálfbærni. Því verða stjórnvöld að tryggja þeim hagstæð rekstrarskilyrði. Ekki aðeins svo halda megi verðlagi á innlendri framleiðslu samkeppnishæfu en einnig til nauðsynleg endurnýjun verði á meðal bænda.



Uppkaup stóreignafólks, fjárfesta, innlendra sem erlendra og annarra braskara á jarðnæði er mikið mein í íslensku samfélagi og kemur sérstaklega illa niður á landbúnaði. Ungt fólk sem vill halda tryggð við sín heimahéruð og við matvælaframleiðslu á bújörðum þarf að keppa við fjársterka aðila (sem oftar en ekki hafa engan áhuga á landbúnaði) um jarðnæði. Það skapar mikla skekkju, dregur úr nýliðun, gerir rekstarskilyrði verri, skerðir afkomu og á endanum leiðir til hærra verðs til neytenda. Það tapa því allir nema braskararnir.

Í þessu ljósi er mikilvægt að skoða allar leiðir til að vinda ofan af ágangi braskara með því að styðja búskyldu eða aðrar takmarkanir líkt og mörg nágrannalönd okkar hafa gert. Það sama gildir um framleiðslukvóta í landbúnaði, nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að framsal á honum leiði af sér að búsetu eða framleiðslu sé hætt á þeirri bújörð sem kvótinn upprunalegu tilheyrði. Framsal á kvóta verði þannig háð búsetu og skuldbindingu um áframhaldandi framleiðslu, nema ef ríkar ástæður eru fyrir annarri ráðstöfun, s.s. hnignun jarðgæða, breytt landnotkun í þágu almennings eða álíka.

Mikilvægt er að tryggja smærri framleiðslueiningum góð rekstrarskilyrði og nýsköpun með áherslu á lífræna ræktun verði að sama skapi styrkt ríkulega. Þannig getum við byggt undir styttri virðiskeðjur, umhverfisvernd og sjálfbærni í flestum héruðum landsins.

Ein forsenda þess að lifandi landbúnaður, drifinn áfram af tryggð, sköpunarkrafti og sjálfbærri auðlindanýtingu geti dafnað frekar og í senn undirstaða byggðar í landinu, er að vinna að eins konar vistkorti eða rammaáætlun um landnýtingu. Slíkt vistkort verði unnið inn í skipulagsáætlanir sveitarfélaga og þar horft sérstaklega til staðsetningar með tilliti til fæðuöryggis, náttúrugæða og sjálfbærni.

Sósíalistaflokkur Íslands býður fram í öllum kjördæmum fyrir komandi kosningar. Frambjóðendur Sósíalista er einvalalið af alþýðufólki úr öllum starfsstéttum sem brennur fyrir félagslegu, efnahagslegu og menningarlegu réttlæti fyrir alla íbúa landsins. Við eigum öll skýlausan rétt á að lifa í reisn, án afkomuótta eða óöryggis.

Eftir þriggja áratuga tilraun við nýfrjálshyggju og skaðann sem henni fylgdi er kominn tími á að gefa Sósíalistum séns. Þegar þú lygnir aftur augunum og leyfir þér að dreyma um fyrirmyndarsamfélag þá eru miklar líkur á því að þar birtist þér sósíalískt samfélag jöfnuðar, manngildis og sjálfbærni.

*Höfundur er oddviti Sósíalista í Norðvesturkjördæmi.*

# Þú treystir ekki hverjum sem er fyrir búinu þínu

**Að vera bóndi getur verið félagslega einangrandi, sérstaklega ef aldrei er svigrúm til að bregða sér af bæ. Þó eru bændur skemmtilegasti félagsskapur sem til er, samkvæmt hlutlausu mati undirritaðra.**

Mikið er rætt og ritað um erfiðleika við nýliðun í greininni. Þar spila mörg atriði inn í, ekki síst rekstrarumhverfi greinarinnar. Þó það sé spennandi að vera bóndi, gott að vera í sveit og svo framvegis, þá þarf að huga að fleiru.



Jóna Björg Hlöðversdóttir.



Pálína Axelsdóttir Njarðvík.

*Vinnuumhverfi á fjölskyldubúinu*

Íslenska fjölskyldubúið, og landbúnaðurinn í heild sinni, er undirstaða byggðar víða um land og gegnir lykilhlutverki í matvælaframleiðslu. Allar hugmyndir um matvælaöryggi landsins standa og falla með því að styðja við íslenskan landbúnað. Enginn er landbúnaður án bænda og ef greinin á að þróast, fæða okkur og verða kolefnishlutlaus verður að tryggja sanngjarna afkomu þeirra sem hana stunda. Í búvörusamningum er kveðið á um að bændur skuli njóta sambærilegra kjara við aðrar starfsstéttir í landinu. Enn er þó langt í land til að það raungerist. Það þarf ekki aðeins að bæta fjárhagslega afkomu bænda, heldur einnig vinnuumhverfi þeirra og tryggja bændum sjálfsögð réttindi vinnandi fólks á borð við veikindarétt, fæðingarorlof og tækifæri til að fara í frí.

Við viljum eiga tíma til að verja með fjölskyldum okkar í samfélaginu sem við sköpum. Við viljum geta stundað áhugamál og farið í ferðalag. Þá má velta fyrir sér hvort búskapur sé eftirsóknarverður kostur, þar sem vinnan er mikil, tekjur af skornum skammti og lítil frí. Ekki er nóg að sjá til þess að bændur hafi þessi réttindi, en þarf líka að hafa fyrirkomulag þannig að fólk treysti sér til að nýta þessi réttindi. Þú treystir ekki hverjum sem er fyrir heimili þínu, hvað þá búinu þínu.

Aðsókn í búfræðinám við Landbúnaðarháskóla Íslands ber þess merki að ungt fólk hafi áhuga á búskap. En það getur verið fráhrindandi að vinna allan sólarhringinn, alla daga ársins, fyrir lág laun og fá svo ekki einu sinni fæðingarorlof þegar þú eignast barn. Fyrir þau sem stunda búskap ein, þá er fæðingarorlof nánast ómögulegt í dag. Bændur sem standa ein að búskap, hafa hreinlega ekki sama rétt á töku fæðingarorlofs og aðrir, þar sem öðrum höndum er ekki að skipta í búskapnum. Þar sem fleiri starfa við búskap, þá lendir meiri vinna á herðum þeirra sem ekki eru í fæðingarorlofi.

*Afleysingaþjónusta bænda*

Afleysingar fyrir bændur voru á meðal þess sem var tiltekið sérstaklega í niðurstöðum skýrslu hóps ráðuneytisstjóra sem skipaður var 2023 og átti að leggja mat á stöðu bænda eftir miklar hækkanir á aðföngum og fjármagnskostnaði. Á Búnaðarþingi 2018 var samþykkt ályktun um afleysingaþjónustu í landbúnaði þar sem stjórn Bændasamtakanna var falið að vinna að því að koma á fót afleysingaþjónustu fyrir bændur. Í Covid-faraldrinum var komið á vísi að afleysingaþjónustu fyrir bændur sem veiktust af Covid. Það var gert í samstarfi félagsmálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar og Bændasamtakanna. Á þessu fyrirkomulagi má vel byggja næstu skref í afleysingaþjónustu fyrir bændur. Mikilvægt er að horfa á þessi mál frá að minnsta kosti tveimur hliðum. Annars vegar að skapa traustar aðstæður fyrir bændur að geta fengið afleysingu. Svo þurfa störf í afleysingaþjónustu jafnframt að vera með þeim hætti að þau geti verið eftirsóknarverð að starfa við.

Bændur hafa árum saman greitt í tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga. Lögin um sjóðinn eru þannig hljóðandi að erfitt er fyrir bændur að sækja í sjóðinn öðruvísi en að leggja niður búskap á meðan. Slíkt er auðvitað með öllu ótækt, þetta eru peningar sem bændur eiga og eðlilegt væri að bændur gætu nýtt hann án þess að gerast atvinnulausir. Kanna ætti möguleika á því að nýta sjóðinn til að fjármagna afleysingaþjónustu bænda. Mikilvægt er að endurskoða stuðningskerfi landbúnaðarins hafi það sem meginmarkmið að gera landbúnað og matvælaframleiðslu eftirsóknarvert fyrir ungt fólk. Lífeyrisgreiðslur bænda á að tryggja á annan hátt en með stuðningi sem eigngerist og hengir myllustein um háls ungra bænda til áratuga.

> ” Afleysingaþjónusta er mikilvægt skref í þessa átt og ætti að vera hluti af heildstæðri stefnu ..

*Bætt umhverfi gagnast öllum*

Bætt vinnuumhverfi bænda er ekki aðeins í þágu þeirra sjálfra og fjölskyldna þeirra, heldur samfélagsins alls. Afleysingaþjónusta er mikilvægt skref í þessa átt og ætti að vera hluti af heildstæðri stefnu um framtíð landbúnaðarins hér á landi. Þannig tryggjum við að bændur geti notið sömu lífsgæða og aðrir og jafnvel skellt sér til útlanda af og til. Þetta er því í senn byggðarmál, kjaramál og jafnréttismál. Við eigum að standa vörð um fjölskyldubúin um land allt, bætt kjör og vinnuumhverfi er lykilatriði í því.

*Höfundar: Jóna Björg er bóndi, fyrrum formaður Samtaka ungra bænda og situr í 2. sæti á lista VG í Norðausturkjördæmi. Pálína er félagssálfræðingur og kindaáhrifavaldur og situr í 2. sæti á lista VG í Suðurkjördæmi.*

# Tryggjum nýliðun og skattalega hvata

**Það eru vissulega forréttindi að búa í sveit, ala upp börnin sín í faðmi náttúrunnar og í félagsskap málleysingja, kenna þeim gildi og lífsreglurnar með dugnað og ábyrgð að leiðarljósi.**



Heiðbrá Ólafsdóttir.

En hvaða lífsgæði felast í því að vinna myrkvanna á milli, 365 daga ársins, kvölds og morgna, í alls konar aðstæðum, veðravítum og jafnvel rafmagnsleysi, lepja svo dauðann úr skel hver einustu mánaðamót og uppskera ekkert nema skilningsleysi og aðgerðarleysi stjórnvalda sem er einungis tíðrætt um matvælaöryggi og fæðuöryggi á tyllidögum. Eða rétt fyrir kosningar. En gera sér enga grein fyrir því hvaða vinna liggur í raun að baki hjá bændum landsins sem tryggja litlu þjóðinni í harðbýlu landi lengst út á ballarhafi fæðusjálfstæði. Vinnuframlag, dugnaður og þrautseigja bænda tryggja almannahagsmuni landsins, bændur brauðfæða þjóðina, á bestu en líka verstu tímum þjóðarinnar; hrunið, heimsfaraldur og stríðsrekstur í Evrópu.

Miðflokkurinn hefur alla sína tíð talað og staðið upp fyrir bændum landsins. Stefnan Miðflokksins er Ísland allt, byggðastefna sem styður og treystir hina dreifðari byggðir landsins. Landbúnaðurinn stendur í dag á ögurstundu til framtíðar litið, búum fækkar hratt með hverju árinu sem líður og um leið tækifærum ungs fólks að láta til sín taka í landbúnaði.

Miðflokkurinn mun tryggja nýliðun í landbúnaði með sértækum lánaflokki frá Byggðastofnun með möguleika á hlutdeildarláni að hámarki 20%. Hlutdeildarlánin yrðu án vaxta og afborgunar. Lánin yrðu veitt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, t.a.m. að bújörðin sé í rekstri og jákvæð rekstraráætlun til 5 ára sé til staðar.

Miðflokkurinn mun tryggja fráfarandi bændum skattalega hvata til að selja bú sín í rekstri. En hvatinn hefur alltof lengi verið sá að brytja búin niður; selja framleiðsluna, gripina, vélar og tæki. Svo sitja bændur eftir á bújörðunum og horfa á ævistarf sitt grotna niður í órækt og útijósin slökkva eitt af öðru í dalnum.

Miðflokkurinn hefur og mun alltaf standa með bændum landsins.

*Höfundur er kúabóndi á Stíflu í V-Landeyjum og skipar 2. sæti á lista Miðflokksins í Suðurkjördæmi.*













# Landbúnaður í velsældarhagkerfi

**Landbúnaður í heiminum öllum stendur frammi fyrir umbyltingu vegna framfara í ræktun, hnattrænna loftslagsbreytinga, og vegna breyttra neysluvenja almennings í tengslum við græn umskipti samfélagsins.**

Í slíkum breytingum felast bæði áskoranir og tækifæri. Við Píratar erum óhrædd við að taka ný skref inn í framtíðina. Við viljum efla þekkingu á fjölbreyttum landbúnaði og við leggjum ríka áherslu á stuðning við nýsköpun sem getur nýst í landbúnaði.


Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir.


Kristín Vala Ragnarsdóttir.

*Neyðarákall ungra bænda*

Ákalli ungra bænda um hátt brottfall og fjöldagjaldþrot tökum við hjá Pírötum alvarlega. Við viljum tryggja framtíð og afkomu bændastéttarinnar með bættum lánakjörum, styrkjum til framkvæmda, niðurgreiðslu raforkukostnaðar í nýsköpun, og skilyrðislausri grunnframfærslu fyrir alla bændur.

*Við getum rekið loftslagsvænsta landbúnað í heimi*

Bændur eru sú stétt sem finnur einna mest fyrir loftslagsbreytingum, og það er því mikilvægt að landbúnaður sé sjálfbær og loftslagsvænn og að framtíð landbúnaðar og komandi kynslóða sé tryggð.

Við hjá Pírötum fögnum því gerð Loftslagsvísis bænda, enda setjum við umhverfis- og loftslagsmálin á oddinn og höfum meðal annars fengið viðurkenningu fyrir metnaðarfyllstu stefnuna í þeim málaflokki í úttekt Sólarinnar, sem er mat á stefnum allra stjórnmálaflokka á vegum Ungra umhverfissinna.

*Tryggjum framtíð og velferð bænda – og þar með okkar allra*

Í heimsókn okkar til Bændasamtaka Íslands í síðustu viku kom í ljós að góður samhljómur er í áherslum Bændasamtakanna og stefnu Pírata í landbúnaðarmálum að okkar mati.

Það er undirstöðuatriði að tryggja afkomu og öryggi bænda, draga úr fjárhagslegri áhættu og óvissu, og að nútímavæða regluverk og kerfi – og sem dæmi má nefna að það þarf að tryggja að það sama gangi yfir innlendar sem og innfluttar matvörur í tengslum við gæða-, umhverfis- og dýravelferðarsstimplanir.

Okkar stefna er að fólk sem stundar landbúnað geti fengið grunnframfærslu til að sinna sínum landbúnaði af ástríðu, í stað þess að ánægja þess að starfa í honum sé gleypt af áhyggjum er varðar fjárhagslegt óöryggi og lélegum kjörum.

Það hefur aldrei verið mikilvægara að tryggja að landið haldist í byggð og að jarðir séu áfram notaðar í landbúnað.

*Andleg og líkamleg velferð bænda og dýra*

Velferð dýra er velferð bænda, og er það í augum Pírata undirstöðuatriði landbúnaðar að velferð dýra sé í fyrirrúmi. Við þurfum að tryggja að dýr búi ekki við óviðunandi aðstæður, fái tækifæri til að njóta lífsins og að slátrun þeirra sé eins sársaukalaus og skjót og auðið er.

Samhliða því þarf svo að tryggja andlega og líkamlega velferð bænda, stuðla að nýliðun og skapa umhverfi og hvata þar sem fólk sér kost á því að starfa í landbúnaði. Okkur á öllum að líða vel, hvort sem við erum mannfólk eða önnur dýr.

*Sjálfbærni er framtíðin*

Bændur spila lykilhlutverk í því að stuðla að fæðuöryggi, og hefur þörfin fyrir sjálfbæra matvælaframleiðslu sjaldan verið jafnmikilvæg. Með því að styðja betur við sjálfbærni og nýsköpun í innlendri framleiðslu stuðlum við að því að íslenskur landbúnaður geti blómstrað. Það má nefnilega ekki gleyma því að matur er menning. Píratar leggja áherslu á að styðja við menningararf landsins, og rætur hans eru í bændasamfélaginu.

*Bændur í velsældarhagkerfi framtíðar*

Ímyndum okkur að við eigum okkur öll þennan velsældardraum fyrir landið okkar. Ef stefnan er tekin upp 2025, lítum þá til tveggja kjörtímabila og sjáum fyrir okkur að eftirfarandi hlutir verði orðnir að veruleika árið 2033:

1. Bændur fá borgaralaun og geta því haft meiri tíma til að hugsa um land og dýr – sem er það sem gleður hjarta þeirra. Stór hluti bænda hefur tekið upp umhverfisvænan landbúnað eins og t.d. auðgandi landbúnað þar sem beit dýra er stýrt yfir túnin og innkaup á tilbúnum áburði hafa stórminnkað. Það sparar gjaldeyristekjur, bindur kolefni í jarðvegi, eykur líffræðilega fjölbreytni, eykur velferð dýra og minnkar kostnað fyrir bændur.
2. Bændur munu því búa við mun meira fjárhagslegt öryggi, betri lánakjör til framkvæmda, niðurgreiðslu á rafmagni í garðyrkju og að öll matvæli þurfi að fylgja sömu stöðlum. Það mun leiða til ríkari sjálfbærni og fæðuöryggis.
3. Bændur eru nú farnir að fá greiðslur í gegnum kolefnisbókhald sem tengist landnýtingu. Dýravelferð hefur batnað því ekki bara nautgripir, kindur og hestar eru í stýrðri beit, heldur eru svín og hænur líka á landinu. Verksmiðjubúskapur með dýr hefur stórminnkað og merkja má stóran hluta kjötafurða sem „lausagöngu“, „auðgandi“ og/eða „lífrænt““.
4. Farið hefur verið í stórátak í **náttúruvernd.** Skógar hafa aukist á landinu. Votlendi hefur verið endurheimt úti um allt land. Vel gróið **mólendi** hefur verið varðveitt fyrir **fuglana** okkar. **Líffræðilegur fjölbreytileiki** hefur stóraukist á landi og í sjó.

… og svo margt, margt fleira. Með öðruvísi nálgun, þá fáum við vitanlega öðruvísi niðurstöðu.

Við bjóðum bændum að vera með okkur í því að byggja upp velsældarhagkerfið í þágu manna og náttúru.

*Höfundar: Ugla Stefanía er sveitastelpa af blönduðu búi úr Austur-Húnavatnssýslu og oddviti Pírata í Norðvesturkjördæmi, og Kristín Vala er prófessor Emerita, sjálfbærnifræðingur, meðstofnandi og sendiherra Bandalags velsældarhagkerfa, í framboði fyrir Pírata í Reykjavík norður.*

# Eignarhald bænda á jörðum tryggir hag þeirra best

**Umræða um jarðir, jarðaviðskipti og kynslóðaskipti í landbúnaði er og á að vera fyrirferðarmikil í umræðu um stöðu sveitanna.**

Enda var málefnið eitt helsta umræðuefni á haustfundum Bændasamtaka Íslands. Uppkaup og jarðasöfnun fjárfesta og samkeppnisstöðu landbúnaðar. Um stöðu ungra bænda og eldri bænda sem væru að afhenda bú sín til yngri kynslóða.

Í ritinu Ræktum Ísland, skýrslu Björns Bjarnasonar og Hlédísar Sveinsdóttur, sem unnin var fyrir Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og er til grundvallar stefnumörkun Alþingis í landbúnaði, er efninu gerð verðug skil.

*Auðveldum ættliðaskipti*

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað flutt frumvörp um ýmsar aðgerðir til að auðvelda ættliðaskipti á bújörðum. Birgir Þórarinsson og fleiri lögðu fram frumvarp um afnám erfðafjárskatts á bújörðum og ekki hefur hlotið afgreiðslu Alþingis. Í greinargerð frumvarpsins er þess m.a. getið að taka verði mið af því að eldri bændur þurfi úrræði t.d. vegna slakra lífeyrisréttinda. Enda hafi fyrr á árum beinlínis verið settar skorður á heimildir bænda til að safna lífeyrisrétti.

Frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt, sem Haraldur Benediktsson, fv. alþingismaður og fleiri fluttu árið 2020 og var afgreitt á Alþingi 2021, snéri m.a. að meðferð á söluhagnaði, sölu bújarða.

*Samfélagsbreytingar*

Ekki verður um það deilt að samfélagsbreyting og aukin ásókn í bújarðir hafi ekki verið til að bæta hag bænda. Ótal dæmi eru um að


Björn Bjarki Þorsteinsson.


Njáll Trausti Friðbertsson.

„nýir“ jarðeigendur hafa auðgað og styrkt sveitir. Það hafa og gert ýmis önnur verkefni á vegum stjórnvalda, eins og átak í lagningu jarðstrengja fyrir dreifiveitu rafmagns, aðgengi að 3ja fasa rafmagni hefur verið stórbætt. Þá skal ekki gleymt að ljósleiðaravæðing dreifbýlis hefur styrkt mjög búsetu og verðmætasköpun í sveitum. Enda er það svo að árið 2016 var í fyrsta sinn í um 100 ár, að íbúafjölgun varð í sveitum landsins. Þessar breytingar hefur Sjálfstæðisflokkurinn leitt á undanförnum árum.

Næsta stórátak þarf að vera bætt vegagerð og ný hugsun og nálgun í endurbótum tengivega og hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins flutt á undanförnum þingum frumvarp til laga um samfélagsvegi sem því miður hefur ekki komið til afgreiðslu.

*Nýliðunarstuðningur búvörusamninga*

Við endurskoðun búvörusamninga á undanförnum árum hefur í raun verið viðurkennt að samkeppnisstaða landbúnaðar um jarðir hefur valdið erfiðleikum. Nýliðun í landbúnaði kemur okkur öllum við og íslenska þjóðin, í breyttri heimsmynd, verður að horfast í augu við að sjálft fullveldið er í húfi, hvernig íslenskum landbúnaði vegnar. Það verður hins vegar að beita öðrum


Mynd / ghp

aðferðum en bara beinum framlögum úr ríkissjóði til að tryggja slíkt. Grundvallaratriði er að afkoma bænda verði traust. Til þarf að koma við endurskoðun búvörusamninga, mun víðtækari aðgerð en beinn nýliðunarstuðningur. Ungum bændum þurfa að standa til boða, líkt og öðrum landsmönnum, almennar aðgerðir í húsnæðismálum, eins og stofnfjárframlög og/eða hlutdeildarlán til kaupa áíbúðarhúsnæði. Einnig má með markvissum hætti beita skattkerfinu, sterkum hvötum til að eldri kynslóð bænda hafi hag af því að verða hluti af lausninni, með því að viðurkenna að söluverð búa og jarða er séreignarsparnaður þeirra. Áhuga vantar ekki hjá ungu fólki að hasla sér völl í landbúnaði.

*Tækifærin eru til staðar*

Í skýrslu stýrihóps á vegum Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra sem kom út sumarið 2021 er m.a. umfjöllun um breytingar og meðferð á heimildum til að fara um land bænda. Má þar strax koma auga á löngu tímabæra breytingu á samningum við bændur um byggingu á orkuflutningskerfinu, sem krefst þess að farið sé um lönd bænda. Það er löngu tímabært að semja við bændur á grundvelli eignarréttar þeirra. Að land undir línulagnir verði leigt og þannig verði til lengri eða skemmri tíma tekjur til jarðanna/bænda, í sérstökum samningum, sem bæði bæta hag þeirra og ekki síður tryggja betur hagsmuni sveitarfélaga.

Í skýrslunni kemur einnig fram að innleiddar hafi verið rýmri heimildir fyrir íbúa innan EES til landakaupa á Íslandi og mun rýmri reglur en gilda innan EES um heimildir til viðskipta á jörðum.

Ásókn í bújarðir virðist nú vera drifin af krafti mögulegrar verðmætasköpunar í loftslagsmálum. Skapa verður trausta umgjörð á raunbindingu og viðurkennda bindingu kolefnis og þannig að undirbyggja að bændur sjálfir geti nýtt tækifæri í þeim efnum. Fjármögnun til fjárfestinga í landbúnaði er einn þáttur og hvernig verðmætt landbúnaðarland getur skapað hagkvæmari lánamöguleika.

*Skyldur jarðeigenda*

En það verður líka að spyrja um skyldur jarðeigenda. Skyldur jarðeiganda og ábúenda eru til staðar í nokkrum aðskildum lagabálkum. Lög um girðingar, löggjöf um hreinsun landa og lengi mætti telja og því miður eru ekki allir jarðeigendur meðvitaðir um slíkt með áhrif þeirra á samfélög sveitanna. Árekstrar eru þekktir og það á ekkert endilega við „nýja“ jarðeigendur og líklega er ríkið sjálft sem stærsti jarðeigandi á Íslandi þar helsta vandamálið. Fordæmi í lögum um sameign húsa, fjölbýlishúsa, gæti þar verið fyrirmynd.

Enginn vafi er á eignarhaldi bænda sjálfra á bújörðum sínum, sem raunar er ekki mjög löngu til komið, almennt eða rúmlega 100 ár, tryggir hag þeirra best. Þegar til framfara horfir í íslenskum landbúnaði og sveitum verður Sjálfstæðisflokkurinn hér eftir sem hingað til að vera til staðar.

*Höfundar skipa annað sæti á listum Sjálfstæðisflokks í Norðaustur- og Norðvesturkjördæmi.*

# Tryggjum nýliðun bændastéttarinnar

**Samkvæmt Stjórnarráði Íslands þá á „Ríkissjóður Íslands [á] alls um 450 jarðir og þar af fara Ríkiseignir með daglega umsýslu um 315 jarða. Flestar jarðir í umsjón Ríkiseigna eru í ábúð en 122 ábúðarsamningar eru í gildi hjá Ríkiseignum vegna bújarða.“**


Þórdís Bjarnleifsdóttir.

Stóra spurning er; hvað verður um ríkisjarðirnar þegar bændur hætta búskap, þá venjulega vegna aldurs, veikinda eða breyttra aðstæðna? Venjan er að bóndinn selji landbúnaðartækin og allt sem snýr að rekstri búsins, öllum búfénaði er slátrað. Jörðinni skilað inn til Ríkiseigna, bændum borgað út húsin á jörðinni og fyrir ræktunina. Þetta eru þung spor fyrir bændur sem hafa lagt líf sitt og sál við ræktun á góðum bústofni og ræktun landsins. Sem jafnvel hefur byggst upp í áratugi og í gegnum nokkrar kynslóðir. Margir bændur eiga uppáhalds- og dekurdýr innan bústofnsins hvort sem það eru kýr, kindur eða hross. Eins og flest öllum starfsstéttum þá þykir þeim vænt um og eru stoltir af æviverkum sínum. Eðli málsins samkvæmt fylgir sorg og þung spor fyrir bændur að sjá ævistarf sitt líða undir lok með þessum hætti.

*Ríkiseignir torvelda nýliðun*

Á þessum tímapunkti þá er engin starfsemi á jörðinni, þar sem áður var full starfsemi, hugsjón, metnaður og líf með gleði og sorgum. Jörðin er lögð í eyði, húsakostur án hita og viðhalds sem leiðir til að íbúðarhúsnæðið og útihús verða skemmdum og niðurníðslu að bráð. Þetta er ákvörðun Ríkiseigna og er mikill skaði fyrir landbúnað og byggðir landsins.

*Gefum ungum bændum tækifæri*

Í stað þess að Ríkiseignir framleiði eyðijarðir með aðgerðarleysi, þá gætu Ríkiseignir auglýst eftir ábúanda sem ætlar að stunda búskap á jörðinni. Ábúandinn tæki þá við jörðinni í fullum rekstri með vélum, bústofn og ræktun. Slíkt fyrirkomulag er tilvalið tækifæri fyrir unga bændur að grípa sem tryggir nýliðun innan bændastéttarinnar. Að auki eru dæmi um að Ríkiseignir séu að koma í veg fyrir kynslóðaskipti á bújörðum með því að banna að byggja nýjar byggingar sem innihalda nútíma búskaparhætti, nema með því skilyrði að ríkið þurfi ekki að kaupa nýbyggingar þegar búskap er hætt á jörðinni. Það er óhætt að segja að Ríkiseignir standa í vegi fyrir nýliðun innan bændastéttarinnar. Ríkiseignir geta boðið bændum upp á hagstæð lán þegar þeir taka við ríkisjörðum í fullum rekstri, til að geta keypt vélar og bústofn sem fyrrum ábúandi hefur fjárfest í og ræktað í gegnum árin. Í stefnu Sósíalistaflokks Íslands í landbúnaðar- og matvælamálum segir: „Bæta skal kjör bænda og þeir viðurkenndir sem sá mikilvægi hluti framvarðarsveitar landsmanna sem þeir eru í raun svo tryggja megi fæðuöryggi og sjálfbærni. Þá séu nýsköpunarstyrkir til bænda auknir og einnig verði boðið upp á hagstæð lán til framkvæmda, nýsköpunar og nýliðunar.“

Er ekki komin tími til að bændur kjósi nýjar áherslur fyrir velferð og framtíðarmöguleika landbúnaðarins? Nú er rétti tíminn til að kjósa Sósíalistaflokk Íslands með því að setja X við J.

*Höfundur skipar 4. Sæti Sósíalistaflokks Íslands í Suðurkjördæmi.*

# Pólitískan kjark fyrir Ísland: Verndum íslenska framleiðslu og framtíðina

**Undanfarin þrjú ár hafa verið gefin út leyfi fyrir fleiri megavöttum en áratuginn á undan.**


Halla Hrund Logadóttir.

Þetta sýnir gríðarlega uppbyggingu í orkumálum en dregur jafnframt fram alvarlegan vanda: ný raforka fer oftar en ekki til stórnotenda eins og gagnavera og stóriðju, í stað þess að styrkja innviði sem styðja við almenning, minni fyrirtæki og sjálfbæra framleiðslu. Þessi þróun krefst þess að stjórnmálamenn setji skýrar reglur og hafi pólitískan kjark til að tryggja jafnvægi í nýtingu auðlinda okkar.

*Ógn við innlenda framleiðslu*

Núverandi kerfi styður við að raforka sé seld hæstbjóðanda á markaði, án þess að veita heimilum og minni fyrirtækjum vernd. Þetta veldur því að mikilvægar greinar eins og matvælaframleiðsla – landbúnaður og garðyrkja, sem eru ekki í nokkurri samkeppnisstöðu gagnvart stórnotendum, verða út undan. Áhrifin eru alvarleg – mikilvægir samfélagsþættir eins og fæðuöryggi, lýðheilsa og sjálfbærni eru í hættu.

*Að glata fæðuöryggi og fjölbreytni atvinnulífsins*

Garðyrkjubændur og önnur matvælafyrirtæki geta ekki keppt við stórnotendur á orkumarkaði. Hækkun raforkuverðs um 15 til 25%, eins og við höfum verið að sjá undanfarið, grefur undan samkeppnishæfni þeirra og leiðir til hærra matvælaverðs fyrir neytendur og þyngri álaga á framleiðendur sem ógna framtíð þeirra. Í ofanálag tala sumir flokkar um að lækka tolla á innfluttri matvöru, sem gæti gjörbreytt landslagi íslenskrar matvælaframleiðslu.

Erum við tilbúin að fórna heilnæmri innlendri framleiðslu, sem er gjaldeyrissparandi, vistvæn og styður við sjálfbærni, markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum, fæðuöryggi þjóðarinnar og byggðir landsins?

*Nýjar virkjanir leysa ekki vandann einar og sér*

Ný og ný virkjun leysir ekki grunnvandann því engin trygging er fyrir því að raforkan rati í samfélagslega mikilvæg verkefni. Eins og staðan er í dag fer orkan þangað sem best er boðið – til stórnotenda með langvarandi samninga og sterka stöðu. Hér er ekki verið að tala gegn fjölbreyttum hópi stórnotenda heldur því að gætt sé að minni aðilum sem ekki eru í sömu samningsstöðu á okkar einangraða raforkumarkaði.

*Framkvæmdir sem bæta raforkuöryggi*

Við þurfum að sjá til þess að orkan okkar rati til þeirra verkefna sem talað er fyrir. Sem orkumálastjóri samþykkti ég eina metnaðarfyllstu kerfisáætlun í langan tíma. Framkvæmd hennar mun bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum og auka nýtingu orkuauðlinda um allt land – sem er lykilatriði fyrir atvinnulíf landsins. Við þurfum að halda áfram á þeirri braut jafnframt því að skapa hvata til þess að orkan rati til samfélagslega mikilvægra verkefna.

Við höfum gengið of langt í að treysta á markaðslögmál án þess að innleiða varnir fyrir almenning og venjuleg fyrirtæki. Núverandi löggjöf gefur löndum skýrar heimildir til að vernda minni aðila. Fjöldi landa hefur nú þegar innleitt slíkar heimildir í sitt regluverk til að tryggja jafnvægi í notkun auðlinda sinna – Ísland ætti ekki að vera undantekning.

Tilgangur stóriðjustefnunnar var aldrei að skapa markað þar sem almenningur og minni framleiðendur væru skildir eftir á hliðarlínunni eða þyrftu að keppa við stórnotendur á samkeppnismarkaði um orkuna. Hún var hönnuð til að tryggja ódýra og örugga orku fyrir samfélagið allt, byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og efla efnahagslega sjálfbærni. Því verðum við að endurskoða núverandi regluverk og tryggja að það styðji við þessa grunnþætti.

*Tími fyrir pólitískan kjark*

Núverandi kerfi setur almannahagsmuni í hættu og grefur undan sjálfbærni Íslands ef ekki er gripið inn í. Við verðum að horfast í augu við þann veruleika að íslenskur almenningur vill hvorki borga evrópskt raforkuverð né missa innlenda matvælaframleiðslu.

Stjórnvöld verða að axla ábyrgð og hætta að treysta á blind markaðslögmál. Þau þurfa að innleiða reglur sem tryggja forgang heimila, minni fyrirtækja og matvælaframleiðslu að raforku. Það er ekki nóg að byggja upp fleiri virkjanir ef ekki er tryggt að sú orka nýtist í þágu þeirra verkefna sem talað er fyrir og samfélagið kallar eftir.

Ég ætla að vera stjórnmálamaður sem vinnur í þágu almannahagsmuna, fjölbreytts atvinnulífs og innlendrar framleiðslu. Ég ætla að tryggja að íslenskur almenningur og venjuleg fyrirtæki hafi aðgang að raforku á sanngjörnum kjörum, svo við missum hvorki matvælaframleiðslu né sjálfbærni úr höndum okkar.

Við eigum ekki að láta tækifærin sem náttúran hefur gefið okkur fara forgörðum. Það er okkar ábyrgð að nýta þau skynsamlega – fyrir Íslendinga, atvinnulífið og komandi kynslóðir.

*Höfundur er oddviti Framsóknar í Suðurkjördæmi og fyrrverandi orkumálastjóri.*

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

HÚNAÞING VESTRA - SKIPULAGSAUGLÝSING

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum þann 17. okt 2024 að gera óverulega breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026.

Aðalskipulagsbreytingin felst í breyttri notkun lóðarinnar Höfðabraut 27 úr iðnaðarlóð (I-2) í verslunar- og þjónustulóð (VÞ). Áður á dagskrá 382. fundar sveitarstjórnar sem fram fór þann 13. júní sl. Málið hefur verið kynnt fyrir íbúum Hvammstangabrautar 34, 35, 37, 39, 43, og Höfðabrautar 25.

Aðalskipulagstillagan verður send til staðfestingar, *skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010* til Skipulagsstofnunar um óverulegar breytingar á aðalskipulagi.
Þeir sem óska nánari upplýsingum geta haft samband við skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

***Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingafulltrúi Húnaþings vestra.***








**Það getur verið afar erilsamt að sinna jólasveinastörfum eins og nærri má geta. Hér glyttir í þá Stekkjastaur; Hjálmar Arinbjarnarson, Giljagaur; Frey Ragnarsson, Stúf; Kristbjörn Steinarsson, Ólátabelg; Sólveigu Maríu Svönu Haraldsdóttur og Jólaköttinn; Katrínu Ósk Steingrímsdóttur.** Myndir / Aðsendar

## Freyvangsleikhúsið:

# Fjórtándi jólasveinninn

**Liðsmenn Freyvangsleikhúss Akureyrar frumsýna nú barnaverkið Fjórtándi jólasveinninn þann 23. nóvember nk.**

Þetta jólaævintýri er frumsamið eftir Ásgeir Ólafsson Lie og fjallar um hina hefðbundnu jólasveinafjölskyldu, Grýlu, Leppalúða og jólaköttinn, en einnig um lítinn ólátabelg sem áhorfendur fá að kynnast betur. Litli jólasveinninn Ólátabelgur kom óvænt í heiminn og hefur því ekki hlutverk eins og aðrir innan fjölskyldunnar.



**Þau Heiðdís Björk Gunnarsdóttir, Sólveig María Svana Haraldsdóttir og Hallur Örn Guðjónsson standa sig með prýði á sviðinu.**

Það er ekki skemmtilegt að vera öðruvísi en allir í kringum sig og því þarf Ólátabelgur að hafa fyrir því að finna sinn tilgang í lífinu ef svo má segja.

Leikstjórn er í höndum Jóhönnu S. Ingólfsdóttur, sem leikstýrir nú í þriðja sinn aðventuverki hjá Freyvangsleikhúsinu, tónlist er eftir Eirík Bóasson og textar eftir Helga Þórsson.

Á sviðinu eru 19 leikarar í heildina á öllum aldri, frá 10–74 ára auk hljómsveitarinnar og má nærri geta að líf og fjör verður á sviðinu. Þetta er jólaævintýri sem enginn má missa af en frumsýning er laugardaginn 23. nóvember kl. 13. Frekari sýningar verða svo í Freyvangi laugardaga og sunnudaga kl.13. Nánari upplýsingar á tix.is, á Facebook-síðu Freyvangsleikhússins og í síma 857-5598. /sp



**Litadýrð suðurljósanna er örlítið frábrugðin þeim kaldari litum sem við þekkjum á norðurhveli jarðar.**
Mynd / Graham Holtshausen, Unsplash

# Norðurljós í nóvember

**Tími tunglsins og norðurljósanna hefur nú gengið í garð, en óvenjubjart hefur verið yfir þessar vikurnar. Fyrsti vetrardagur var í lok október og með dimmari dögum og lækkandi hitastigi er tunglsljósið bjartara, stjörnur og önnur himinljós skærari.**

Þann 15. nóvember klukkan hálftíu að staðartíma birtist okkur á himninum ofurmáni sem indíánar N-Ameríku kalla frostmána og Keltar sorgartungl. Hann er sá fjórði í röð ofurmána nú síðan í ágúst, stór og bjartur vegna nálægðar sinnar við jörðina og u.þ.b. 14% stærri en vanalega. Ofurmáni er nýtt eða fullt tungl sem verður þegar tunglið er í hvað minnstri fjarlægð frá jörðu á braut sinni.

Samkvæmt stjörnuspekinni var þetta síðasta fulla tungl ársins í merki nautsins. Orkan sem það tímabil gaf okkur – og gefur út mánuðinn býður upp á óvænt tækifæri til að tengjast öðrum, auka sjálfstraust og finna jafnvægi innra með okkur. Leita að innstu sýn okkar, draumum og því sem við elskum mest með framtíðarmarkmið í huga.

### *Ljósin dansa til norðurs og suðurs eftir segulsviðslínum jarðar*

Annar birtugjafi vetrartímans eru norðurljósin sem einnig þekkjast undir latnesku heiti þeirra, *aurora borealis*. Merking orðsins aurora er dögun og kemur frá rómverskri goðafræði, en Aurora eða Áróra er gyðja dögunar. Borealis merkir að norðan og má því segja að dögun norðursins dansi um loftin þegar norðurljósin láta á sér kræla.

Við suðurheimskautið sjást hliðstæð ljós sem nefnast suðurljós, aurora australis, þá ljós dögunar í suðri.

Segulljós er samheiti yfir norður- og suðurljósin, en samkvæmt rannsóknum á segulsviði jarðar hefur komið í ljós að það er samhverft milli norður- og suðurhvelsins. Ljósin eru nátengd segulsviði jarðar, en á vefsíðu Smithsonian er fjallað um hvernig litadýrð norðurljósanna myndast – þegar sólvindar, straumar af rafhlöðnum eindum koma inn í segulsvið jarðar, beinast þær að pólunum, þar sem segulsviðið er sterkast.

Eindirnar rekast á andrúmsloftið ef svo má segja – í um 100 km hæð og við það losnar orka sem birtist sem ljós. Þær eru einungis nokkrar sekúndur að ferðast milli Norður-og Suðurpólsins, og því getur sami hópur hlaðinna einda valdið ljósagangi á norður- og suðurhveli nær samstundis.

### *Litadýrðin er fegurst í frostinu*

Á meðan við þekkjum græna, bláa og hvíta liti norðurljósanna okkar eru suðurljósin oftar bleik, gulgræn eða fjólublá. Smithsonian segir frá því að fegurstu suðurljósin megi m.a. finna í Ástralíu, á Suðurskautslandinu og Suður-Georgíueyjum, sem eru staðsettar í Suður-Atlantshafinu, en þar telur íbúafjöldinn tuttugu manns.

En nú er bara að njóta þess þegar himinninn er heiðskír og hiti við frostmark. Norðurljósin skína þá sem skærast að næturlagi. /sp

# Jólapottaleppar

**Jólin nálgast óðfluga og alltaf gaman að taka upp jólahlutina og gefa heimilinu jólablæ. Þessir fallegu pottaleppar eru prjónaðir úr DROPS Muskat, bómullargarn með fallegum gljáa.**

DROPS Design: Mynstur nr r-665

**Stærð:** ca 20 x 19 cm.
**Garn:** DROPS MUSKAT
(fæst hjá Handverkskúnst)
- 100 gr litur nr 12, rauður
- 100 gr litur nr 08, natur

**Prjónar:** Hringprjónn 40 cm, nr 3 – eða þá stærð sem þarf til að 23 lykkjur og 32 umf með sléttprjóni verði 10 x 10 cm.

POTTALEPPAR - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI: Stykkið er prjónað í hring á hringprjóna.

**POTTALEPPUR:** Fitjið upp 90 lykkjur á hringprjóna nr 3 með rauðum DROPS Muskat.
Prjónið 1 umf slétt. JAFNFRAMT er sett 1 prjónamerki í 1. lykkju í byrjun umferðar og 1 prjónamerki í 46. lykkju (= miðja í hlið).
Prjónið síðan MYNSTUR frá 2. umferð í A.1 (= 45 lykkjur) alls 2 sinnum í umferð. Þegar A.1 hefur verið prjónað 1 sinni á hæðina, fitjið upp 20 nýjar lykkjur í umf (haldið áfram með litnum rauður). Snúið við, fellið af 20 l sem fitjaðar voru upp og fellið síðan af þær 90 l sem eftir eru frá röngu.

**FRÁGANGUR:** Brjótið pottaleppinn tvöfaldan þannig að lykkjur með prjónamerki komi mitt í hlið. Saumið saman pottaleppinn að neðan frá réttu. Saumið eitt spor í hverja lykkju meðfram öllum kantinum – saumið innan við uppfitjunarkantinn. Saumið saman pottaleppinn að ofan alveg eins – ATH: Þessar 20 nýju lykkjur = lykkja, saumið endann á lykkjunni við hornið á pottaleppnum.




Prjónið annan pottalepp á sama hátt, nema skiptið um lit þannig að mynsturliturinn verði rauður og grunnlitur hvítur.

*Prjónakveðja, Stelpurnar í Handverkskúnst*
*www.garn.is*




**Mynstur**

☐ = rauður
● = hvítur
<— = byrjið hér
☆ = 1.umferð í mynstri er útskýrð í uppskrift.

# Kjötbókin 30 ára

## – Unnið að endurbótum og uppfærslum




**Kjötbókin er 30 ára á þessu ári. Hún kom fyrst út í prentaðri útgáfu árið 1994 og svo endurútgefin í rafrænni útgáfu 2011 og er öllum er opin.**

Í Kjötbókinni er að finna margvíslegar upplýsingar um kjötafurðirnar sem eru í framleiðslu á Íslandi; skrokkhluta, kjötmat, vinnslu og matreiðslu meðal annars. Óli Þór Hilmarsson, verkefnisstjóri hjá Matís, var ásamt þeim Guðjóni Þorkelssyni og Gunnþórunni Einarsdóttur í ritnefnd bókarinnar þegar hún var gefin út rafrænt. „Það hefur verið ákveðið að fara í vinnu við að uppfæra bakenda bókarinnar, sem sumir hverjir eru að verða ansi stirðir og laskaðir. Til dæmis eru upplýsingar undir lambakjötskaflanum um efnainnihald orðnar nokkuð gamlar. Í lok síðasta árs var skýrslan „Hlutfall kjöts, fitu og beina í lambakjöti“ til dæmis gefin út, sem gefur okkur alveg nýjar upplýsingar,“ segir Óli Þór.

„Þá er töflugrunnurinn í bókinni svo úreltur að það tekur því ekki að færa nýjar upplýsingar þar inn, heldur uppfæra hann í heild sinni,“ heldur Óli Þór áfram.



Óli Þór Hilmarsson, verkefnastjóri hjá Matís. Fyrir liggur endurskoðun á lambakjötskafla Kjötbókarinnar, um efnainnihald til dæmis. Myndir - smh / Aðsendar

Hann segir að þar sem bókin sé á rafrænu formi þá sé hægt að fylgjast með innliti fólks inn í bókina. „Við höfum séð að síðastliðna 12 mánuði hafa verið 83.600 innlit, sem gerir að jafnaði 230 á sólarhring með hámarksaðsókn rétt fyrir jól upp á 400 innlit.“

Kjötbókin er sem fyrr segir öllum aðgengileg, en hún liggur á vefslóðinni www.kjotbokin.is. */smh*




Tveir áhugasamir lesendur, Jónatan Steinríksson og Svanur Ástudóttir Nikulásson, sem koma einnig sjálfir fram í dagatalinu að sögn Karólínu. Hún segir að þeir séu að sjálfsögðu af forystukyni, sem sé þekkt fyrir að vera sérstaklega gáf að. Mynd / Karólína Elísabetardóttir

## Hvammshlíðardagatalið:

# Augnlitir í sauðfé

**Sjöunda útgáfa Hvammshlíðardagatals hefur litið dagsins ljós.**

Útgefandinn, Karólína Elísabetardóttir, sauðfjárbóndi í Hvammshlíð, segir að eins og fyrri ár sé um ljósmyndadagatal í stóru broti að ræða, auk þess sem þar sé ýmsan fróðleik að finna um búfé og sveitalífið, í dag og fyrr á tímum.

„Að þessu sinni er til dæmis fjallað um augnliti í sauðfé, um horn af öllum stærðum og gerðum og mismunandi heiti á mismunandi svæðum og einnig um málvenjur á borð við að „fara norður til Akureyrar en fara vestur heim“, skráðar á stóru Íslandskorti.

Ekki síst eru helstu orðin í kringum hefðbundinn heyskap útskýrð með teikningum eftir Bjarna Guðmundsson og gömlum ljósmyndum,“ útskýrir Karólína.

Karólína er höfundur og tók einnig samtímamyndirnar í dagatalinu. Hún segir að það fáist keypt á ýmsum stöðum á Norður-, Vestur- og Suðurlandi og beint hjá henni sjálfri. */smh*

## Lambadagatal:

# Útbreiðsla fegurðar og fjölbreytileika

**Ragnars Þorsteinssonar, sauðfjárbóndi og ljósmyndari í Sýrnesi í Aðaldal, hefur gefið út lambadagatal í ellefta sinn.**

Í Lambadagatalinu 2025 eru allar myndir teknar á sauðburði 2024 og þær endurspegla einnig veðurfarið frá þeim árstíma, en Ragnar tekur að venju allar myndirnar í dagatalið á sauðfjárbúi fjölskyldunnar í Sýrnesi.




### *Til gamans gert*

Uppsetning og hönnun dagatalsins er einnig í höndum Ragnars, sem og fjármögnun þess og sala. Dagatalið hefur verið fjármagnað á Karolina fund síðastliðin níu ár og segir hann að fjárhagslega hafi verkefnið alltaf gengið upp. Núna hafi náðst lágmarksfjármögnun 10. nóvember og henni lokið þriðjudaginn 26. nóvember.

„Þetta átti nú bara að vera til gamans svona einu sinni, að prófa að gefa út dagatal með ljósmyndum af ómörkuðum unglömbum og forvitnast um hvort einhverjir hefðu áhuga á því og þetta er eiginlega búið að vera ævintýri síðan,“ segir Ragnar.

### *Fegurð og fjölbreytileiki íslensku sauðkindarinnar*

Hann segir megintilgang útgáfunnar fyrst og fremst þann að breiða út fegurð og fjölbreytileika íslensku sauðkindarinnar sem hefur séð þjóðinni fyrir mat og hita frá landnámstíð, að án hennar værum við tæplega til sem þjóð í dag. „Allir hefðbundnir helgi- og frídagar eru merktir á dagatalið, einnig fánadagar, koma jólasveinanna, gömlu mánaðarheitin, tunglgangur og ýmsir dagar er tengjast sögu lands og þjóðar. Ærin Móflekka, sem er á forsíðu Lambadagatals 2025 og einnig í maímánuði, var fimmlembd í vor og hún er fyrsta ærin í okkar búskap sem nær þessum árangri. Hún er alsystir Lottu sem var fjórlembd og prýddi forsíðu dagatalsins 2024. Ekki er vitað til að þær systur séu með neitt sérstakt frjósemisgen.

Fyrir áhugasama má finna dagatölin í gegnum Facebook-síðuna á www.facebook.com/ lambidmitt. */smh*





**Íslenska Stafrófspúslið fæst í:**

**ABC skólavörum,**
Sundaborg 1,
104 Reykjavík,
s. 588-0077.
abcskolavorur
@abcskolavorur.is

**Íslenska stafrófspúslið er vandað viðarpúsl sem er sérhannað til þess að hjálpa ungum börnum að læra íslenska stafrófið, heiti stafanna og hljóð þeirra. Púslið er stærra en önnur fjöldaframleidd stafrófspúsl á íslenskum markaði og er gert úr umhverfisvænum hágæðaviði.**







Vélabásinn:

# Traustur fararskjóti endurnýjaður

## – Prufuakstur á Honda CR-V

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



**Bændablaðið fékk til prufu nýjustu gerðina af Honda CR-V e:PHEV Advance Tech, sem er stór jepplingur með tengitvinnkerfi.**

Hér er á ferðinni sjötta kynslóð af Honda CR-V og hefur bíllinn lengst um tíu sentímetra frá þeirri fyrri sem skilar sér í meira rými fyrir farþega í aftursætum og farangur í skotti. Ytra útlit Honda CR-V er ferskt og smekklegt. Í voldugu grillinu er stórt Honda-merki og eru framljósin grönn og löng. Að aftan eru ljós sem gætu næstum því átt heima á BMW-jepplingi. Bíllinn er nokkuð kraftalegur á að líta þökk sé þakbogum og stórum dekkjum með felgum af hóflegri stærð.

### *Hefðbundin innrétting*

Þegar sest er um borð tekur á móti manni býsna hefðbundið umhverfi þar sem allt er til staðar og nóg af nytsamlegum tökkum, eins og snúningshnappar fyrir miðstöð og útvarp ásamt hnöppum fyrir hita og kælingu í sætum. Í miðjustokknum er slatti af tökkum, þar af fjórir fyrir gírana sem koma í staðinn fyrir gírstöng.

Ofarlega í miðju mælaborðsins er snertiskjár. Viðmótið í honum getur einstaka sinnum verið ruglingslegt og vegna smæðar skjásins vantar stundum yfirsýn yfir valmyndir. Í ljósi þess að öllum algengustu skipunum er stjórnað með venjulegum tökkum er auðvelt að fyrirgefa stýrikerfi sem er ekki það háþróaðasta á markaðnum. Skjárinn er með innbyggt Android Auto og Apple CarPlay, en það fyrrnefnda virkar ekki nema síminn sé tengdur með snúru. Bluetooth-tengingin við símann er áreiðanleg og fljótvirk.

Eins og í öllum nýjum bílum kvartar þessi þegar ekið er yfir hámarkshraða og þarf að slökkva sérstaklega á viðvörunarhljóðinu í hverri ökuferð. Sá böggull fylgir skammrifi í Honda CR-V að ekki er hægt að komast inn í valmyndina til að skrúfa fyrir hljóðið nema bíllinn sé kyrrstæður og í P.

Þessi bíll er með hefðbundnar stangir við stýrið. Vinstra megin er stefnuljósum og lýsingu stjórnað og rúðuþurrkum hægra megin. Á endunum á þessum stöngum eru nytsamlegir takkar, en þegar ýtt er á hnappinn hægra megin virkjast 360 gráðu myndavélakerfið. Með því að þrýsta á takkann vinstra megin kemur upp mynd í skjáinn sem samsvarar sjónarhorninu úr hliðarspeglinum hægra megin.

Í pílárunum í stýrinu eru takkar fyrir hraðastilli og akstursaðstoð hægra megin og útvarp vinstra megin. Í stafnum neðst er takki fyrir hita í stýrinu. Framan við ökumanninn er sjónlínuskjár sem varpar helstu upplýsingum um aksturinn á framrúðuna.

### *Rúmgóð sæti*

Í miðjustokknum eru tveir glasahaldarar og undir armhvílunni er lokað hólf sem er nokkuð grunnt. Hanskahólfið er af miðlungsstærð en hurðavasarnir eru drjúgir. Fremst í miðjustokknum er bakki þar sem hægt er að leggja farsíma í þráðlausa hleðslu. Í þakinu er gleraugnahólf, en ef það er opnað hálfa leið birtist kúptur spegill sem sýnir vel hvað er í gangi í aftursætunum.

Framsætin eru þægileg og rúmgóð. Fólk af flestum stærðum og gerðum ætti að geta komið sér vel fyrir, enda stillimöguleikarnir margir og allt gert með rafmagni. Í aftursætunum rúmast þrír fullorðnir einstaklingar ágætlega. Þau eru á sleða og er hægt að stilla hallann á bakinu. Þeir allra hávöxnustu gætu rekið höfuðið í þakið þar sem það er dregið niður til að rúma topplúguna. Skottið er 617 lítrar með sætin uppi.

### *Blindir punktar í lágmarki*

Útsýnið úr bílnum er býsna gott, en framrúðan er stór og eru a-bogarnir alls ekki þykkir. Þrátt fyrir að hliðarspeglarnir séu veglegir eru þeir ekki í kverkinni við hliðarrúðuna og því ekki samfelldur blindur punktur milli þeirra og a-boganna. Þá er þessi bíll með 360 gráðu myndavél sem gefur enn betri skynjun fyrir umhverfinu á lægri hraða.

Þar sem þetta er tengitvinnbíll er hægt að aka hann talsvert á rafmagninu einu, eða allt að 82 kílómetra samkvæmt framleiðanda. Jafnvel þó svo að rafhlaðan hafi ekki verið hlaðin lengi heldur bíllinn eftir einhverri hleðslu til þess að nýta í innanbæjarakstur. Bensínvélin fer því sjaldan í gang á lægri hraða sem skilar sér í hljóðlausum akstri án alls titrings. Þó svo að hljóðvistin sé almennt góð er eitthvað um nið frá vetrardekkjunum sem bergmálar um farþegarýmið á hærri hraða.

Fjöðrunin er nógu mjúk til þess að óþarft er að stressa sig of mikið á holum eða gröfum hraðahindrunum. Akstursaðstoðin heldur bílnum á miðri akrein af ágætlega miklu öryggi. Bíllinn er jafnframt með fjarlægðartengdan hraðastilli sem stendur sig yfirleitt vel. Hluti þessa prufuaksturs átti sér stað í úrhellisrigningu og myrkri, en við þær aðstæður duttu hraðastillirinn og akstursaðstoðin út vegna óhagstæðs skyggnis. Honda CR-V er alls ekki eini bíllinn þar sem þetta gerist.

### *Að lokum*

Þessi bíll er með 17,7 kílóvattstunda rafhlöðu sem knýr 135 hestafla rafmagnsmótor og 2.000 rúmsentímetra bensínvél sem skilar 148 hestöflum.

Akstursdrægnin samkvæmt framleiðanda er allt að 82 kílómetrar. Helstu mál eru í millimetrum: Lengd, 4.706; breidd, 1.866; hæð, 1.684.

Sá bíll sem ritað er um í þessum pistli var af Advance Tech gerð sem er með veglegasta staðalbúnaðinn og kostar 9.290.000 krónur með vsk. Sá ókostur fylgir tengitvinnútgáfu af Honda CR-V er að bíllinn er eingöngu fáanlegur með framhjóladrifi, á meðan hefðbundni tvinnbíllinn er með drifi á öllum hjólum. Þetta atriði mun eflaust beina mörgum kaupendum í átt að fjórhjóladrifnum tengitvinnbílunum, eins og Kia Sorento eða Toyota Rav4, sem eru álíka stórir og á svipuðu verði. Þeir sem láta skort á fjórhjóladrifi ekki trufla sig fá í Honda CR-V rúmgóðan og sparneytinn bíl með hárri sætisstöðu og sérstaklega gott orðspor þegar kemur að endingu.




Honda CR-V e:PHEV er vel útbúinn bíll og kraftalegur á að líta. Tengitvinnútgáfan af þessum bíl fæst ekki með fjórhjóladrifi. Myndir / ál



Afturljósin gætu átt heima á BMW-jepplingi.



Innréttingin er hefðbundin með tökkum fyrir algengustu skipanir.



Aftursætin rúma þrjá fullorðna einstaklinga.



Skottið er 617 lítrar með sætin uppi.



Þau Unnur og Símon ásamt Guðrúnu Árnýju, Ingu og Birgi, vel klædd hlýjum og fallegum peysum. Myndir / Aðsendar

## Bóndinn:

# Fjölbreyttir vinnudagar

**Þau Unnur Jónsdóttir og Símon Bergur Sigurgeirsson á Lundi í Lundarreykjadal hófu þar búskap fyrir tæpum tveimur árum. Þau eru bæði uppalin í sveit og létu drauminn rætast – að búa utan þéttbýlis. Lesendur geta fylgst með fjölskyldunni á Instagram-reikningi Bændablaðsins á næstu dögum.**

Við tökum við búskap 1. janúar 2023, svo ábúðarsaga okkar er ansi stutt enn þá. Símon starfar við búið en Unnur starfar sem umsjónarkennari við Grunnskóla Borgarfjarðar. Við byrjuðum strax að reyna að stækka kúahjörðina og einfalda vissa verkþætti, t.d. með kaupum á lyftara til að gefa kúnum með.

Helsta breytingin er þó sennilega það að verið er að undirbúa uppsetningu á róbót í fjósinu sem mun vonandi taka til starfa á næstu vikum.

**Hvenær hófu ábúendur búskap og hvers vegna?** Eins og áður segir tókum við við 1. janúar 2023, við erum bæði fædd og uppalin í sveit og þarna gafst tækifæri til að láta drauminn rætast, taka við búi af foreldrum Unnar og verða bændur.

**Býli, gerð bús, staðsetning og stærð jarðar?** Bærinn heitir Lundur og er jörðin um 500 hektarar og staðsett í norðanverðum Lundarreykjadal í Borgarfirði. Á bænum er blandað bú með kýr, kindur og hesta, en fyrst og fremst kúabú.

**Ábúendur, fjölskyldustærð (og gæludýr)?** Á Lundi búa þau Unnur og Símon ásamt börnunum sínum, þeim Guðrúnu Árnýju (11 ára), Ingu (4 ára) og Birgi (2 ára).

**Fjöldi búfjár?** Eins og stendur eru 37 árskýr á búinu, um 60 kindur og nokkrir hestar sem móðir Unnar á.

**Hvers vegna veljið þið þessa búgrein?** Kýrnar eru flestar skemmtilegar í umgengni og stórir persónuleikar inn á milli í hjörðinni, maður fær líka fljótt endurgjöf á t.d. breytingar í fóðri og þess háttar og þær geta verið ansi fljótar að læra.

En eins og er eru kýrnar líka að skila talsvert meiri tekjum en margur annar bústofn, svo maður getur unnið við þetta.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Vinnudagurinn byrjar alla jafna á morgunmjöltum um kl. 7.30, þeim lýkur í kringum kl. 9. Yfir vetrartímann er svo gefið í fjárhúsin og unnið í hinum og þessum verkefnum sem þarf að inna af hendi. Þau verkefni geta verið æði fjölbreytt, s.s. smíðavinna til að bæta aðstöðu, þrif á hinu og þessu, bókhald og skýrslur, gjafir eða svo ótalmargt annað. Verið að sýsla þetta fram undir kaffi en þá er komið að því að kíkja aftur í fjárhúsin og svo eru kvöldmjaltir um kl. 18.30–20.00.

Yfir vor- og sumartímann tekur svo girðingavinna, jarðyrkja og heyskapur yfir milli mjalta. Vinnudagarnir geta þó verið ansi fjölbreyttir og stundum þarf að vinna langt fram á nótt eða vakna fyrir allar aldir. Þessa dagana er undirbúningur fyrir komu mjaltaþjónsins í talsverðum forgangi og vinnudagarnir gjarnan ansi langir.


Systkinin á sólskinsstund.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegustu bústörfin finnst Símoni vera heyskapurinn og að geta gefið skepnunum góð hey. Unni finnst aftur á móti skemmtilegast að mjólka og fylgjast með framleiðslunni hjá kúnum. Sauðburður og fjárrag að hausti eru líka með því skemmtilegra í starfinu.

Leiðinlegast er þegar eitthvað kemur upp á og við þurfum að fella eða missum góðan grip.

**Hvað er það jákvæða við að vera bóndi?** Fjölbreytnin í starfinu, félagsskapurinn við skepnurnar og nálægðin við náttúruna.

**Hverjar eru áskoranirnar?** Forgangsraða því sem þarf að gera og láta enda ná saman.

**Hvernig væri hægt gera búskapinn ykkar hagkvæmari?** Með því að fjölga skepnunum eins og húsin á staðnum ráða við svo þau séu sem best nýtt.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Við teljum því miður að búum muni fækka og þau sem eftir standa munu stækka til að vera hagkvæmari rekstrareiningar.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Nærtækast er þegar gámarnir með mjaltaþjóninum og tilheyrandi komu í hlaðið fyrir skemmstu, en annar flutningabíllinn lenti út af og var nærri oltinn hérna innar í dalnum og þurfti bæði ýtu og vörubíl til að koma honum á rétta braut aftur. En það slapp allt til og góssið komst í hlaðið.



Það er alltaf nóg að stússa í sveitinni.












Matarkrókurinn:

# Hefðir og hangikjöt



**Hafliði Halldórsson**
haflidi@icelandiclamb.is

**Ég vil aðeins hita upp fyrir jólin, sem eru rétt handan við hornið, og hvetja til þess að lesendur nýti hangikjöt í forrétti og í smárétti í jólaboðin.**

Íslenska lambakjötið er ómissandi þáttur í íslensku jólahaldi og matarhefð. Hangikjötið sívinsæla hefur glatt okkur um hátíðarnar um aldir, steikur og svo hinir ýmsu forréttir hafa bæst við í seinni tíð og á sumum heimilum er hefð fyrir því að elda svið um jólin. Möguleikarnir til að snara fram hátíðarmat úr íslensku lambakjöti eru í raun óendanlegir og hafa fært okkur gleðilega hátíð kynslóð fram af kynslóð. Íslenskt lambakjöt er fyrsta og eina íslenska matvaran sem hefur fengið svonefnda PDO-merkingu, Protected Designation of Origin, sem er hæsta stig verndaðra upprunaheita í Evrópu og er þar með komið í hóp þekktustu afurða í Evrópu. Verndin er staðfesting á sérstöðu, sérstökum vernduðum stofni sauðfjár, ríkri hefð og jafnframt verndun á hugverkinu að baki afurðinni. Við Íslendingar mættum gjarnan halda áfram á þeirri braut að sækja verndun á afurðirnar okkar sem er sannað að hjálpi til gagnvart vörusvikum og auki eftirspurn og virði afurðanna.

Hangikjöt er hjá flestum órjúfanlegur partur af jólahaldinu. Enda á borðum flestra Íslendinga í klassískri útgáfu, soðið og framborið með kartöflum í jafningi og hefðbundnu meðlæti. En „vel“ reykt og þurrkað hangikjötslæri á beini, sem sumir kalla tvíreykt hangikjöt, er líka vinsælt og færir okkur heim ilminn af jólum. Það eru ýmis tækifæri í að nota slíkt hangikjöt í forrétti og gera tilraunir með meðlæti sem passar.

Til dæmis að sneiða hrátt lærið í þunnar sneiðar og krydda til og bera fram með ýmsu meðlæti, t.d. með að rífa ferska piparrót yfir, eða bera piparrótarsósu fram með hangikjötinu. Þá eiga ferskar rauðrófur, létt sýrðar eða bakaðar, vel við ásamt ferskum jurtum eins og karsa, graslauk eða radísuspírum. Blanda af ávöxtum eins og mandarínum, apríkósum, granateplum og hunangsristuðum hnetum er líka vel til fundin með hráu hangikjöti. Einnig edikssósur „vinaigrette“ sem innihalda edik og olíur.



Tartar úr hangikjöti er líka einfalt í framkvæmd og afskaplega fljótlegt að undirbúa, fínt saxað kjötið er blandað við fínt skorið grænmeti, t.d. lauk sem má vera hrár eða sultaður, kryddjurtir og annað að eigin vali.

Vel þroskaðir ostar passa líka afskaplega vel með hangikjöti og ostabakki með blöndu af góðum ostum, hangikjöti, ávöxtum og sultum er prýðiskostur í jólaboðið. Eplasalat og hangikjöt með laufabrauði er líka einfalt og framúrskarandi gott saman.

### *Hangikjöts-„carpaccio“ með mandarínum, möndlum og gráðaosti*

*Reykt hangilæri á beini, vel reykt og hangið*
*Ristaðar möndlur*
*Mandarínur*
*Gráðaostur*
*Graslaukur*
*Fljótandi hunang*

Sneiðið af hráu lærinu eins þunnar sneiðar og þið getið og leggið á diska. Ef sneiðarnar verða of þykkar er gott ráð að leggja þær á smurðan smjörpappír, setja annað blað af smjörpappír yfir og fletja sneiðarnar með flötum buffhamri eða öðru sléttu áhaldi. Sneiðarnar má líka geyma í kæli í nokkra klukkutíma á smjörpappírnum ef kokkurinn vill undirbúa með góðum fyrirvara.

Skrælið og skerið mandarínur í litla bita og saxið graslauk. Raðið möndlum og mandarínubitum á kjötið. Setjið nokkrar klípur af gráðaosti á hvern disk, graslauk og síðast ögn af hunangi og berið fram. Þennan rétt má vel útfæra á hlaðborð með því að setja ofan á ristað brauð.

### *Hangikjöts-tartar á salati*

*200 g hrátt hangikjöt*
*30 g graslaukur*
*1 stk. skarlotulaukur*
*1 msk. ólífuolía*
*50 g Feykir*
*Salatblöð*



Þennan rétt má gera á örfáum mínútum og nota sem forrétt eða sem veislumat, eða pinnamat á stærri bökkum. Veljið gott hangikjöt á beini.

Skerið kjötið í frekar litla teninga, skerið lauk og graslauk smátt og blandið með olíunni saman í skál, setjið ofan á salatblað eða laufabrauð, rífið ostinn yfir og berið fram.

### *Suða á hangikjöti*

Fyrir þá sem hafa ekki reynslu af suðu á hangikjöti má benda á eftirfarandi sem á við um alla suðu á kjöti. Byrjið alltaf með kaldan vökva og náið suðunni hægt og rólega upp, fleytið prótínfroðu sem flýtur upp af. Þegar suðan kemur upp skal lækka hitann og viðhalda hitanum í pottinum í 80–90 °C, en of hár hiti verður til þess að kjötið missir kjötsafa út í pottinn. Notið endilega kjarnhitamæli til að ná sem bestri niðurstöðu. Hangikjötsbitar úr læri og bóg þurfa að ná 68–74 °C kjarnhita og þá má slökkva á hitanum. Kjötið þarf að hvíla í soðinu þar til það hefur kólnað niður í að minnsta kosti 65 °C til að takmarka vökvatap. Best er að láta kjötið kólna alveg í soðinu ef það á að notast kalt.

## KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

## HUGARÍÞRÓTTIR

# Tólf slaga hönd á Blómaeyjunni

**Stefán Jónsson briddsspilari hefur reynst Bridgesambandi Íslands hvalreki með áhuga á íþróttinni og margs konar kynningarstarfi.**



Björn Þorláksson.

Hann hefur sem dæmi margoft hjálpað til við beinar útsendingar á netinu þegar viðureignir standa yfir. Þá leyfir Stefán briddsáhugafólki reglulega að fylgjast með ævintýrum sem hann ratar í við briddsborðið og segja sumir að kenna megi þingeyskt blóð Stefáns, nokkuð heitt á köflum, af áræði og kröfum sem hann gerir til sjálfs sín í spilinu góða.

Stefán var á meðal rúmlega 100 Íslendinga sem lögðu leið sína á árlegt stórmót á Madeira sem nú er nýlokið. Telst umsjónarmanni briddsþáttar Bændablaðsins svo til að aldrei hafi fleiri Íslendingar ferðast suður til portúgölsku blómaeyjunnar til að taka í spil. Og strax á fyrsta keppnisdegi í tvímenningnum gerðust mikil undur. Stefán fékk spil norðurs sem sjást á stöðumyndinni sem hér fylgir – og haldið ykkur nú fast!

Það eru ekki allir sem upplifa að fá 12 slagi á hendi í bridds, enda lýsir Stefán gjöfinni




þannig að norðurspilin séu slagaríkasta hönd sem hann hefur nokkru sinni fengið á ferlinum.

„Ég sat í þriðju hönd í norður með þetta 9-4 skrímsli,“ segir Stefán, „og var að velta fyrir mér hvort væri rétt að opna á einu laufi, tveimur laufum (yfirsterkum) eða sex laufum.“

En þá opnaði makker hans á tveimur hjörtum sem lofuðu sexlit í hjarta og 10-13 punktum.



**Mikill fjöldi Íslendinga hefur síðustu vikur spilað bridds á blómaeyjunni Madeira. Þar á meðal hinir brosmildu Sigurður Steingrímsson og Sigurður Skagfjörð Ingimarsson.**

Það er stundum þannig að þegar maður fær nánast of góð spil eins og í þessu dæmi verður sagna ekki minnst í árþúsund.

Eftir opnun á tveimur hjörtum gat Stefán meldað rólega 3 lauf, eðlilega kröfusögn. Makker hans tók undir laufið. Eftir það var leiðin greið í 7 lauf.

Um 40 borð af 140 náðu alslemmunni.

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

# Skákþrautir á netinu

**Gríðarlegur fjöldi skákþrauta standa skákáhugafólki til boða til að æfa sig á á netinu.**



Hermann Aðalsteinsson.

Þær skipta líklega tugum milljóna á ótal vefsíðum. Langoftast eru þær á þá leið að annaðhvort hvítur eða svartur á leik og á að geta mátað í 2–4 leikjum. Stundum er lausnin ekki á þann veg að skákin endi með máti, heldur næst fram liðsvinningar hjá andstæðingnum, sem ætti að leiða til sigurs síðar í skákinni.

Styrkleiki þrautanna er misjafn. Sumar þeirra eru „léttar“ en aðrar teljast í þyngri kantinum og svo eru mjög erfiðar þrautir til, sem jafnvel sterkir skákmenn eiga í erfiðleikum með að leysa. Mjög algengt er að upphafsstaðan í skákþrautum sé á þann veg að sá sem á að vinna skákina (þrautina) er með tapaða stöðu á borðinu og jafnvel þannig að andstæðingurinn eigi mát í einum leik. Mjög algengt er að fórn á manni í fyrsta leik sé rétta lausnin og jafnvel þó svo að það sé drottning.

Þrautin í dag telst vera í léttari kantinum og dæmigerð þraut þar sem hvítur á leik og mátar í þremur leikjum.



**Hvítur á leik og vinnur í þriðja leik**
**Hc5 + Ke4**
**Dxb7+ Kd4 (þvingað)**
**Dd5 Mát!**
**(Kóngurinn hefði getað farið á d4 í sínum fyrsta leik en þá átti hvítur mát í tveim leikjum)**

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

*Umsjón: Hermann Aðalsteinsson,*
*lyngbrekku@simnet.is*






**Hér má sjá dæmi um vefsíður sem bjóða upp á kennslu eða leiki í skák. Sú efri www.chess.com og sú neðri: www.lichess.org.**



Erfinginn:

# Baldur Högni

**Nafn:** Baldur Högni Benediktsson.

**Aldur:** 5 ára.

**Stjörnumerki:** Ljón.

**Búseta:** Reykjavík.

**Skemmtilegast í skólanum:** Að vera úti.

**Áhugamál:** Gröfur og traktorar.

**Tómstundaiðkun:** Kór, fimleikar og sund.

**Uppáhaldsdýrið:** Ljón.



**Uppáhaldsmatur:** Núðlur.

**Uppáhaldslag:** Buxur, vesti, brók og skór.

**Uppáhaldslitur:** Fjólublár og blár.

**Uppáhaldsmynd:** Transformers.

**Fyrsta minningin:** Ég man eftir því að vera í sveitinni í mjög miklum snjó og ég man þegar ég og Æsa, vinkona mín, vorum að leika með potta og pönnur úti á Súðavík.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Þegar ég fékk að fara í stóru gröfuna með gröfumanninum.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Garðyrkjumaður og bóndi.

**Viltu taka þátt? Hafðu samband.**
**sigrunpeturs@bondi.is**

## SUDOKUÞRAUTIR

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 5 | | 4 | 7 | 1 | | |
| | 3 | | | | 8 | 7 | 2 | |
| | | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 5 | |
| | 4 | | 9 | 1 | | | 3 | |
| | 7 | 9 | | | | | | 5 |
| | 8 | 3 | 7 | | 4 | | | 1 |
| 9 | | | 2 | 7 | | | 6 | |
| 3 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | | | | 5 | 1 | 8 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 5 | | 7 | | | | |
| | | 4 | | | 3 | 9 | | |
| | | | | | | | 6 | 8 |
| | 9 | | | | 7 | | 2 | |
| | | | | | 2 | 8 | | 7 |
| | | 3 | | 4 | | | | |
| | | 8 | | | | | 3 | |
| 9 | 4 | | 5 | | | | | |
| | | | | | 4 | 2 | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | | 2 | | |
| | | 5 | | | 1 | 8 | | |
| | | | | | | | 4 | 9 |
| | | 8 | | | 5 | | | |
| 9 | | 6 | | 1 | | | | |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 6 | | | | |
| 1 | 8 | | | 9 | | | | 2 |
| | | | | | | 3 | 6 | |
| | | 7 | | | | 9 | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | 6 | 8 | | | 7 |
| | 2 | | 7 | 1 | | | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| | | | 3 | | | | 5 | 2 |
| | | | | | 7 | 4 | 1 | |
| 8 | | | | | | 9 | | |
| | 3 | | | | 4 | 2 | | |
| | 5 | | 2 | | | | | |
| | | | | | | | | |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** gæti átt von á þrálátum veikindum. Hann ætti að gæta vel að sjálfum sér og ekki vera að vesenast fáklæddur um hvippinn og hvappinn. Áframhaldandi peningalán og lukka munu gleðja hann og um að gera að njóta þess til hins ýtrasta. Happatölur 18, 3, 32.

**Fisknum** hefur enn og aftur fundist að sér vegið og verður, eins og aðrir, að taka þá tilfinningu og gera upp við sig hvort hann ætli að dvelja þar lengi. Fiskurinn hefur tilhneigingu til að kjósa að vorkenna sjálfum sér, en ætti mögulega að fara að breyta því hegðunarmunstri sínu. Happatölur 11, 19, 56.

**Hrúturinn** nýtur nú góðs af útkomu þeirra áskorana sem hann hefur tekist á við og má vera ánægður með sig. Eftir honum er tekið og að honum er dáðst þó hann sjálfur telji sig ekki vera í sviðsljósinu. Hrúturinn ætti enn og aftur að treysta innsæi sínu og trúa á getu sína. Happatölur 24, 66, 82.

**Nautið** siglir nú inn í lygnan straum lífsins og þyrfti að beina huganum að því hvernig það getur sem best styrkt sjálft sig. Endurnæring og endurheimting orku á enn við og ætti nautið að athuga líka hvernig líkamleg styrking hentar því best. Ekki vill það verða að sófakartöflu það sem eftir er. Happatölur 23, 7, 96.

